



Ársskýrsla 2010



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN ÁRSSKÝRSLA 2010

EFNISYFIRLIT

4.....	FRÁ FORSTJÓRA
7.....	STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR
8.....	STARFSMANNAMÁL
9.....	HLUTVERK UMHVERFISSTOFNUNAR
16.....	LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
22.....	HEILSUSKADLEG EFNI OG ÚRGANGUR
32.....	UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
36.....	VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING Náttúru Íslands
50.....	VILLTIR DÝRASTOFNAR
54.....	ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA
60.....	HAF OG VATN
66.....	ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA
72.....	STJÓRNSÝSLA
80.....	UMHVERFISMERKINGAR
84.....	FJÁRMÁL OG REKSTUR



© UMHVERFISSTOFNUN 2011

Ritstjórn: Áki Ármann Jónsson og Kristinn Már Ársælsson

Ljósmyndir:

Kristján Maack

Þorsteinn Jóhannsson

Chas J. Goemans

Jón Björnsson

Hönnun og umbrot: Einar Guðmann

Súlu- og kökurit: Völundur Jónsson

Ljósmynd á forsiðu: Kristján Maack

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Útgáfunúmer: UST-2011:03

Mars 2011



FRÁ FORSTJÓRA

Miklar breytingar voru gerðar á Umhverfisstofnun á árinu 2008: nýtt skipurit tók gildi, nýtt stjórnendateymi tók við og ný stefna var mörkuð til ársins 2012. Nýja skipuritið tók mið af nýjum áherslum, þar á meðal þeirra að efla stjórnáslu stofnunarinnar og upplýsingagjöf til almennings. Stofnuð voru níu teymi til þess að tryggja þverfaglega vinnu og betra upplýsingastreymi innan húss og markvisst hefur verið unnið að því að bæta starfsumhverfi og starfsánægju. Ákveðið var að fá gæðavottun og umhverfsvottun til að bæta þjónustuna og tryggja að verkefnum stofnunarinnar sé sinnt af fagmennsku og ábyrgð. Stofnunin ætlar sér að vera til fyrirmyndar í umhverfisstarfi og setti sér nýja umhverfisstefnu í því skyni. Áhersla var lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila á öllum sviðum stofnunarinnar við ákvarðanatöku.

Nú þegar liðin eru þrjú ár frá því að stefnan var sett er rétt að staldra við og horfa yfir farinn veg.

Stórum áfanga í því að efla miðlun umhverfisupplýsinga verður náð með opnun nýrrar heimasíðu á ársfundi stofnunarinnar 2011. Við settum okkur nýja upplýsingastefnu á árinu 2009 í þeim anda að miðla alltaf frekar meira en minna og ákváðum að auka verulega upplýsingamiðlun til almennings. Upplýsingar á vefsvæði stofnunarinnar voru miðaðar við atvinnulífið og vefsvæðið var komið til ára sinna.

Ljóst var að nauðsynlegt væri að bæta upplýsingar í öllum málaflokkum stofnunarinnar og að þær upplýsingar sem atvinnulífið þyrfti á að halda hentuðu ekki almenningi og öfugt. Því var ákveðið að skipta vefsvæði stofnunarinnar í tvennt, annars vegar með upplýsingum til atvinnulífsins og hins vegar til einstaklinga. Samhliða því hefur stofnunin lagt upp með að ná til fleiri markhópa og má nefna sketsakeppni Svansins fyrir framhaldsskólanema, sem lesa má um í ársskýrslunni.

Rétt er að nefna sérstaklega þrjú málaflokka þar sem miklar breytingar verða á miðlun upplýsinga til almennings á nýja vefsvæðinu. Í fyrsta lagi töldum við mikilvægt að miðla upplýsingum um mengun frá atvinnurekstri en það hefur ekki verið gert áður. Á nýja vefnum verða síður um öll fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með og þar verða birtar eftirlitsskýrslur, allar sértækar mælingar og upplýsingar um þvingunarúrræði. Upplýsingarnar verða aðgengilegar í gegnum Íslandskort þannig að öllum verði auðvelt að fylgjast með þeirri starfsemi sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með, jafnt í sinni heimabyggð sem annars staðar á landinu. Í öðru lagi mun stofnunin stórbæta upplýsingar um friðlýst svæði þar sem verða ítarlegri upplýsingar um svæðin. Myndefni skiptir miklu máli í því sambandi og munum við leggja sérstaka áherslu á það á næstu árum. Í þriðja lagi ber að nefna nýjan flokk sem varðar innkaup og grænan lífstíl. Þar getur fólk nálgast upplýsingar um hættuleg efni í snyrtivörum, vörum fyrir börn og fjölmargt fleira sem snertir heilsuna og umhverfið. Við teljum mikilvægt að veita áreiðanlegar upplýsingar um varasöm efni í vörum og umhverfi þannig að almenningur geti tekið upplýstar ákvarðanir. Fjölmargar aðrar skemmtilegar breytingar verða á nýja vefsvæðinu sem ekki gefst færi á að tíunda hér en ég hvet þig til að kynna þér nánar á umhverfisstofnun.is. Ennfremur fögnum við öllum ábendingum um það hvernig við getum bætt upplýsingamiðlun okkar.

Strax á árinu 2008 var ákveðið að líta á það sem kost fremur en galla að Umhverfisstofnun hefur starfsstöðvar á sjö stöðum á landinu. Tengsl við heimamenn skipta stofnunina miklu máli og vonumst við til þess að styrkja enn frekar starfsemi stofnunarinnar út um allt land. Með það að augnamiði höfum við ákveðið að auglýsa öll störf stofnunarinnar án staðsetningar, það þýðir að nýráðnir starfsmenn geta valið á milli sjö starfsstöðva stofnunarinnar. Þannig stefnum við að því að vera ekki með einmenningisstöðvar út á landi en byggja upp starfsemina þar á breiðum grunni enda skiptir ekki máli hvort eftirlitsmaður með mengandi starfsemi sé á Ísafirði eða í Reykjavík, hann sinnir landinu öllu.

Ákveðið var að hafa samráð að leiðarljósi í starfi stofnunarinnar. Stofnunin hefur reglulegt samráð um Svaninn, um skotveiðar, um friðlýsingar, um stjórn vatnamála, um vöktun, hefur samráð við heilbrigðiseftirlitssvæðin, hún heldur borgarafundi um mengandi starfsemi, akstur utan vega, viðskiptakerfi um gróðurhúsalofttegundir og svo mætti lengi telja. Stundum er samráð skyldubundið en í flestum tilvikum stuðlum við að samráði vegna þess að við teljum það mikilvægt. Við stefnum að því að efla enn frekar samráð og samvinnu, meðal annars með því að senda út fundi beint á vefnum og eftir öðrum gagnvirkum leiðum.

Umhverfisstofnun tók ákvörðun um að bæta eftirlit með mengandi atvinnurekstri. Stofnað var sérstakt eftirlitsteymi sem samræmir eftirlit með atvinnurekstri og framkvæmdum, það hefur sett fram eftirlitsáætlanir og tekið út og samræmt þau úrræði sem stofnunin hefur ef fyrirtæki uppfylla ekki ákvæði starfsleyfis. Miklar breytingar hafa orðið í þessum efnem sem sjá má m.a. í því að þvingunarúrræðum hefur verið beitt mun oftar síðastliðin tvö ár en árin þar á undan. Annað stórt skref er birting eftirlitsskýrslna á netinu en þar gefst almenningi tækifæri á að skoða hvernig fyrirtæki standa sig og er stefnt á að setja upp lista yfir þau fyrirtæki sem standa sig best. Þannig hvetjum við fyrirtæki bæði með jákvæðum og neikvæðum hætti til að standa sig vel. Við væntum þess að sjá áframhaldandi þróun í þessa átt hvað varðar eftirlit.


Umhverfisstofnun setti sér það markmið að fá gæðavottun og umhverfsvottun og var ráðinn gæðastjóri til þess að leiða þá vinnu. Stofnunin sinnir mörgum mikilvægum hlutverkum þar sem miklu máli skiptir að mál séu unnin af fagmennsku og ábyrgð. Einnig skiptir það þá sem stofnunin þjónustar miklu máli að erindum sé svarað fljótt og örugglega. Gæðakerfi stofnunarinnar, sem verður vottað á haustmánuðum 2011, mun tryggja að verk séu unnin í samræmi við samþykkt verkferla og einnig að tiltækar séu upplýsingar um stöðu mála á hverjum tíma sem mun gera okkur kleift að grípa inn í ef eitthvað er ekki eins og það á að vera. Mikið hefur verið fjallað um mikilvægi eftirlitsstofnana frá efnahagshruninu á árinu 2008 og hafa eftirlitsstofnanir tengdar efnahagsmálum fengið auknar fjárheimildir. Eftirlitsstofnanir þurfa að vera í stakk búar til þess að verja almannahagsmuni og náttúruna, annað getur verið samfélaginu dýrkeypt. Huga þarf því jafnframt að rekstrarumhverfi annarra eftirlitsstofnana og tryggja að það sé viðunandi.

mars 2011

Kristín Linda Árnadóttir

SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Þrjú sviðanna eru þverfagleg og vinna náið með sviðum umhverfsgæða og náttúruauðlinda. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðsstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.



UMHVERFISSTOFNUN

STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun hefur sett sér stefnu til fimm ára. Sett eru tíu markmið sem stofnunin mun leggja áherslu á. Markmiðin endurspeglar stefnu og hlutverk stofnunarinnar og gefa um leið vísbendingu um þau málefni sem nauðsynlegt er að unnið sé að á næstu árum. Í ársskýrslunni er farið yfir markmiðin og þá vinnu sem unnin var til að ná þeim.

Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu.
- Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands með sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni, varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda að leiðarljósi.
- Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna.
- Kynna rétt almenningi til að njóta útivistar í náttúrunni og bæta þannig og tryggja lýðheilsu landsmanna.
- Beita vistkerfisnálgun við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi.
- Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.
- Stjórnsýsla stofnunarinnar verði skýr og skilvirk.
- Umhverfismerkingar leiði innkaup almenningi og fyrirtækja.

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

- Forstjóri
- Ársáætlun
- Sérverkefni
- Mannauður
- Starfsmannamál

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

- skiptist í tvær deildir:
- Deild náttúruverndar**
- Skipulagsmál
 - Verndaráætlanir
 - Náttúruverndaráætlun
 - Mat á umhverfisáhrifum
 - Eftirlit með framkvæmdum
 - Umsjón náttúruverndarsvæða
 - Sjálfbóðaliðastörf í náttúruvernd
- Deild lífríkis og veiðistjórnunar**
- CITES
 - Dýravernd
 - Votlendisbókhald
 - Stjórnun veiðistofna
 - Erfðabreyttar lífverur
 - Veiðikort og veiðitölur
 - Líffræðilegur fjölbreytileiki

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

- skiptist í tvær deildir:
- Deild Hollustuverndar**
- Hljóðvist
 - Jarðvegsvand
 - Efni og efnavörur
 - Meðhöndlun úrgangs
 - Hollustuhættir og öryggismál
- Deild Umhverfisverndar**
- Hafgæði
 - Loftgæði
 - Vatnsgæði
 - Loftslagsmál
 - Bráðamengun
 - Fráveitur og skólp
 - Verndun ósonlagsins
 - Losun gróðurhúsalofttegunda
 - Starfsleyfi og mengunareftirlit

SVIÐ FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGA

- Vefir
- Bókasafn
- Námskeið
- Gagnagrunnar
- Umhverfisvísar
- Umhverfismerkingar
- Útgáfu og ímyndarmál
- Fræðslufundur og ráðstefnur

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

- Þingmál
- EES málefni
- Reglugerðir
- Samningagerð
- Alþjóðasamningar
- Umsagnir um kærur
- Lögfræðilegar álitserðir
- Undirbúningur friðlýsinga

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

- Innkaup
- Bókhald
- Skjalavarsla
- Eignaumsýsla
- Kostnaðarmat
- Fjármálastjórnun
- Símsvörun og móttaka



MANNAUÐSMÁL

Fagleg þróun mannaúðsmála er eitt af lykilverkefnum hjá Umhverfisstofnun. Starfsánægjukönnunin „Stofnun ársins“ var lögð fyrir allt starfsfólk öðru sinni og voru niðurstöður hennar m.a. ánægjulegar að því leyti að á meðan flest allar þátttökustofnanir lækkuðu í meðaltali, hækkaði meðaltal Umhverfisstofnunar lítillega frá árinu áður.

Í byrjun árs var verkferill um meðferð mála sem varða einelti og kynferðislega áreitni samþykktur og kynntur. Unnið var í fleiri verkferlum sem varða starfsmannamál og var stjórnendahandbók unnin en hún er nú sérstakur kafli í gæðahandbókinni Gráskinnu. Stjórnendahandbók samanstendur af verkferlum sem snúa að öllum starfsferlum innan stofnunar, allt frá upphafi ráðningarferils til starfsloka.

Töluvert hefur verið unnið í hugmyndum sem snúa að því að gera samstarf og samskipti starfsfólks stofnunarinnar á öllu landinu sem best. Á árinu var gert átak í framkvæmd starfsmannafunda sem haldnir eru reglulega yfir vetrartímann. Allir starfsmannafundir eru nú sendir út í gegnum vefinn, teknir upp á myndband og eru aðgengilegir

í ákveðinn tíma að fundi loknum. Útsendingar af þessu tagi reyna á tillitsemi, ekki síst þeirra sem eru í meirihluta í Reykjavík, og kalla á breyttar áherslur í fundarstjórn.

Sumarið 2010 var lærdómsríkt í starfsmannamálum hjá Umhverfisstofnun. Í maí ákvað ríkisstjórn Íslands að veita fjármagni til sumarstarfa skólafólks og atvinnuleitenda. Hjá Umhverfisstofnun voru fjölmörg störf skilgreind á þremur sviðum og auglýst á vegum Vinnuálastofnunar. 41 starfsmaður var ráðinn til átaksstarfa, flestir til tveggja mánaða, 35 framhalds- og háskólanemar og 6 atvinnuleitendur. Reynsla stofnunarinnar var góð. Verkefnið sem ráðið var til voru fjölbreytt og hefur átaksstarfsfólk markað ánægjuleg spor í starfsemi stofnunarinnar.

Í nóvember var 360° stjórnendamat lagt fyrir allt starfsfólk. Allir stjórnendur með mannaforráð voru metnir af sínum næsta yfirmanni, samstarfsfólki, eigin starfsfólki, nokkrum starfsmönnum á öðru sviði eða deild auk þess sem þeir mátu sjálfa sig. Ekki náðist að kynna matið á árinu og fór öll úrvinnsla þess og eftirfylgni inn í nýtt ár.

STARFSFÓLK UMHVERFISSTOFNUNAR

FORSTJÓRI

Kristín Linda Árnadóttir

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Gylfi Ástbjartsson, sviðsstjóri
 Ástríður Elín Jónsdóttir
 Kristbjörg Bjarnadóttir
 Kristinn Valtýsson
 Kristín Ágústa Björnsdóttir
 Magnea I. Kristinsdóttir
 Stella Aðalsteinsdóttir
 Svanhildur Sigurðardóttir
 Þórey J. Pétursdóttir
 Þórunn E. Karlsdóttir

SVIÐ FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGA

Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri
 Anne Maria Sparf
 Einar Guðmann
 Elva Rakel Jónsdóttir
 Gunnar Steinn Jónsson
 Inga G. Aradóttir
 Jón Örvar Geirsson Jónsson
 Kristinn Már Ársælsson
 Sigurður B. Finnsson
 Sigurður Eyberg Jóhannesson
 Völundur Jónsson

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri
 Guðríður Þorvarðardóttir
 Hrafnhildur Bragadóttir
 Kjartan Ingvarsson
 Kristín Aðalsteinsdóttir
 Svanfríður Dóra Karlsdóttir

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

Hjalti J. Guðmundsson, sviðsstjóri
 Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
 Ásgeir Björnsson
 Bergþóra Kristjánsdóttir
 Bjarni Pálsson
 Björn Stefánsson
 Chas Goemans
 Edda Björk Rögnvaldsdóttir
 Guðbjörg Gunnarsdóttir
 Guðrún Lára Pálmadóttir
 Hildur Vésteinsdóttir
 Jóhann Guttormur Gunnarsson
 Jóhanna Björk Weisshappel
 Jón Björnsson
 Kristín H. Kristjánsdóttir
 Kristín S. Jónsdóttir
 Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir
 Ólafur A. Jónsson
 Sigurður Jónsson
 Steinar Rafn Beck Baldursson

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri
 Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
 Birgitta Íris Birgisdóttir
 Birna Sigrún Hallsdóttir
 Björn Gunnlaugsson
 Brynja Jóhannsdóttir
 Gísli Jónsson
 Gottskálf Friðgeirsson
 Guðmundur B. Ingvarsson
 Hans H. Hansen
 Haukur R Magnússon
 Heiðrún Guðmundsdóttir
 Kristín Harðardóttir
 Kristján Geirsson
 Niels Br. Jónsson
 Ólafur Kristinn Tryggvason
 Ragnhildur G. Finnbjörnsdóttir
 Sigríður Kristjánsdóttir
 Sigrún Guðmundsdóttir
 Sigurður Ingason
 Sigurrós Friðriksdóttir
 Þorsteinn Jóhannsson

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Helgi Jensson
 Sigrún Valgarðsdóttir
 Sigurbjörg Gísladóttir

HLUTVERK

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90 / 2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsjón og rekstur á friðlýstra svæða og þjóðgarðs
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála
- Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál
- Umsjón með umhverfisluta EES- samningsins
- Gerð reglugerða
- Leiðbeiningar til annarra opinberra aðila s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja
- Umsagnir vegna m.a. mats á umhverfisáhrifum og skipulags
- Friðlýsing nýrra svæða í samræmi við Náttúruverndaráætlun
- Umsagnir um kærur
- Önnur störf samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðuneytis

GÆÐAKERFI

Sérfræðingar stofnunarinnar bera hitann og þungann af fjölmörgum verkefnum og bera jafnvel einir ábyrgð á verkefnum sem heilar deildir sjá um í þeim löndum sem við berum okkur saman við

Starfsemi Umhverfisstofnunar er margþætt og krefst mikillar sérþekkingar starfsmanna. Kröfur eru gerðar um skjóta, örugga og faglega úrlausn á erindum sem berast stofnuninni sem mörg hver eru flókin, tengjast mörgum málaflokkum, lögum og reglugerðum. Sérfræðingar stofnunarinnar bera hitann og þungann af fjölmörgum verkefnum og bera jafnvel einir ábyrgð á verkefnum sem heilar deildir sjá um í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Því er enn ríkari áhersla lögð á heildstæða nálgun og vandaða ákvarðanatöku þar sem tryggt er að fleiri komi að þegar málin eru flóknari. Til að auka skilvirkni og ná fram markmiðum stofnunarinnar er mikilvægt að innleiða skilvirkt stjórnkerfi. Árangur af innleiðingu stjórnkerfis hefst við greiningu ferla. Í ferlagreiningu skýrast ekki bara samlegðaráhrif, þ.e. hvernig við getum einfaldað og samræmt vinnubrögð, heldur skýrist hvernig ein starfsemi getur haft áhrif á þá næstu; eitt verkefni haft áhrif á það næsta. Betra yfirlit fæst um starfsemina, hvar flækjustigin liggja, hvernig samspil verkefna starfsmanna er og ekki síst hvar ábyrgð á ákveðnum verkliðum liggur. Það er því mikilvægur árangur sem fæst með greiningu ferla þar sem stjórnendur fá betri yfirsýn yfir hvernig verkefni eru leyst, starfsmaður fær skýrari mynd af þeim áhrifaþáttum sem liggja í hans starfi og hvernig þeir eru í samspieli við heildina. Gott dæmi um þetta eru tengsl leyfisveitinga og eftirlits.

Gefin var út ný umhverfisstefna fyrir innri starfsemi stofnunarinnar á árinu

Eftirlitsskylda stofnunarinnar er víðfeðm og getur náð allt frá almennu eftirliti með náttúru landsins til eftirlits með ákveðnum framkvæmdum eða starfsemi sem er leyfissskyld. Í stjórnkerfi stofnunarinnar má sjá hvernig eftirlitið er útfært. Að lágmarki verður að vera tryggt að hver leyfisveiting endi í skilgreindu eftirlitsferli. Gefinn var út verkferill á árinu um eftirlit með mengandi starfsemi og um notkun erfðabreyttar lífvera. Ferillinn skýrir vinnu við reglubundið eftirlit sem eru skipulögð í eftirlitsáætlun ár hvert þar sem tryggt er að öll eftirlitsskyld starfsemi sem heyrir undir stofnunina sé undir eftirliti. Skil milli ábyrgðar eftirlits og þvingunarúrreka eru nú skýrari og birtist t.d. í því að ábyrgð er færð frá eftirlitsmanni þegar til þvingunarúrreka kemur. Athugasemdir sem gerðar eru í eftirliti eru nú samræmdari og flokkast í minniháttar og meiriháttar athugasemdir. Öllum meiriháttar athugasemdum verður fylgt eftir formlega. Allar eftirlitsskýrslur verða síðan birtar á nýrri heimasíðu stofnunarinnar sem er m.a. ætlað að tryggja góða upplýsingagjöf til almennings.

Í upphafi gæðavinnu var lögð rík áhersla á viðskiptavini stofnunarinnar með greiningarvinnu á kröfum þeirra og þjónustu stofnunarinnar. Í framhaldi



hefur verið innleitt ábendingakerfi hjá stofnuninni sem er dýrmæt uppspretta bættar þjónustu til almennings. Af heimasíðu stofnunarinnar gefst almenningi tækifæri á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Umhverfisstofnun lítur á ábendingar sem kærkomna aðstoð til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Allar ábendingar sem berast stofnuninni fá skýran farveg og leitast er við að vinna að skjótri úrlausn. Í vissum tilfellum geta ábendingar leitt af sér stærri umbótaverkefni.

Umhverfisstofnun gaf út nýja umhverfisstefnu á árinu. Hún markar stefnu stofnunarinnar í umhverfismálum, þ.e.a.s. fyrir innri starfsemi stofnunarinnar. Í innleiðingu er umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 sem er ætlað að framfylgja stefnunni og minnka neikvæð umhverfisáhrif sem hljótast af starfseminni. Stofnunin hefur greint umhverfisþætti starfseminnar, umhverfisáhrif þeirra og hefur sett sér markmið fyrir árið. Stofnaður hefur verið umhverfishópur sem sér um grænt bókhald sem er birt árlega á heimasíðu stofnunarinnar.

Reynslan sýnir að óvottuð gæðakerfi hafa tilhneigingu til að hnigna og missa tilskilda virkni. Það hefur því verið ljóst frá ákvörðun um innleiðingu stjórnkerfis að fenginn yrði óháður og viðurkenndur vottunaraðili til að votta bæði gæðastjórnunarkerfið samkvæmt ISO 9001 staðli og einnig umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001. Umhverfisstofnun leitaði tilboða til nokkurra vottunarstofa, bæði innlendra og erlendra, til að framkvæma ytri úttekt á báðum kerfunum. Meginviðmiðið sem lá til grundvallar á vali var verð og að vottunarstofan væri með alþjóðlega viðurkenningu. Áformað er að vottunarferlið hefjist vorið 2011 og verði lokið þá um haustið.

ÁRSÁÆTLUN 2010

Á árinu 2008 markaði Umhverfisstofnun stefnu sína fram til ársins 2012 og eru í henni tiltekin tíu meginmarkmið sem stofnunin mun vinna að. Til þess að tryggja að markmið stefnunnar náist vinnur Umhverfisstofnun ársáætlun fyrir komandi rekstrarár. Ársáætlun ársins 2010 skiptist í verkefnaáætlun og rekstraráætlun.

Rekstraráætlun stofnunarinnar gerði ráð fyrir miklu aðhaldi í rekstri en jafnframt að aðhaldsaðgerðir byggji á grænum sjónarmiðum. Til að tryggja það innleiddi stofnunin vistvæn innkaup hjá stofnuninni og hefur jafnframt í samstarfi Ríkiskaup boðið upp á fræðslu við innleiðingu vistvænna innkaupa til annarra ríkisstofnana. Til að tryggja að stofnunin sé innan rekstraráætlunar eru haldnir mánaðarlegir fundir þar sem farið er yfir tekjur og gjöld síðasta mánaðar með forstjóra. Sérstök áhersla var lögð á að fylgjast með innheimtu sértekna og ríkistekna..

Verkefnaáætlun stofnunarinnar skiptist í tvo hluta. Annars vegar áætlun um fjölda þeirra verkefna sem teljast til reglubundinna verkefna og hins vegar verkáætlun, þar sem tiltekin voru 84 verkefni sem

stofnunin vann að á árinu 2010. Jafnframt var gefið yfirlit yfir áhersluverkefni á árinu. Áætlanir um reglubundin verkefni stóðust nokkuð vel.

Verkefnaáætlun stofnunarinnar var mjög metnaðarfull. Samtals var lagt af stað með yfir 84 verkefni og tókst að ljúka 56 þeirra á árinu, 17 verkefni eru langt komin og ljóst að flestum þeirra muni ljúka á fyrri hluta ársins 2010. Ekki tókst að hefja vinnu við 2 verkefni og 9 verkefni eru á undirbúningsstigi. Rétt er að taka fram að í mörgum tilvikum var ekki hægt að ljúka verkefnum t.d. vegna þess að ný lög höfðu ekki tekið gildi. Ábyrgð á verkefnum var skipt á niður á svið stofnunarinnar. Var ákveðið strax í upphafi á hvaða ársfjórðungi gert væri ráð fyrir að byrjað yrði á hverju verkefni og síðan var farið yfir stöðuna á mánaðarlegum fundum.

Markmið verkefnaáætlunar er að gera á skýran hátt grein fyrir þeim meginverkefnum sem stofnunin áætla að vinna að á árinu og tengja þannig saman með skýrum hætti verkefni stofnunarinnar og þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru. Jafnframt er þetta tæki til þess að samræma forgangsörðun verkefna milli Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytis. Í ársskýrslu er farið yfir verkefni ársins úr ársáætlun 2010.

Rekstraráætlun stofnunarinnar gerði ráð fyrir miklu aðhaldi í rekstri en jafnframt að aðhaldsaðgerðir byggji á grænum sjónarmiðum

MARKMIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR Í UMHVERFISMÁLUM

- Innkaup stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta verða valin umfram aðrar.
- Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar á samgöngutækjum á vegum Umhverfisstofnunar verði lágmarkuð. Notkun á hráefnum, orku og vatni sömuleiðis. Árlega verður birt endurskoðað grænt bókhald stofnunarinnar á heimasíðunni.
- Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar.
- Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.
- Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði aukin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænan lífsstíl.

UMHVERFISSTEFNAN



Stefna Umhverfisstofnunar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðið er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi stofnunarinnar. Stofnunin mun leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvarðanatöku sinni og þjónustu.

Umhverfisstofnun mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi í allri starfseminni.

Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14 001.

Staða verkefna ársins 2010 samkvæmt verkþókhaldi. Tölur sýna fjölda verkefna.



INNLEIÐING VERKBÓKHALDS

Þann 1. janúar tók stofnunin upp verkþókhald sem er liður í innleiðingu á gæðakerfi stofnunarinnar. Verkbókhald er mikilvægt tæki fyrir stjórnendur til að fá betri yfirsýn og raunsæja mynd af þeim tíma sem fer í verkefni stofnunarinnar. Bein gjaldtaka er fyrir mörg verkefni og því nauðsynlegt að hafa upplýsingar um tímaskráningu til viðmiðunar fyrir gjaldskrá. Einnig er verkþókhald mikilvægt fyrir starfsmenn sem fá yfirlit yfir vinnu sína.

Skemmst er frá að segja að innleiðingin hefur gengið mjög vel og nú liggur fyrir heildstætt yfirlit yfir

verkbókahald síðasta árs. Lagt var upp með að hafa sem einfaldasta skráningu enda var ætlunin að ná utan um alla starfsemi Umhverfisstofnunar í stórum dráttum. Lögð var áhersla á sérstaklega nákvæma tímaskráningu á sumum liðum eins og sérstökum átaksverkefnum og þeim þar sem tekið er gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar. Tímarnir skiptast á milli 112 verknúmera en einnig er hægt að draga fram einstaka sameiginlega liði þvert á verknúmerin s.s. fræðslumál og EES-mál.

Verkbókhaldið hefur nú þegar sannað gildi sitt og rennt styrkari stoðum undir gjaldtöku og áætlanagerð vegna nýrra verkefna.

Í meðfylgjandi kökuriti má sjá hvernig skiptingin er milli einstakra verkhluta vegna Svansverkefnisins.

GÆÐASTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

- Stefna Umhverfisstofnunar í gæðamálum er að veita úrvalþjónustu og beita heildstæðri nálgun í öllu sínu starfi
- Rík áhersla er lögð á **ábyrga** og vandaða ákvarðanatöku og að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina

stofnunarinnar. Unnið verði eftir skýrum og skilvirkum ferlum sem hafi einfalt viðmót. Stefnt er að auknu samstarfi við önnur stjórnvöld í þágu einföldunar og til að tryggja gæði þjónustunnar

- Umhverfisstofnun byggir starfsemi sína á **faglegum** styrk. Tekið er á málefnum sem berast af fjölbreyttri og víðtækri þekkingu

- Áhersla er lögð á að stofnunin njóti **trausts**
- Umhverfisstofnun vinnur að stöðugum umbótum á starfsemi sinni og stefnir að því að vera leiðandi í gæðamálum
- Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001



TEYMI UMHVERFISSTOFNUNAR

Markmið teyma Umhverfisstofnunar eru margvísleg en að grunni til tvenns konar. Annars vegar að tryggja þverfaglega vinnu og upplýsingastreymi í málaflokknum milli sviða og innan sviðs. Hins vegar að nýta þekkingu stofnunarinnar sem best við lausn verkefna og stefnumótun, stuðla að gagnkvæmu upplýsingastreymi og samræmi í úrlausnum við á sviði viðkomandi teymis. Samræmi í úrlausnum er meðal þess sem vænst er af teymisvinnu. Teymin eiga að miðla reynslu starfsmanna stofnunarinnar þeirra í milli.

Um mitt ár 2010 var gert heildstætt mat á virkni teymanna og hvað mætti bæta. Nýir teymisstjórar voru skipaðir á árinu í stað þeirra sem höfðu stýrt þeim undanfarna 18 mánuði og bera þeir ábyrgð á að kalla til fundar og skipuleggja starf teymanna. Teymistjórar funda reglulega með forstjóra þar sem farið er yfir starfið, hvað gangi vel og hvað miður.

EFTIRLITSTEYMI Kjartan Ingvarsson

Vinnur að samræmdri eftirlitsáætlun, samræmingu þ.á.m. eftirlitsskýrslna og þvingunarúrræða og fer yfir fjölda

áminninga og dagsekta til að fá yfirsýn yfir stöðu mála.

FRAMKVÆMDATEYMI Kristinn Valtýsson

Skoðar verndarráðstafanir á friðlýstum svæðum, vinnur tillögu að framkvæmdaáætlun, tillögu að valista yfir svæði í mestri hættu og tillögur að verkefnum sjálfbóðaliða á friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar.

GAGNASKILATEYMI Gunnar Steinn Jónsson

Framkvæmir úttekt á gagnagrunnum Umhverfisstofnunar, metur þörf og öryggi gagnagrunna, vinnur úttekt á meðferð gagna, gagnaskýrslur, birtingu og aðgengi að gögnum. Tillaga að stefnumörkun í gagnamálum og gagnaskilum.

HAF- OG VATNSTEYMI Heiðrún Guðmundsdóttir

Vinnuáætlun vegna haftilskipunar, gera kynningaráætlun fyrir haf- og vatnsmál og gera drög að viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar vegna bráðamengun hafs og stranda.

NÁTTÚRUAUÐLINDATEYMI Hildur Vésteinsdóttir

Innleiðing náttúruverndaráætlunar, Evrópsk löggjöf um náttúruvernd, úttekt á eftirlitsþörf með veiðum og ágengar framandi tegundir.

LOFTMENGUNARTEYMI Þorsteinn Jóhannsson

Kynningaráætlun fyrir loftgæði og loftslagsmál, eftirfylgni með landsáætlun um loftgæði og aðkoma að gæðamálum sem tengjast loftmengun.

NEYTENDATEYMI Bergþóra Skúladóttir

Vefsvæði um neytendamál, fyrirspurnarform á heimasíðu og vinna að átaksverkefni til að kynna ýmis umhverfis- og varúðarmerki fyrir almenningi.

ÚRGANGSTEYMI Guðmundur Ingvarsson

Yfirlit um flutning úrgangs, eftirfylgni með landsáætlun um úrgang og kynningaráætlun um úrgangslausun og leiðir til þess að draga úr henni.

UMHVERFISMATSTEYMI Birna Guttormsdóttir

Fjallar um umsagnir á MÁU, úttekt á málshraða vegna afgreiðlu mála (tvisvar á ári) og útbýr gátlista til að fara yfir mat á umhverfisáhrifum.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA Á ÍSLANDI



LOSUN GRÓÐURHÚSA- LOFTTEGUNDA

IÐNAÐUR SEM FELLUR UNDIR ETS-KERFIÐ FRÁ OG MEÐ
2013 ÞARF AÐ SÆKJA UM SVOKÖLLUÐ LOSUNARLEYFI
TIL STJÓRNVALDA OG SAMKVÆMT TILSKIPUNINNI BER AÐ
AFGREIÐA ÞAU FYRIR 30. JÚNÍ 2011

Loftslagsvæn þróunaraðstoð

Samkvæmt Kyoto-bókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál hafa þróuð ríki heims tekið á sig skuldbindingar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu koldíoxíðs. Það hefur hins vegar farið minna fyrir því að sett hefur verið laggirnar kerfi sem miðar að því að þróuð ríki geti í samstarfi við þróunarlönd unnið að loftslagsvænum verkefnum sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þróunarríkjum. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum geta þróuð ríki bókfært þennan loftslagshagnað í formi losunarheimilda. Markmiðið með kerfinu er að allir hagnist, ekki síst loftslagið, með hnattrænum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Verkefni þetta gengur undir nafninu „Clean Development Mechanism“ (CDM) og hefur verið kallað „loftslagsvæn þróunaraðstoð“.

Að beiðni umhverfisráðuneytisins hefur Umhverfisstofnun bæði safnað saman upplýsingum um kröfur sem ríki og einkageiri þurfa að uppfylla í því skyni að taka þátt í slíkum verkefnum og undirbúið stofnun landsskrifstofu loftslagsmála sem ætlað er að haldi utan um verkefnið. Niðurstöðu könnunar hefur verið skilað til ráðuneytisins til frekari afgreiðslu og ákvarðana um framhald og framkvæmdir.

Hugmyndin á bak við verkefnið var m.a. að undirbúa og kanna möguleika til notkunar á heimildum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS). Í lok árs 2010 komst hins vegar upp um víðtækt svindl innan ETS-kerfisins, m.a. í kringum ákveðna loftslagsvæna þróunaraðstoð. Sem stendur er verkefnið í biðstöðu. Það horfir því báglega um framtíð hugmyndarinnar, a.m.k. innan ETS. Ef um hægist, og ef ákvörðun verður tekin um að vinna að loftslagsvænni þróunaraðstoð, hefur grunnvinnan verið unnin og okkur er ekkert að vanbúnaði.

Viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir

Ísland varð formlega þátttakandi í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU Emissions Trading Scheme, ETS) árið 2007 þegar tilskipun 2003/87/EB og tengdar gerðir voru teknar upp í EES-samninginn. Nær engin starfsemi hér á landi féll undir gildissvið viðskiptakerfisins á þessum tíma og var Ísland því að mestu leyti undanþegið kröfum tilskipunarinnar og hafa reglur viðskiptakerfisins af þessum sökum ekki verið innleiddar í íslensk lög.

Á undanförunum misserum hafa talsverðar breytingar orðið á reglum um viðskiptakerfið og hefur gildissvið þess m.a. verið rýmkað á þann hátt að það tekur til losunar frá flugstarfsemi frá 1. janúar 2012 og frá 1. janúar 2013 bætist m.a. ýmiss konar iðnaðarstarfsemi við kerfið, þ.a.m. álframleiðsla og járnblend. Forsendur fyrir framangreindri undanþágu Íslands eru því ekki lengur fyrir hendi. Nú er unnið að upptöku nýrra reglna ESB um viðskiptakerfið í EES-samninginn auk þess sem innleiðing eldri reglna í íslenska löggjöf stendur fyrir dyrum. Má segja að kerfið muni „virkjast“ í heild sinni 1. janúar 2012 þegar fyrirtæki sem stunda flugstarfsemi hér á landi verða háð losunarheimildum en það verður í fyrsta skipti sem fyrirtæki á Íslandi heyra undir kerfið.

Raunar er þegar hafin vinna við framkvæmd tilskipunarinnar hjá stjórnvöldum og atvinnulífi þar sem tilskipunin gerir ráð fyrir umtalsverðum undirbúningi að þessari formlegu gangsetningu kerfisins. Hinar nýju reglur fela í sér talsverðar breytingar á réttarumhverfi fyrirtækja sem heyra munu undir viðskiptakerfið hér á landi. Auk þess hafa reglurnar í för með sér miklar breytingar á starfsemi stjórnvalda í þessum málaflokki og auka mjög við verkefni Umhverfisstofnunar frá því sem er samkvæmt lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda.

Á árinu 2010 hefur á Umhverfisstofnun farið fram margvísleg vinna til undirbúnings innleiðingar ETS,



ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2010


1. Carbon Recycling International. Heimild til að reka verksmiðju þar sem 10 tonn af metanóli eru framleidd á dag úr koldíoxíði. Gefið út 29. janúar 2010.
2. Norðurskel hf, Hrísey. Heimild til að rækta krækling og til lirlusöfnunar í Eyjafirði. Starfsleyfið nær til fjögurra skilgreindra svæða í Eyjafirði. Framleiðslan má nema allt að 1000 tonnum á ári, þar sem um 200 tonn verða á formi lirla. Gefið út 15. apríl 2010.
3. HB Grandi, Vopnafirði. Heimild til að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi í verksmiðjunni. Hámarksafköst verksmiðjunnar eru miðuð við að framleitt verði úr 850 tonnum af hráefni á sólarhring. Starfsleyfið gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis. Gefið út 29. apríl 2010
4. Urðunarstaður Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Heimilt er að urða allt að 80 tonn af flokkuðum úrgangi á ári. Gefið út 1. júní 2010.
5. Skinney Pinganes. Heimild til að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi, auk framleiðslu á meltu frá

hraðfrystihúsi rekstraraðila. Hámarksafköst verksmiðjunnar miðast við að framleitt verði úr 900 tonnum af hráefni á sólarhring. Gefið út 10. júní 2010.

6. Nesskel. Heimild til kræklingaræktar og lirlusöfnunar í Hvammsfirði og Króksfirði. Framleiðslan má nema allt að 1000 tonnum á ári, þar sem um 200 tonn verða á formi lirla. Gefið út 20. september 2010.
7. Alcoa Fjarðarál. Heimild til framleiðslu á allt að 360.000 tonn af áli á ári í kerskálum álversins, auk reksturs tilheyrandi málmsteypu, ker- og skautsmiðju, tímabundinna geymslusvæða fyrir eigin framleiðsluúrgang og þjónustu fyrir eigin starfsemi. Gefið út 8. nóvember 2010.
8. Móttökustöð Hringrásar hf, Akureyri. Heimild til að taka á móti allt að 3900 tonnum af málm, hjólbörðum og spilliefnum á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, pökkunar og geymslu. Gefið út 18. nóvember 2010.
9. Urðunarstaður Norðurár bs. við Stekkjarvík, í landi Sölvabakka, Blönduóssbæ. Heimild til að taka á móti allt að 21.000 tonnum af almennum og óvirkum úrgangi á ári til urðunar. Einnig er veitt heimild fyrir að setja upp olíugeymi og þvottaaðstöðu fyrir bifreiðir og vinnuvélar sem notaðar eru á urðunarstaðnum. Gefið út 26. nóvember 2010.

Á FYRSTA SKULDBINDINGARTÍMABILI KÝÓTÓ-BÓKUNARINNAR FRÁ 2008 TIL 2012 NEMA LOSUNARHEIMILDIR ÍSLANDS RÚMLEGA 18,5 MILLJÓNUM TONNA CO₂-ÍGILDA.

Losun gróðurhúsalofttegunda árið 2008



Íðnaður sem fellur undir ETS-kerfið frá og með 2013 þarf að sækja um svokölluð losunarleyfi til stjórnvalda og samkvæmt tilskipuninni ber að afgreiða þau fyrir 30. júní 2011

Frá og með 2012 verður sett upp eitt samræmt og miðlægt skráningarkerfi

þ.m.t. skoðun og mat á fjölda ESB-gerða, haldnir hafa verið upplýsinga- og samráðsfundir með atvinnulífi og hagsmunaaðilum, og margvísleg ráðgjöf verið veitt bæði fulltrúum atvinnulífs og starfsmönnum ráðuneytis ásamt þátttöku í undirbúningsstarfi ESB. Þar sem Ísland var að miklu leyti undanþegið ákvæðum ETS tilskipunarinnar er margt enn ófrágengið sem lýtur að kerfinu, þ.m.t. rekstur viðskiptakerfis og umgjörð staðfestingar á upplýsingum um losun en hvort tveggja hefur verið keyrt í öðrum ríkjum EES í 5-7 ár.

Úthlutun ókeypiss losunarheimilda til flugstarfsemi byggist á gögnum sem flugrekstraraðilar söfnuðu á árinu 2010 í samræmi við vöktunar- og eftirlitsáætlun sem þeir skiluðu til stjórnvalda ábyrgðarríkis í árslok 2009, hér á landi til Umhverfisstofnunar. Íslenskir flugrekstraraðilar sem fljúga til ríkja ESB skiluðu hins vegar sínum áætlunum til ábyrgðarríkja innan ESB þar sem ákvæði tilskipunarinnar voru ekki komin inn í EES-samninginn. Árið 2010 var unnið að innleiðingu flugtilskipunarinnar og veitti Umhverfisstofnun aðstoð við þá vinnu. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum bendir margt til þess að á annað hundrað erlendir flugrekstraraðilar, skráðir utan EES svæðisins, verði færðir undir íslenska umsjón í ETS-kerfinu og hefur Umhverfisstofnun fylgst grannt með þróun þessara mála.

Íðnaður sem fellur undir ETS-kerfið frá og með 2013 þarf að sækja um svokölluð losunarleyfi til stjórnvalda og samkvæmt tilskipuninni ber að afgreiða þau fyrir 30. júní 2011. Þrátt fyrir að stuttur tími sé til stefnu er enn unnið að útfærslu reglna og viðmiðana hjá ESB. Á árinu 2010 var á Umhverfisstofnun unnið að undirbúningi þessa kerfis og fylgst með þróun mála hjá ESB.

Eitt af einkennum þeirra breytinga sem verða á ETS-kerfinu er umtalsverð miðstýring þar sem framkvæmdastjórn ESB (og sameiginlegu EES-nefndinni) er falið mun viðameira hlutverk og aðkoma en áður. Einn þáttur í þeirri þróun er að frá og með 2012 verður sett upp eitt samræmt og miðlægt skráningarkerfi en nú reka ETS-ríkin sín eigin kerfi þótt þau „tali saman“ um miðlægan grunn. Enn fremur er gert ráð fyrir sameiginlegu uppboðskerfi á losunarheimildum í eigu ríkja. Þessar breytingar hafa mikil áhrif á uppbyggingu kerfa í ríkjum og hefur Umhverfisstofnun kannað leiðir í þeim efnunum og skilað umhverfisráðuneytinu tillögum þar að lútandi.

Úttekt á losunarbókhalði

Ár hvert ber iðnríkjum sem eru aðilar að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) að skila ítarlegum upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu þeirra, sem og um þróun og horfur á að ríkin standist skuldbindingar sínar skv. samningnum og Kyoto-bókuninni. Skýrslur ríkjanna eru ítarlega yfirfarnar af sérstökum úttektarteymum sem skrifstofa samningsins tilnefni. Teymin skila svo skýrslum um helstu niðurstöður úr úttekt á bókhalðinu ásamt tillögum að úrbótum sem þurfa þykir.

Árið 2010 áttu Íslendingar fulltrúa í úttektarteymi UNFCCC en þá vann sérfræðingur Umhverfisstofnunar við úttekt á losunarbókhalði fjögurra ríkja. Þetta er í þriðja sinn sem starfsmaður Umhverfisstofnunar sinnir þessu verkefni. Úttektin var unnin í höfuðstöðvum samningsins í Bonn og tók um viku.

Losunarheimildir og losun gróðurhúsalofttegunda

Ísland er skuldbundið til þess að halda sig innan tiltekinna marka varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar frá 2008 til 2012 nema losunarheimildir Íslands rúmlega 18,5 milljónum tonna CO₂-ígilda. Þetta jafngildir því að árleg losun skuli að meðaltali nema um 3,7 milljónum tonna. Samkvæmt sérstakri ákvörðun (14/CP.7) er Íslandi þó heimilt að halda losun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvera utan við losunarskuldbindingar sínar eftir að losunarheimildir hafa verið fullnýttar, falli sú losun undir skilyrði ákvörðunarinnar. Heildarmagnið sem halda má utan við losunarheimildirnar nemur samtals 8 milljónum tonna frá 2008 til 2012, eða að meðaltali 1,6 milljónum tonna á ári.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2008 var 4,8 milljónir tonna CO₂-ígilda og jókst um 8% frá árinu 2007. Þar af falla 1,1 milljónir tonna undir íslenska ákvæðið. Losun að undanskilinni þeirri losun sem fellur undir íslenska ákvæðið var því samtals rúmlega 3,7 milljónir tonna. Fyrirfram var búist við því að útstreymi árið 2008 yrði mikið vegna þess að framleiðsla myndi stórukast hjá Fjarðaáli, sem gangsett var árið 2007.

Ef litið er til losunar eftir tegund starfsemi hérlandis kemur í ljós að tvær uppsprettur eru langstærstar, með um tvoþriðju hluta af heildarlosun árið 2008. Þær eru losun vegna iðnaðar og efnanotkunar, samtals 47%, og vegna samgangna, 20%.

Árið 2010 var unnið að innleiðingu flugtilskipunarinnar og veitti Umhverfisstofnun aðstoð við þá vinnu





UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

**DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKAÐLEGRA
EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG
UMHVERFINU**



HEILSUSKAÐLEG EFNI OG ÚRGANGUR

MEÐ AUKINNI NÝTINGU JARÐHITA Á ÍSLANDI
SÍÐUSTU ÁR HEFUR LOSUN BRENNISTEINSVETNIS
ÚT Í ANDRÚMSLOFTIÐ AUKIST



Heilsuverndarmörk fyrir brennisteinsvetni

Reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti

Í júní 2010 setti umhverfisstofnun reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Markmið reglugerðarinnar er að lágmarka loftmengun af völdum brennisteinsvetnis, setja umhverfismörk fyrir styrk þess í andrúmslofti sem miða að því að fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í heild, tryggja nægilegar mælingar á styrk brennisteinsvetnis og miðla upplýsingum til almennings þar um.

Farið var í eftirlit í um 1600 fyrirtæki í 25 löndum á evrópska efnahagssvæðinu, þar af í 11 fyrirtæki á Íslandi vegna REACH-reglugerðarinnar

Með reglugerðinni eru í fyrsta skipti sett heilsuverndarmörk fyrir brennisteinsvetni og eru þau miðuð við 50 míkrogrömm í rúmmetra að meðaltali yfir 24 klukkustunda tímabil. Gefið er ákveðið aðlögunartímabil þannig að leyfilegt verður að fara 5 sinnum á ári yfir þessi mörk en eftir 1. júlí 2014 verður það ekki lengur leyfilegt. Þá er kveðið á um skyldur til að hamlar gegn loftmengun af völdum brennisteinsvetnis og um miðlun upplýsinga og tilkynninga til almennings þegar vart verður við aukinn styrk þess. Almenningsur skal þannig upplýstur ef styrkur brennisteinsvetnis mælist yfir 150 µg/m³ samfelld í þrjár klukkustundir.

Með aukinni nýtingu jarðhita á Íslandi síðustu ár hefur losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloftið aukist. Losun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum mælist nú þegar í tugþúsundum tonna á ári og er orðinn langstærsti hlutinn af losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloftið frá Íslandi. Brennisteinsvetni getur haft áhrif á gróður, mannvirki og heilsu fólks og því þótti nauðsynlegt að setja reglur um leyfilegan styrk þess í andrúmslofti. Eftir að nýting jarðhita var aukin á Hellisheiðarsvæðinu fyrir fáum árum hefur mælst mun meiri styrkur brennisteinsvetnis í Reykjavík. Síðustu misseri hefur verið nokkuð um kvartanir á höfuðborgarsvæðinu þegar fólk hefur fundið fyrir óþægindum vegna sterkar lyktar af brennisteinsvetni.


REACH-reglugerðin

Iðnaðarframleiðsla á efnum og efnavörum í heiminum er umfangsmikil og vex stöðugt. Efni geta haft hættulega eiginleika og til að vernda heilsu manna og umhverfi þarf efnaiðnaðurinn að lúta ákveðnum lögum og reglum. Eftirlit er mikilvægur þáttur í REACH-reglugerðinni og var fyrsta samræmda eftirlitsverkefnið unnið árið 2010. Farið var í eftirlit í um 1600 fyrirtæki í 25 löndum á evrópska efnahagssvæðinu, þar af í 11 fyrirtæki á Íslandi. Könnuð var forskráning eða skráning efna og athugað hvort öryggisblöð uppfylltu kröfur REACH. Niðurstöður leiddu í ljós að eingöngu 38 fyrirtæki á evrópska efnahagssvæðinu brutu gegn ákvæðum um forskráningu eða skráningu og 293 gegn ákvæðum um öryggisblöð.

Markmið þessa verkefnis var m.a. að meta hvort framleiðendur og innflytjendur efna á evrópska efnahagssvæðinu færu eftir ákvæðum REACH-reglugerðarinnar. Auk þess var unnið að vitundarvakningu um REACH bæði hjá iðnaði og almenningsi.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd REACH hér á landi og vann eftirlitsverkefnið í samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Ellefu fyrirtæki voru heimsótt og voru flest þeirra meðvituð um skyldur sínar gagnvart REACH. Ef athugasemdir voru gerðar við öryggisblöð brugðust flest fyrirtækin fljótt við og gerðu á þeim úrbætur og þurfti hvergi að beita þvingunarræðum. Almennu voru fyrirtækin ánægð með eftirlitið og það að fá tækifæri til að fræðast frekar um skyldur sínar. Þann 15. október sl. var innleidd hér á landi önnur breyting á REACH reglugerðinni. Með henni var m.a. innleidd gjaldskrá fyrir skráningu efna til Efnastofnunar Evrópu.

Gefinn er frestur til að skrá efni og er skráningarfrestur á þremur mismunandi tímum í REACH-reglugerðinni,



Útstreymi díoxíns og PAH frá 1990 til 2008.

þ.e. 30. nóvember 2010, 1. júní 2013 og 1. júní 2018. Því lauk fyrsta skráningarfresti á árinu og tók hann til hættulegustu efnanna og þeirra efna sem eru framleidd eða flutt inn í 1000 tonnum á ári eða meira. Efnastofnun Evrópu tekur við skráningum efna og þann 30. nóvember sl. höfðu 24.675 skráningarskýrslur borist fyrir um 4300 efni. Íslensk fyrirtæki eru í hópi skráningaraðila.

Útstreymi þrávirkra lífrænna efna í andrúmsloft

Umhverfisstofnun metur árlega útstreymi þrávirkra lífrænna efna (díoxíns og PAH) og sendir til samnings um loftmengun sem berst langar leiðri milli landa (LRTAP). Helstu niðurstöður og aðferðir við útreikninga eru birtar í skýrslu, sem er á ensku. Skýrsluna er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Myndin sýnir þróun í útstreymi díoxíns og PAH frá 1990 til 2008. Heildarútstreymi díoxíns hefur

minnkað úr 11,3 g I-TEQ árið 1990 í 3,9 g árið 2008, eða um 66%. Minnkunin stafar að langmestu leyti af minna útstreymi díoxíns frá sorpbrennslu. Frá 1990 hefur magn brennds úrgangs minnkað talsvert og eins hefur opinni brennslu úrgangs nú nánast verið útrýmt. Enn eru þó starfandi brennslustöðvar með lítilli stýringu og litlum eða jafnvel engum mengunarvarnabúnaði og er díoxínútstreymi frá þeim talsvert. Útstreymi díoxíns frá fiskiskipaflotanum er talsvert en útstreymi díoxíns vegna eldsneytisbrennslu úti á sjó þar sem brennsluoftið inniheldur salt (klór) er mun meira en vegna eldsneytisbrennslu í landi.

Útstreymi PAH4 hefur aukist úr tæpum 53,5 kg árið 1990 upp í 90,8 kg árið 2008. Þessa aukningu má einkum rekja til framleiðsluaukningar í iðnaði en einnig að hluta til aukinnar losunar frá vegasamgöngum.

Útstreymi PAH4 hefur aukist úr tæpum 53,5 kg árið 1990 upp í 90,8 kg árið 2008



Eldgos í Eyjafjallajökli - Uppbygging mælinets með engum fyrirvara

Ljóst var að einn mælir dugði hvergi nærri til að anna þeirri þörf fyrir mælingar sem upp kom í kjölfar gossins

Einn stærsti viðburður ársins 2010 á Íslandi var eldgosid í Eyjafjallajökli. Það hófst rólega 21. mars með huggulegu túristagosi á Fimmvörðuhálsi en 14. apríl hófst öskugosi í toppgígnum. Síðar sama dag var orðið ljóst að öskufallið væri ógn við loftgæði á nærliggjandi svæðum. Þegar gosið hófst voru engar mælingar á svifryki á svæðinu og næstu mælistöðvar voru í Reykjavík. Umhverfisstofnun gekk þegar í að kanna möguleika á að koma upp mælistöðvum á svæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu eru tvær mælistöðvar sem eru færanlegar. Þær voru hins vegar báðar það stórar að það þarf vörubíl með krana til að flytja þær. Staðan var þannig að hringvegurinn var í sundur við Markarfljót og óvissa um hvenær hann opnaðist. Mjög dýrt hefði verið að senda vörubíl hringinn í kringum landið með mælistöð. Á Akureyri voru tveir nýir svifryksmælir í eigu Umhverfisstofnunar. Þeir eru af nýrri kynslóð mæla sem eru mjög fyrirferðarlitlir. Mælistöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu eru á stærð við gáma á meðan mælarnir á Akureyri eru á stærð við lítinn ísskáp. Þeir komast því í skottið á venjulegum skutbíl. Ákveðið var að taka annan mælinn frá Akureyri og koma honum fyrir á öskufallssvæðunum. Strax daginn eftir ók starfsmaður Umhverfisstofnunar norður til Akureyrar og tók niður mælinn með dyggri hjálp starfsmanns Akureyrarbæjar. Síðan þurfti að aka austur fyrir því leiðin um Markarfljót var enn lokuð. Að kvöldi 16. apríl, rúmum tveimur sólarhringum eftir að öskugosið hófst, var mælirinn kominn upp við Hæðargarð, skammt frá Kirkjubæjarklaustri. Nokkrum dögum seinna eða 22. apríl var mælirinn svo færður til Víkur í Mýrdal.

Þrátt fyrir að fjórir svifryksmælir hafi verið í gangi þegar mest var, komu enn fram óskir um mælingar á fleiri stöðum

Ljóst var að einn mælir dugði hvergi nærri til að anna þeirri þörf fyrir mælingar sem upp kom í kjölfar gossins. Því var leitað til Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um að bæjarfélögin lánuðu sínar mælistöðvar til notkunar á öskufallssvæðunum. Það var auðsótt mál og lánuðu þau hvort sína stöðina til afnota endurgjaldslaust. Stöð Reykjavíkurborgar var sett upp á Hvolsvelli 23. apríl og stöð Kópavogsbæjar var sett upp á Heimalandi undir Eyjafjöllum 30. apríl. Þegar hér var komið við sögu var ljóst að enn væri not fyrir fleiri stöðvar auk þess sem stöðvarnar á Hvolsvelli og Heimalandi voru aðeins til láns í takmarkaðan tíma. Umhverfisstofnun átti í geymslu gamlan svifryksmæli sem nýbúið var að yfirfæra og lagfæra. Hann sendir ekki gögn jafnóðum út á netið heldur þarf að sækja síur í hann vikulega þannig að niðurstöður fást eingöngu eftir á. Þessi mælir var settur upp við Raufarfell, á mesta öskufallssvæðinu. Mælirinn þoldi hins vegar ekki álagið í svona miklu öskufalli og gekk aðeins í rúman sólarhring.

Umhverfisstofnun sótti um aukafjárveitingu til að kaupa nýjan svifryksmæli og fékkst sú fjárveiting fljótt. Nokkur afgreiðslufrestur er á svona tækum en mælirinn var kominn upp á Raufarfell 2. júní.

Þrátt fyrir að fjórir svifryksmælir hafi verið í gangi þegar mest var, komu enn fram óskir um mælingar á fleiri stöðum. Ekki var mögulegt að verða við öllum þeim óskum. Til að koma á mótis við fólk sem bjó á stöðum þar sem ekki var svifryksmælir, var útbúið gróft mælitæki sem gat hjálpað fólki við að meta styrk svifryks út frá skyggni. Það var gert með því að samkeyra myndir úr vefmyndavél Milu á Hvolsvelli við upplýsingar úr svifryksmæli sem staðsettur var skammt frá myndavélinni. Merktar voru inn á myndirnar fjarlægðir í þekkt kennileiti sem voru í



sjónsviði myndavélarinnar. Jafnframt voru settar inn upplýsingar um styrk svifryks hverju sinni. Þannig gat fólk áttað sig á því að þegar skyggni var t.d. um 1 km þá var það ávisun á ákveðinn styrk svifryks. Þetta voru mjög myndrænar leiðbeiningar og því þótti hentugast að setja þetta fram sem myndband. Myndbandið má sjá á YouTube og kemur það upp sem fyrsta niðurstaða þegar slegið er inn leitarorðið svifryk.

Þær mælingar sem gerðar voru umhverfis Eyjafjallajökul meðan á gosinu stóð eru á ýmsan hátt sögulegar. Aldrei fyrr hefur mælt eins mikill styrkur svifryks hér á landi. Til dæmis var hæsta tíu mínútna meðaltal sem mældist í Vík um þrettán þúsund mikrógrömm í rúmmetra. Til samanburðar eru hæstu skammtíma mælitoppur sem mælt hafa á gamlárskvöld milli eitt og tvö þúsund mikrógrömm. Aldrei náðist þó mæling í mesta öskufallinu undir Eyjafjöllum. Ætla má að þegar skyggni var sem verst undir Eyjafjöllum og myrkur um miðjan dag hafi styrkur svifryks verið tugþúsundir mikrógramma í rúmmetra.


Þegar líða tók á gosið voru háir svifrykstoppur ekki endilega bundnir við mikla gosvirkni. Fok á ösku sem þegar hafði fallið gat hafa skapað mjög mikla svifryksmengun. Þannig voru t.d. aðstæður 4. júní. Það var metdagur á mörgum mælistöðvum, bæði í nágrenni Eyjafjallajökuls og á höfuðborgarsvæðinu. Sólarhringsmeðaltal á mælistöðinni við Grensásveg var $550 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Það er það hæsta sem hefur mælt frá upphafi mælinga og er það talsvert hærra heldur en menguðustu áramót sem hafa mælt þar. Þessi dagur var einnig sá versti á Hvolsvelli og var skyggni takmarkað. Hæsta mæling sem náðist í gosinu var þennan dag á Hvolsvelli og var sólarhringsmeðaltalið um $2100 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

Fólk sem er viðkvæmt fann greinilega fyrir öskunni í öndunarfærum. Þegar mesta mengunin var til staðar fann fullfrískt fólk einnig fyrir óþægindum í öndunarfærum og augum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á öskunni hafa þó sýnt að hún hefur efnasamsetningu og eiginleika sem eru skárri heldur en í ýmsum þekktum erlendum störgosum. Þannig inniheldur hún ekkert af kristallaðri kísilsýru, öðru nafni cristobalít. Einnig mældist lítið af súrum brennisteinssamböndum sem stundum fylgja gosösku og gera hana enn óæskilegri til innöndunar. Fyrstu daga gossins var askan mjög fingerð. Þannig var t.d. um fjórðungur hennar minni en $10\mu\text{m}$ en það er sú kornastærð sem kemst ofan í neðri öndunarfæri fólks.

Auk mælinga á svifryksmengun af völdum öskunnar voru símælingar á brennisteinsvetni og brennisteinsdíoxíði á Heimalandi undir Eyjafjöllum. Þann tíma sem mælistöðin var þar mældust einungis mjög lágir toppar af þessum efnum þar. Meðan á eldgosinu stóð var staddur hér á landi einn fremsti sérfræðingur heims í áhrifum eldgosa á heilsu fólks, breskur læknir að nafni Peter Baxter. Í samvinnu við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands setti hann upp net af brennisteinsdíoxíðsskynjurum allt frá Hvolsvelli austur í Álftaver. Enginn þessara skynjara sýndi háan styrk brennisteinsdíoxíðs. Í raun er ekki hægt annað en að kalla það heppni að ekki varð vart við háan styrk af því efni í byggð, því vitað er að gríðarlegt magn af því kom upp í gosinu og gervihnettir sem skynja brennisteinsdíoxíð sýndu talsvert magn þess í háloftunum út frá fjallinu. Veðuraðstæður virðast hafa ráðið því að þess varð lítið vart niður við jörðu. Þó varð vart við bláleitar gufur innst í Fljótshlíð og eftir lýsingum

Þegar líða tók á gosið voru háir svifrykstoppur ekki endilega bundnir við mikla gosvirkni. Fok á ösku sem þegar hafði fallið gat hafa skapað mjög mikla svifryksmengun.

Lítið öskufall eftir 1. júní.
Háir toppar eftir þessa dagsetningu eru eingöngu tilkomnir vegna öskufoks.



Ljóst er að öskufok getur orðið vandamál á svæðinu næst Eyjafjallajökli næstu misseri eða jafnvel ár og þörf er á að vakta styrk svifryks vegna öskufoks áfram

sjónarvotta verður að teljast líklegt að þar hafi verið á ferð brennisteinsgufur í miklum styrk. Ekki náðist mæling á þessum gufum þá daga sem þeirra varð vart vegna skorts á mælitækjum. Það er eitthvað sem þarf að draga lærdóm af, því eldfjallagufur geta verið lífshættulegar í miklum styrk og í raun miklu hættulegri en askan sjálf.

Það þyrfti að vera til lager af léttum handmælum sem hægt væri að dreifa í byggðir nærri eldgosum með litlum fyrirvara

Nú eftir að gosinu er lokið er ekki úr vegi að líta um öxl og meta hvernig til tókst með þann viðbúnað sem Umhverfisstofnun kom að. Í ljósi þess að í upphafi goss var hringvegurinn í sundur við Markarfljót er ekki annað hægt en að una vel við það að fyrsta mælistöðin var komið í gagnið austan við Eyjafjallajökul um tveimur sólarhringum eftir að gosið hófst. Þegar mest var voru fjórir svifryksmælar í gangi á svæðinu en samt má segja að Umhverfisstofnun hafi ekki annað eftirspurn í þeim skilningi að fram komu óskir um mælingar á enn fleiri stöðum. Frásagnir af bláleitum gufum innarlega í Fljótshlíð sýna að auka þarf viðbúnað til að vara fólk við eldfjallagufum, hvort sem það væri á hendi Umhverfisstofnunar eða einhverra bráðaviðbragðsaðila. Það þyrfti að vera til lager af léttum handmælum sem hægt væri að dreifa í byggðir nærri eldgosum með litlum fyrirvara. Lögregla, hluti íbúa næst eldfjalli og vísindamenn í sýnatöku nálægt eldstöð þyrftu að temja sér notkun slíkra mæla.

Ljóst er að öskufok getur orðið vandamál á svæðinu næst Eyjafjallajökli næstu misseri eða jafnvel ár og þörf er á að vakta styrk svifryks vegna öskufoks áfram. Gegnum aldir hafa heilu byggðalögin lagst í eyði vegna öskufalls. Eftir frásögnum annála að dæma er það ekki endilega öskufallið sjálft meðan á eldgosi stendur sem ríður baggamuninn heldur er

það langvarandi fok á ösku eftir að gosi lýkur. Ljóst er að öskufok sem slíkt getur verið hamfarir. Allt stofnanakerfið á Íslandi flokkar eldgos sem hamfarir en öskufok eftir að gosi lýkur er ekki flokkað sem slíkt. Mikil aska getur verið á ferðinni í öskustormi og hann getur haft meiri eyðingarmátt en minniháttar öskufall.

Samræming efnavöruetirlits

Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna starfa saman í efnavöruhópi sem er samstarfsvettvangur um efnavöruetirlit. Hópurinn vann á árinu verkefni um samræmingu efnavöruetirlits í landinu. Verkefnið fólst í gerð handbókar og veggáttar fyrir skil á eftirlitsskýrslum.

Samræming efnavöruetirlits er nauðsynleg til að stuðla að jafnræði á markaði bæði héraðs og innan Evrópu, þar sem gilda sömu reglur um efni og efnavörur. Með veggáttinni verður upplýsingum um efnavöruetirlit á Íslandi safnað í gagnabanka sem nýtist á margvíslegan hátt. Þannig geta heilbrigðisfulltrúar notað veggáttina til að koma upplýsingum á milli svæða, hægt er að leita í gagnabankanum og einnig mun Umhverfisstofnun nálgast þar tölfraeðiupplýsingar um efnavöruetirlit sem stofnunin þarf að standa skil á við Evrópusambandið.

Verkefninu lauk formlega 1. nóvember 2010 og verður handbókin aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Henni hefur einnig verið dreift rafrænt til allra heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi en þau eru tíu talsins. Veggáttin hefur verið formlega tekin í notkun og haldinn var sérstakur kynningarfundur um hana fyrir heilbrigðisfulltrúa.



Skoðun á hita- og loftræstikerfum

Í mars kom út skýrsla um skoðun á hita og loftræstikerfum. Skýrslan er afrakstur samstarfs Umhverfisstofnunar, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og Lagnafélags Íslands. Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að upplýsingar vantar frá hönnuðum um hönnunarforsendur, kerfislýsingu, samvirkni tækja og tækjalista og rafstýriteikningar og stilliskýrslur frá iðnaðarmönnum. Í lok skýrslunnar eru settar fram tillögur til úrbóta.

Haustið 2006 hélt Lagnafélag Íslands námskeið um hita- og loftræstikerfi fyrir heilbrigðisfulltrúa að beiðni Umhverfisstofnunar. Góð aðsókn var að námskeiðinu. Í framhaldi var efnt til samstarfsverkefnis Umhverfisstofnunar, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Lagnafélags Íslands. Var ákveðið að skoða hita- og loftræstikerfi í nokkrum húsum á landsvísu. Valin voru 3-4 hús í eigu hins opinbera á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði. Aflað var upplýsinga um fyrirliggjandi gögn sem varða kerfin hjá byggingarfulltrúum og húsvörðum. Að því loknu skoðuðu fulltrúi frá Lagnafélagi Íslands og heilbrigðisfulltrúi á viðkomandi svæði húsin saman.

Ráðstefna um skýrsluna var haldin fimmtudaginn 8. apríl að Engjateigi 9 í Reykjavík. Lagnafélag Íslands hélt ráðstefnuna í samvinnu við Umhverfisstofnun, umhverfisráðuneytið, Brunamálastofnun, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins, Fasteignir ríkissjóðs og Félag pípulagningameistara. Ráðstefnan var vel sótt og urðu miklar og líflugar umræður að loknum fyrirlesturum. Skýrslan og ráðstefnan hafa opnað mjög þarfa og löngu tímabæra umræðu um ástand í þessum málum hér á landi.

Námskeið í skipaskoðun og útgáfu sóttvarnavottorða

Þann 15. október 2010 var haldið námskeið á vegum hafnarheilsuhóps Sóttvarnarnefndar um skipaskoðun og útgáfu sóttvarnavottorða og sóttvarnarundarbágu fyrir skip. Slík vottorð eru í samræmi við ákvæði í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni frá árinu 2005 sem hefur verið innleidd hér á landi. Heilbrigðisnefndir skulu sjá um eftirlit og útgáfu vottorða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir og var námskeiðið haldið til að þjálfa heilbrigðisfulltrúa í að sinna slíku eftirliti.

Fenginn var reyndur skipaskoðari frá Hollandi, Matthijs Plemp, sem vinnur hjá hollustuverndarstofnun Hollands í Amsterdam. Hann fór almennt yfir ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar og áhrif hennar á skipaskoðun. Einnig fór hann yfir hvernig fara ætti um skip meðan á skoðun stendur og hvaða rými í skipinu væri mikilvægast að skoða. Að lokum var farið yfir útgáfu vottorða, hvað ætti að koma fram í þeim og við hvaða aðstæður ætti að gefa út mismunandi gerðir vottorða.

Fulltrúar frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum þar sem útgáfa skipavottorða getur farið fram samkvæmt reglugerð sátu námskeiðið, auk fulltrúa frá Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Siglingastofnun og sóttvarnalækni.

Breytingar á flokkun hættulegra efna

Mikilvæg breyting á sér stað við hættuflokkun efna með tilkomu miðlægrar flokkunar- og merkingaskrár efna fyrir allt evrópska efnahagssvæðið. Skráin byggist á tilkynningum frá framleiðendum og innflytjendum efna sem áttu að senda upplýsingar um auðkenni efna og hættuflokkun þeirra til Efnastofnunar Evrópu í Helsinki fyrir 3. janúar 2011. Það þarf að gera framvegis þegar ný efni verða framleidd eða flutt inn. Samhliða þessu verða tekin upp samræmd alþjóðleg hættumerki og varnaðarsetningar.

Gefin var út skýrsla um skoðun á hita og loftræstikerfum í mars 2010

Miðlæg flokkunar- og merkingaskrá efna fyrir allt evrópska efnahagssvæðið

Umhverfisstofnun stóð fyrir kynningarátaki um tilkynningar efna undir lok síðasta árs og reynt var að taka mið af aðstæðum íslenskra fyrirtækja

Á síðasta ári þurfti því að kynna íslenska framleiðendur og innflytjendur fyrir tilkynningum efna og voru viðbrögðin nokkuð góð. Tilkynningaferlið sjálft er ekki ýkja flókið en meira mál getur verið fyrir óvana að átta sig á því hvaða upplýsingar eigi að tilkynna, ekki síst ef finna þarf út hættuflokkun efnis út frá eiginleikum þess. Innflytjendur hérlendis eru margir og rekstur þeirra í mörgum tilfellum lítill á evrópskan mælikvarða. Innan þessara fyrirtækja er oft lítil þekking til staðar á eiginleikum efnanna og takmarkað svigrúm til að leggja mikla vinnu eða kostnað í að uppfylla skilyrðin.

Umhverfisstofnun stóð fyrir kynningarátaki um tilkynningar efna undir lok síðasta árs og reynt var að taka mið af aðstæðum íslenskra fyrirtækja. Í nóvember var haldin kynningarráðstefna í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Pálmi Atlason frá Efnastofnun Evrópu var fenginn til að halda kynningar. Margir sýndu áhuga en það var ekki laust við að einhverjir ættu í erfiðleikum með að skilja ferlið. Því var boðið upp á áframhaldandi kynningar í desember þar sem áherslan var öll á praktískari atriði við tilkynninguna með það að leiðarljósi að fólk með mismunandi bakgrunn gæti tileinkað sér ferlið.

Niðurstaðan var sú að yfir þrjár milljónir tilkynninga bárust, þar af ríflega 1100 frá Íslandi, fyrir rétt rúmlega 100.000 mismunandi efni. Fram til þessa hafa aðeins um 5000 efni verið samþykkt á lista yfir hættuleg efni svo að mikil breyting mun senn eiga sér stað á fjölda þekktra hættulegra efna þegar lokið hefur verið við yfirferð á tilkynningum.

Kynningarráðstefna um sæfiefni var haldin um haustið á vegum Umhverfisstofnunar, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Félags atvinnurekenda



Sæfiefni

Reglugerð um sæfiefni tók gildi árið 2004. Hún innleiddi tilskipun Evrópusambandsins um markaðssetningu sæfiefna. Til sæfiefna flokkast t.d.

- Sótthreinsandi efni til yfirborðsmeðhöndlunar og til nota í matvælaframleiðslu, iðnaði, innan heilbrigðisgeirans og á stofnunum
- Rotvarnarefni til að tryggja geymslupól efna eða til varnar vexti örvera (matvæli eru undanskilin)
- Útrýmingarefni t.d. skordýraeyðir, nagdýraeytur
- Gróðurhindrandi efni sem notuð eru í botnmálningu skipa

Sækja þarf um markaðsleyfi fyrir vörur sem flokkast sem sæfiefni í ofangreindum flokkum fyrir ákveðinn



tímafrest og er varan áhættumetin í kjölfarið. Ef hún stenst matið fær hún markaðsleyfi í því landi sem hún var áhættumetin. Ef selja á þessa vöru í öðrum löndum innan EES þarf að sækja um gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfinu. Ef ekki er sótt um markaðsleyfi og gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir vöru verður hún ólögleg innan EES. Fyrirséð er að vörum í þessum flokkum muni fækka og nauðsynlegt verður fyrir framleiðendur og innflytjendur þessara efna að fylgjast vel með tímafresti og sækja um tilskilin leyfi.

Kynningarráðstefna um sæfiefni var haldin um haustið á vegum Umhverfisstofnunar, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Félags atvinnurekenda. U.þ.b. 40 manns sóttu ráðstefnuna sem var haldin til að kynna framleiðendur og innflytjendur sæfiefna þær breytingar sem eru nú að ganga í gildi.

Þrjú erindi voru flutt á ráðstefnunni, tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar fluttu fyrirlestra og tveir gestafyrirlesarar komu frá Kemli í Svíþjóð. Farið var ítarlega yfir þær vörur sem flokkast sem sæfiefni, hvað áhættumat er og fjallað um aðdraganda að umsókn um markaðsleyfi. Einnig var farið yfir hvenær og hvernig skuli sækja um markaðsleyfi og fjallað um gagnkvæma viðurkenningu, notkun á miðlægum gagnagrunni, R4BP, og að síðustu kynnt hvað íslensk fyrirtæki þurfi að gera og kostnað við það.

Fyrirhugað er að halda áfram að kynna sæfiefnareglugerðina þeim aðilum er málið varðar. Það verður gert á heimasíðu Umhverfisstofnunar og með tölvupóstum og kynningarfundum.

Flúorgas í kæli- og frystibúnaði, loftkælingu og háspennnum rafspennum

Umhverfisráðherra gaf í október út nýja reglugerð um flúorgas sem aðallega er notað sem kælimiðill á kæli- og frystibúnað og fyrir varmadælukerfi. Reglugerðin er hluti af EES-samningnum og er sett til að innleiða tíu reglugerðir sem birtast óbreyttar í viðaukum með reglugerðinni. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr losun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og stuðla að öruggri meðhöndlun þeirra með tilliti til verndunar umhverfisins. Reglugerðin gildir um takmörkun á losun, notkun og meðhöndlun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda ásamt lekaleit, skráningu, setningu þeirra á markað og merkingar. Hún gildir einnig um menntun og hæfni starfsmanna sem meðhöndla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ásamt kröfum um þjálfun og vottun starfsmanna og fyrirtækja.

Nýju reglurnar snerta starfsumhverfi starfsmanna í kæli- og frystiiðnaði, bifvélavirkja sem starfa við að þjónusta bíla með loftkælingu, rafvirkja sem starfa við háspennivirki og þjónusta spennu sem innihalda SF6 (brennisteinshexaflúoríð) sem neistavara. Bæði fyrirtæki og starfsmenn þeirra eiga að sækja sér menntun og faggildingu í kjölfarið. Starfsmenn sem hlotið hafa viðurkenningu og vottun faggilds vottunaraðila munu fá starfsréttindi metin jafngild í öllum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins.

Landsáætlun um loftgæði

Á árinu 2010 gaf Umhverfisstofnun út í fyrsta skipti landsáætlun um loftgæði. Í henni er m.a. sagt frá helst áherslum stofnunarinnar í loftgæðamálum.

Lögð er fram verkáætlun til ársins 2014 um frekari uppbyggingu mælinets og því hvernig miðlun upplýsinga um loftgæði sé best fyrir komið.

Nokkrir aðilar sinna loftgæðamælingum á Íslandi í dag. Tekið er saman yfirlit um mælistöðvar, hverjir reka þær, hvaða efni eru mæld og hvar er hægt að nálgast upplýsingar um loftgæði. Lögð er áhersla á að auka samvinnu þeirra aðila sem sinna loftgæðamælingum og að einfalda aðgengi almennings að upplýsingum um loftgæði en í dag liggja þær á ýmsum stöðum. Einnig er í landsáætluninni sagt frá þeim lagaramma sem gildir um loftgæðamál á Íslandi.

Landsáætlunin er unnin í samræmi við tvö af yfirlýstum markmiðum Umhverfisstofnunar:

- Að draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu.
- Að upplýsingar um umhverfismál verði aðgengilegar almenningsi og hagsmunaaðilum og geri þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Þótt loftgæði séu almennt góð á Íslandi er full ástæða til að fylgjast vel með þeim. Mælingar síðustu áratuga hafa sýnt að á afmörkuðum svæðum fer loftmengun yfir heilsuverndarmörk við ákveðnar veðuraðstæður og því veldur aðallega mengun frá umferð. Aukinn iðnaður, nýjar mengunaruppsprettur, meiri búseta í þéttbýli og vaxandi umferð valda aukinni losun mengandi efna út í andrúmsloftið. Þekking almennings á mikilvægi heilnæms andrúmslofts og vitund stjórnvalda um nauðsyn vöktunar á loftgæðum hefur aukist. Samhliða hefur skilningur aukist á nauðsyn eftirlits með mengandi starfsemi og aðgerðum sem miða að því að bæta og viðhalda loftgæðum og að tryggja upplýsingagjöf til almennings.

Markmið reglugerðarinnar er að draga úr losun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og stuðla að öruggri meðhöndlun þeirra með tilliti til verndunar umhverfisins



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

**GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM
OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFA ÁHRIF Á
UMHVERFI SITT**



UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL

Umhverfisstofnun setti upp sérstakt vefsvæði þar sem safnað var saman upplýsingum um öskufok og loftgæði

Samstarf við Almannavarnir

Þegar eldgos í toppgíg Eyjafjallajökuls hófst skapaðist gríðarleg eftirspurn eftir upplýsingum frá fjölmörgum aðilum, bæði innanlands og utan. Umhverfisstofnun brást skjótt við og lagði mikla vinnu í að mæla loftgæði og koma upplýsingum á framfæri til almennings þar að lútandi. Í samstarfi við Almannavarnir var þýddur bæklingur um ýmsar hættur vegna gjóskufalls og öskufoks. Umhverfisstofnun setti upp sérstakt vefsvæði þar sem safnað var saman upplýsingum um öskufok og loftgæði. Þegar ljóst var hversu mikil eftirspurn var eftir upplýsingum óskuðu Almannavarnir þess að fá upplýsingafulltrúa stofnunarinnar til starfa við að miðla upplýsingum í viðbragðsstöðinni. Varð Umhverfisstofnun við þeirri beiðni og var upplýsingafulltrúi þar í nokkra daga við að svara fyrirspurnum innlendra sem erlendra fjölmiðla og koma að annarri miðlun upplýsinga. Unnu þar í samstarfi upplýsingafulltrúar nokkurra stofnana sem og starfsmenn Almannavarna. Lítil sem engin reynsla var fyrir hendi við að takast á við miðlun upplýsinga vegna eldgos sem hefur áhrif á flugumferð um allan heim á tímum þar sem samskipti eru margfalt hraðari en fyrir nokkrum áratugum. Gríðarlega mikilvægt var að miðla upplýsingum með faglegum hætti enda miklir hagsmunir í húfi hvað varðar ímynd landsins og ýmissa atvinnugreina, s.s. flugrekstrar og ferðamannþjónustu. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar voru samstundis orðnar að fyrirsögnum út um allan heim sem erfitt og tímafrekt var að leiðrétta. Búa þurfti til verklag og safna saman upplýsingum jafnóðum og undir miklu álagi. Eftir að gosinu lauk var reynslan af verkefninu tekin saman og stofnaður viðbragðshópur Almannavarna sem í eru þeir sem tóku þátt í upplýsingamiðluninni og verður hópurinn kallaður saman eftir þörfum. Óhætt er að segja að starfið hafi gengið ótrúlega vel miðað við aðstæður og að reynslan muni nýtast framvegis í öðrum verkefnum.

Ástand umhverfisins 2010

Umhverfisstofnun Evrópu tekur saman og gefur út á fimm ára fresti upplýsingar um ástand umhverfisins í Evrópu í skýrslu sem nefnist „State of the Environment Report“ (SOER). Hvert ríki tekur saman upplýsingar fyrir sig um ýmsa umhverfisþætti, s.s. vatnsgæði, samgöngur og loftgæði. Upplýsingarnar gefa mynd

LÍTIL SEM ENGIN REYNSLA VAR FYRIR HENDI VIÐ AÐ TAKAST Á VIÐ MIÐLUN UPPLÝSINGA VEGNA ELDGOSS SEM HEFUR ÁHRIF Á FLUGUMFERÐ

af stöðu umhverfismála í Evrópu og út frá þeim er hægt að rýna í hver þróunin verður á næstu árum og áratugum. Gögnin eru mjög mikilvæg fyrir stjórnvöld við stefnumótunavinnu í umhverfismálum því þau segja til um hvar viðbragða sé þörf til þess að tryggja umhverfsgæði fyrir lífríki og almenning. Slíkar upplýsingar gera kleift að grípa inn í áður en mál komast á stig þar sem af hljótast alvarlegar afleiðingar. Grundvöllur markvissrar og áhrifaríkrar umhverfislöggjafar eru upplýsingar. Krafa um ítarlegri upplýsingar og viðtækari gögn verður sífellt háværari. Einnig er gögnum í auknum mæli safnað saman í rauntíma enda aðgengi að upplýsingum um ástand umhverfisins nauðsynlegt ef taka þarf ákvarðanir hratt og örugglega í ljósi snöggra breytinga á aðstæðum, s.s. vegna mengunarslyss. Mörg lönd Evrópu gera einnig sínar eigin skýrslur um ástand umhverfisins innan landamæra þess en sambærilegar skýrslur hafa ekki verið gerðar hér. Þær upplýsingar sem koma fram í SOER eru upplýsandi og gagnlegar. Þær eru öllum aðgengilegar á vefsvæði Umhverfisstofnunar Evrópu og upplýsingar sem varða Ísland eru aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar.

2700 manns horfðu á í beinni

Umhverfisstofnun hefur undanfarin misseri unnið að því að bæta rafræna þjónustu og miðlun upplýsinga í gegnum vefinn. Meðal nýjunga má nefna beinar útsendingar frá fundum og viðburðum á vefnum. Útdráttur hreindýraveiðileyfa er meðal þeirra viðburða sem mikill áhugi er á en hann fór fram á Egilsstöðum, laugardaginn 20. febrúar. Alls bárust 3.737 gildar umsóknir um þau 1.272 dýr sem voru í boði þetta árið. Útdrátturinn var sendur út beint á veraldarvefnum. Flestir þeirra sem sóttu um leyfi fylgdust með útdrættinum í beinni en um 2700 tölvur tengdust útdrættinum og auk þess hafði upptaka af honum verið spiluð um 2000 sinnum um kvöldið. Stór hluti þeirra sem sóttu um leyfi nýttu sér þjónustu stofnunarinnar í tengslum við útdráttinn. Frést hefur af veiðifélögum sem söfnuðust saman til að fylgjast með útdrættinum. Enn er hægt að sjá upptöku frá útdrættinum á vefnum fyrir þá sem misstu af. Umhverfisstofnun stefnir að því á næstu misserum að senda út fundi í auknum mæli enda eru möguleikar og tækifæri til þess að gera það nú með mjög ódýrum hætti.



Ársfundur

Ársfundur Umhverfisstofnunar fór fram föstudaginn 9. apríl fyrir fullum sal en um 180 manns mættu á fundinn og um 30 til viðbótar horfðu á hann í beinni útsendingu á vefnum. Fundarstjóri var Þórunn Sveinbjarnardóttir, þáverandi formaður umhverfisnefndar Alþingis og fyrrum umhverfisráðherra. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, ávarpaði fundinn. Í ávarpi sínu sagði Svandís að hún upplifði sterkt að góður starfsandi og kraftur væri í starfi Umhverfisstofnunar. Sérstaklega nefndi hún hinn góða árangur sem náðst hefur á undanförunum misserum í starfi Svansmerkisins og að hún teldi að á næstu árum yrði aukin áhersla lögð á loftslagsmál.

Fundurinn var sendur út í beinni útsendingu og upptaka af fundinum aðgengileg á vef stofnunarinnar. Var það í fyrsta skipti sem Umhverfisstofnun sendi út ársfund sinn í beint. Útsendingin var tilraun með nýja leið sem kostar lítið sem ekkert og stefnan er að nýtt verði í meira mæli á komandi misserum.

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, ræddi um umhverfsgæði og náttúruauðlindir. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að Ísland færði sig í átt að grænu hagkerfi á komandi árum. Margt þyrfti að koma til í því sambandi, t.d. umhverfismerkingar, styrkt náttúruverndarlöggjöf, grænir skattar, nytjagreiðslureglan og svo mætti lengi telja. Einnig sagði Kristín Linda frá því að Umhverfisstofnun stefndi að því að auglýsa störf óháð staðsetningu, þannig að nýráðnir starfsmenn gætu valið á hverri af sjö starfsstöðvum stofnunarinnar þeir kysu að starfa.

Einnig var því fyrirkomulagi haldið sem komið var á árið áður að flutt voru 17 stutt erindi, um fimm mínútur hvert. Tvær meginástæður lágu að baki því að hafa svo mörg stutt erindi, annars vegar að sú að Umhverfisstofnun sinnir mjög mörgum málaflökum og hins vegar var þetta gert til þess að fundurinn

yrði líflegur. Hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir og má telja víst að stutt erindi séu nú fastur liður á ársfundum Umhverfisstofnunar.

Nýr vefur Umhverfisstofnunar

Árið 2009 var ný upplýsingastefna Umhverfisstofnunar samþykkt í kjölfar talsverðra breytinga sem gerðar voru á stofnuninni en þá voru m.a. upplýsingamál færð undir nýtt svið. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða upplýsingamál stofnunarinnar á öllum sviðum og má þar nefna að breytingar voru gerðar á bæklingum, ársskýrslu, ársfundi, fundum, málþingum og skiltum. Einnig var unnin stefnumótunavinnu á grunni upplýsingastefnu stofnunarinnar um hvaða upplýsingar ætti að birta og með hvaða hætti. Sú vinna var miðuð út frá endurgerð vefsvæðis stofnunarinnar en ákvörðun hafði verið tekin um að ráðast í endurbætur á því enda var það komið til ára sinna. Áherslan á vefsvæðinu er sú að miðla meira en minna og með eins aðgengilegum hætti fyrir alla og mögulegt er. Ákveðið var að koma upplýsingum um eftirlit stofnunarinnar á framfæri með birtingu eftirlitsskýrslna og annarra upplýsinga er varða eftirlit. Einnig að upplýsingar um friðlýst svæði yrðu betrubættar og sérstakar upplýsingar settar fram um neytendamál, s.s. hættuleg efni í vörum, fyrir almenning. Þar sem ákvörðun hafði verið tekin um gerð nýs vefsvæðis skyldu breytingarnar koma til framkvæmda með opnun þess. Umhverfisstofnun var í viðskiptum við Hugsmiðjuna með vefmál en leitað var tilboða hjá nokkrum vefþjónustufyrirtækjum og talsverð vinna lögð í greiningu á þeirri þjónustu sem var í boði. Ákveðið var að taka tilboði frá Skýrr og hefja vinnu við gerð nýja vefsvæðisins. Óhætt er að fullyrða að með tilkomu þess verður gjörbreyting á miðlun umhverfisupplýsinga hérlendis. Í fyrsta sinn verður miklu magni upplýsinga um umhverfið komið á framfæri með aðgengilegum hætti.

Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða upplýsingamál stofnunarinnar á öllum sviðum

Með tilkomu nýrrar vefsíðu Umhverfisstofnunar mun miklu magni upplýsinga um umhverfið komið á framfæri með aðgengilegum hætti



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI,
ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA
AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU
ÍSLANDS BYGGÐ Á SJÓNARMÍÐUM
UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ,
VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG
LANDSLAGSHEILDA



VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS

SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA ÚTNEFNDI
ÁRIÐ 2010 SEM ÁR LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ



Umhverfisstofnun hefur beina umsjón með 62 svæðum en þá eru fólkvangar eða önnur verndarsvæði sem eru í umsjón sveitarfélaga eða lögaðila ekki talin með

Ástand friðlýstra svæða

Friðlýst svæði á Íslandi eru nú 102 talsins en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Umhverfisstofnun hefur beina umsjón með 62 svæðum en þá eru fólkvangar eða önnur verndarsvæði sem eru í umsjón sveitarfélaga eða lögaðila ekki talin með. Ástæður fyrir friðlýsingu þessara svæða eru mismunandi. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúrufars, landslags, jarðminja, útivistar eða sambands framangreindra þátta. Margt getur haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða en þó má segja að áhrif mannglegra umsvifa séu hvað mest. Friðlýst svæði eru oft vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða ferju á tímabilinu september 2008 til ágúst 2009 voru rétt um 500 þúsund talsins samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun af Rannsóknnum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, árið 2009.

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins, Velferð til framtíðar, kom fram að bregðast þarf við niðurstöðum rannsókna á þolmörkum ferðamannaþaða með aðgerðum til að sporna við skemmdum vegna álags. Einnig er lagt til að leggja og merkja göngustíga á tilteknum friðlýstum svæðum með það að markmiði að bæta aðgengi almennings að náttúru landsins og búa svæðin jafnframt undir aukið álag af vaxandi ferðamannastraumi. Samhliða tvöföldun erlendra ferðamanna síðastliðinn áratug og fjölgun innlendra ferðamanna þarf að stuðla að umbótum á friðlýstum svæðum, auka landvörslu og efla fræðslu.

Umhverfisstofnun hefur undanfarin ár skilað inn skýrslu til ráðuneytisins þar sem fram koma upplýsingar um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Að beiðni umhverfisráðuneytisins tók stofnunin saman lista yfir þau svæði sem þurfa sérstakrar athygli við og hlúa ber sérstaklega að.

Aðferðafræðin sem Umhverfisstofnun notaði við að byggja listann upp er svokölluð SVÓT-greining þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógn og

tækifæri viðkomandi svæðis. Með styrkleika er átt við verndargildi eða verndarandlag viðkomandi svæðis, með veikleika er átt við hvaða þættir eða svæði innan svæðisins er mest hættu á að verndargildi skerðist. Með ógn er átt við þá ógn sem steðjar að viðkomandi svæði og að síðustu eru tækifærin eða hvernig bregðast megi við yfirvofandi ógn. Svæðin flokkast svo á rauðan lista annars vegar en þar eru þau svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi við strax, og á appelsínugulan lista hins vegar, sem eru þau svæði sem stofnunin telur að séu undir töluverðu álagi og þurfi að fylgjast vel með og bregðast við á ýmsan hátt. Svæðin eru eftirfarandi:

Rauði listinn: Dyrhólaey, friðland að Fjallabaki, Grábrókargígar, Gullfoss og Geysir, Helgustaðanáma, Hveravellir, Reykjanesfólkvangur, Surtarbrandsgil, Teigarhorn.

Appelsínuguli listinn: Dynjandi, Eldborg í Bláfjöllum, Fossvogsbakkar, Geitland, Hraunfossar, Kringilsárrani, Laugarás, Mývatn/Laxá.

Umhverfisstofnun hefur kynnt niðurstöður skýrslunnar, jafnt á opnum fundi með ferðaþjónustuaðilum og almenningi, sem og þeim ráðuneytum sem málið varða.

Ár líffræðilegrar fjölbreytni

Líffræðileg fjölbreytni nær til allrar lífandi náttúru, eininganna sem hún er byggð úr og þeirra birtingarforma sem hún tekur. Líffræðileg fjölbreytni spannar náttúrulegan og manngerðan breytileika á öllum stigum lífsins, frá erfðavisum og tegundum til vist- og lífkerfa. Líffræðileg fjölbreytni nær því til alls fjölbreytileika lífs á jörðinni, innan tegunda, milli tegunda og vistkerfa.

Samningur sameinuðu þjóðanna útnefndi árið 2010 sem ár líffræðilegrar fjölbreytni. Tilgangurinn með útnefningunni var að vekja athygli á málefnum

líffræðilegrar fjölbreytni og þeim afleiðingum sem hnignun hennar getur haft í för með sér. Með áttakinu var leitast við að fá sem flesta til að taka þátt í að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni en aðgerðir manna eiga stóran þátt í þeirri gríðarlegu hnignun sem orðið hefur. Loftslagsbreytingar, eyðing og rýrnun búsvæða, ósjálfbær nýting, mengun og ágengar, framandi tegundir eru taldar vera mesta ógnin. Á næstu áratugum er talið að tap búsvæða vegna breyttrar landnýtingar og nýjar ágengar og framandi tegundir samfara hlýnandi loftslagi verði stærsta ógnin við líffræðilega fjölbreytni.

Aðildarríki samnings sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni settu sér það markmið að draga verulega úr og stöðva hnignun líffræðilegrar

fjölbreytni fyrir árið 2010 og hefur þetta markmið verið kallað „2010 markmiðið“.

Umhverfisstofnun hefur fyrir hönd Íslands meðal annars unnið að 2010 markmiðinu með því að taka þátt í verkefninu Náttúra Norðursins sem öll Norðurlöndin komu að. Meginmarkmið verkefnisins var að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni með því að veita upplýsingar um málefni er varða vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Birtar voru greinar á heimasíðu stofnunarinnar á árinu um líffræðilega fjölbreytni, m.a. um Mývatn og Þingvallavatn, og einnig haldnir fyrirlestrar.



Bætt öryggi ferðamanna á Geysissvæðinu

Sumarið 2010 hóf Umhverfisstofnun ásamt Ferðamálastofnu áttak í úrbótum á öryggismálum á Geysissvæðinu í samstarfi við sveitarfélagið Bláskógarbyggð og landeigendur. Um var að ræða fjölgun viðvörðunarskilta á svæðinu ásamt endurnýjun kaðlagirðinga og staura umhverfis hættulega hverir til að auka öryggi ferðamanna. Alls voru settir upp um 1300 metrar af nýjum köðlum sem voru festir niður með sérútbúnum stálhælum. Á viðkvæmum svæðum nálægt hverunum þar sem hverahrúður þekur jarðveg var komið fyrir stórum grjóthnullungum og stálhælarnir sem bera kaðlana voru boraðir ofan í þá. Afmarkaða svæðið í

kringum Strokk var stækkað enn frekar til að vernda hverahrúðið sem hægt og rólega breiðir úr sér í kringum hverinn. Einnig var farið í úrbætur við Geysir sjálfan en þar var afmarkað nýtt útsýnissvæði með köðlum. Þess má geta að leitast var við að nýta staðbundinn efnisvið eins og hægt var t.d. eru grjóthnullungarnir sem halda köðlunum uppi, úr umhverfinu við Geysissvæðið. Verið er að vinna í því að setja sérsníðaðar ruslatunnur við sitt hvorn innganginn inn á svæðið og samanstendur efnisvið í tunnunum af timbri úr Haukadalsskógi.

Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar komu að verkinu og er þetta fyrsta skrefið í því átaki sem gera þarf til að bæta öryggi ferðamanna við Geysi.

Framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Djúpalónssandur

Djúpalónssandur er án efa vinsælasti viðkomustaður innan þjóðgarðs. Við bílastæðið er salernisaðstaða og var aðkoma þar ekki nógu góð og er þar t.d. ekki aðgengi fyrir fólk með fötlun. Ákveðið var að leggja pallastétt frá bílastæði að salernishúsum og að upplýsingaskiltum um svæðið sem eru þar rétt hjá. Næsta skref er að leggja stíginn áfram þannig að allir eigi þess kost að geta virt Djúpalónssand og umhverfi hans fyrir sér.

Írskrbrunnur endurhlaðinn

Írskrbrunnur er fornt vatnsból Gufsara, fólksins sem bjó á Gufuskálum. Brunnurinn er hlaðinn og liggja þrep ofan í hann. Hann stendur rétt við ströndina, litlu sunnan við Gufuskála. Brunnurinn var týndur um tíma eða frá því búskap var hætt á Gufuskálum á fimmta áratug 20. aldar og þar til hann fannst á ný árið 1989. Veturinn 2008-2009 hrundi hluti af vegg Írskrbrunnis í ofsaveðri. Hleðslunum hafði ekki verið haldið við frá því að brunnurinn fannst á ný og jarðvegurinn var farinn að síga. Óveðrið gerði síðan útslagið. Fornt bein úr sléttbak var yfir brunninum og brotnaði það. Brunnurinn er friðlýstur samkvæmt lögum eins og aðrar minjar á Gufuskálum. Sumarið 2010 voru hleðslumennirnir Helgi Sigurðsson og Halldór Einarsson hjá Fornverki ehf fengnir til að endurhlaða brunninn og nutu þeir aðstoðar landvarða og annarra starfsmanna þjóðgarðsins. Tókst verkið vel. Hvalbein var sett í stað þess forna en úr langreyð að þessu sinni, tröppur lagaðar, nýtt grindverk smíðað í kringum brunninn og fræðsluskilti sett upp. Um leið og Írskrbrunnur var hlaðinn var tækifærið notað og varðan Háihjalli var lagfærð en hún er utarlega á Öndverðarnesi og var hluti hennar hruninn. Allt var þetta unnið í samráði og undir eftirliti minjavarðar Vesturlands.

Göngustígur á Arnarstapa og pallur á móts við Gatklett

Ætlunin er að leggja hjólastólafæran göngustíg frá stytta af Bárði Snæfellsás á Arnarstapa meðfram ströndinni og að höfninni. Verkefnið er samstarfsverkefni þjóðgarðsins og Snæfellsbæjar. Snæfellsbær fékk styrki frá Ferðamálastofu á árunum 2008 og 2009, alls 3 milljónir króna. Ákveðið var að leggja eco-grids grindur í göngustíginn og er um tilraunaverkefni að ræða en slíkar grindur hafa ekki verið notaðar áður í göngustíga hér á landi eftir því sem best er vitað. Byrjað var á því að grafa fyrir stígnum og setja mól. Grindurnar voru síðan lagðar í

farið og jarðvegurinn sem grafinn var upp var settur ofan í þær. Einæru rýgresi og áburði var dreift yfir. Gróðurinn á síðan að vaxa upp í gegnum grindurnar. Fyrsti hluti stígsins var lagður sumarið 2010, um 200 m leið niður að ströndinni. Þar á að byggja lítinn útsýnispall og síðan á að halda áfram meðfram ströndinni. Ekki hefur verið ákveðið hvaða efni verður notað í framhald stígsins. Næsti áfangi hans mun liggja að Gatkletti og verður þá útsýnið að honum og ströndinni aðgengilegt fyrir alla. Á móts við Gatklett er búið að smíða útsýnispall og er tilgangur hans að koma í veg fyrir frekari jarðvegseyðingu á staðnum og hækka þolmörk staðarins auk þess að auka öryggi ferðamanna. Verktaki sá um smíði pallsins og jarðvinnu undir grindurnar en landverðir og erlendir sjálfböðaliðar sá um að leggja grindurnar. Nokkrum vikum eftir að grindurnar voru lagðar var komin græn slíkja yfir stíginn.

Gamalt salthús á Malarrífi lagfært

Á Malarrífi er unnið að endurbótum gamalla húsa. Eitt þeirra er gamalt salthús sem stendur á kambinum ofan við gömlu lendinguna. Það var notað þegar útræði var frá staðnum. Á Malarrífi eru einnig gömul gripahús; fjárhús, fjós og haughús og eru þau ásamt salthúsinu í umsjón þjóðgarðsins. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig hægt sé að nýta þau, m.a. til fræðslu og leiks fyrir skólafólk auk þess að vera aðstaða fyrir ferðamenn. Það sem getur hins vegar hamlað nýtingu húsanna er sú staðreynd að á Malarrífi er ekkert ferskt vatn að fá. Menningarsjóður Sparisjóðs Ólafsvíkur styrkti endurbæturnar á salthúsinu.

Sumaráttakverkefni með Vinnuálastofnun á friðlýstum svæðum

Sumarið 2010 voru 26 starfsmenn ráðnir til Umhverfisstofnunar í atvinnuáttaki Vinnuálastofnunar til að sinna ýmsum störfum á friðlýstum svæðum í nágrenni höfuðborgarinnar. Ráðinn var verkefnisstjóri sem sá um að halda utan um og skipuleggja áttakverkefnið. Starfsmönnum var skipt niður í fjóra vinnuhópa og voru ráðnir flokksstjórnar sem hófu störf viku á undan þeim sem voru í vinnuhópnum. Umhverfisstofnun hélt námskeið fyrir flokksstjórnara og var þar farið í helstu atriði sem brýnt þótti að flokksstjórnar þyrftu að hafa kunnáttu á, s.s. skyndihjálp, göngustígagerð, grjótburðartækni, almennri umgengni við svæðin ásamt öðrum tæknilegum atriðum við vinnu á friðlýstum svæðum. Hlutverk flokksstjórnara var svo að skipuleggja verkið á staðnum, sjá til þess að allir hefðu nóg að gera og setja rétta menn í rétt verk eftir áhugasviði, reynslu og getu.



Ýmis verkefni voru unnin af vinnuhópnum. Á Þingvöllum var unnið að gróðursetningu víðis- og birkiplantna við þjónustumiðstöð og tjaldsvæði. Stígar og göngustígar voru grjóthreinsaðir og unnið að endurbótum á þeim auk þess sem nokkrir kílómetrar af gömlum og ryðguðum girðingum voru teknir niður.

Í Reykjanesfólkvangi var unnið að endurbótum á göngustígum ásamt því að þjónustuhús í Seltúni voru máluð að utan, klósetthús máluð að innan og pallaolía borin á pall og grindverk fyrir utan húsin. Einnig var tínt rusl af svæðinu en á sumum svæðum mátti finna mikið magn úrgangs, s.s. gömul bílhræ, rúmdýnur, skothylki, glerbrot, spýtnabrak og garðaúrgang.

Á Rauðhólum var unnið að því að lagfæra girðingar en voru þær í slæmu ásigkomulagi. Einnig var lúpína slegin og henni rakað saman. Við bílastæðið við Rauðhóla var tínt mikið af rusli en þar var m.a. að finna notaðar sprautur og sprautunálar, gosflöskur, garðaúrgang og ýmislegt fleira. Var þetta hreinsað upp eftir bestu getu.

Á Laugarási var slegin lúpína á mestöllum ásum, göngustígurinn upp að skiltinu lagfærður og gerður pallur við skiltið.


Þá fóru vinnuhóparnir einnig út í Viðey og á Esjuna og inntu þar af hendi ýmis störf. Í Viðey var mest

aðkallandi að lagfæra göngustíg sem liggur yfir mýri rétt við Kriusand. Þar hafði göngustígurinn legið á bakkanum fyrir ofan fjöruna en vegna sjávarrofs var sá stígur kominn á haf út. Byggð var trébrú yfir mýrina og stígurinn í kring lagfærður. Á þremur öðrum stöðum voru byggðar nýjar brýr á göngustígum. Við Esjurætur var unnið í göngustígnum, þeir voru stungnir upp, afmarkaðir og kurl sett yfir. Ásamt því að lagfæra göngustígana var töluverður fjöldi af þrepum gerður en víða er mjög bratt neðst við bílastæðið.

Ýmislegt var gert til að halda starfsmönnum við efnið og auka starfsánægju þeirra, t.d. var boðið upp á ferðir út á land til að vinna með sjálfböðaliðum Umhverfisstofnunar við ýmis störf. Þeir staðir sem boðið var upp á voru Skaftafell, friðland að Fjallabaki (Landmannalaugar), Mývatn og Snæfellsnes. Umhverfisstofnun sá starfsfólkinu fyrir ferðum, mat og gistingu. Fyrir þá sem ekki áttu heimangengt var ýmislegt annað í boði, s.s. göngutúr upp á topp Esjunnar og köfun í Silfru. Þar að auki voru einstakir hópar verðlaunaðir sérstaklega fyrir dugnað ef þeir kláruðu sín verk fljótt og vel og fengu að fara aðeins fyrr heim þann daginn en gert hafði verið ráð fyrir.

Segja má að sumarátakverkefnið hafi í heildina gengið vel og eru þau svæði sem vinnuhóparnir unnu á í sumar orðin töluvert meira aðlaðandi og öruggari fyrir þá sem þau heimsækja.

Vinnuhóparnir unnu að hinum ýmsu verkefnum.



Staða skólpmála

Umhverfisstofnun ber að taka saman upplýsingar frá heilbrigðinefndum um stöðu skólpmála á tveggja ára fresti og gefa út stöðuskýrslu. Þetta var gert árið 2010 en í henni voru tekin saman gögn fyrir árið 2008. Í þetta sinn var ítarlegri upplýsingum safnað en áður hefur verið gert. Þar sem gögn vantaði um skólplösun var hún reiknuð út frá tölum frá Hagstofnunni. Litlar breytingar hafa orðið á stöðu mála frá fyrri stöðuskýrslu. Heildarlosun skólps var um 800.000 pe. en þ.e. er skammstöfun fyrir persónueiningu, þ.e. magn lífrænna efna sem ein manneskja losar. Um 66% þjóðarinnar býr við viðunandi skólphreinsun.

Í stöðuskýrslunni voru nú í fyrsta sinn teknar saman upplýsingar um fjölda þéttbýlissvæða sem losa yfir 2.000 pe. (33 svæði) og upplýsingar um hvernig þau uppfylla ákvæði skólptilskipunar Evrópusambandsins um söfnun og hreinsun skólps. Talið er að öll svæðin uppfylli skilyrði um söfnun skólps og miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar er viðunandi hreinsun á stærstum hluta skólps frá þessum svæðum. Fimm þeirra losa í ferskvatn og flest þeirra hreinsa allt eða meirihluta af sínu skólpi. Sérstaklega er gerð grein fyrir svæðum sem losa meira 10.000 pe. í strandsjó (11 svæði) og eru þau flest með viðunandi hreinsun á sínu skólpi.

Þessar tölur segja þó ekki alla söguna. Á mörgum minni þéttbýlissvæðum er engin hreinsun á skólpi frá íbúum þó meirihluti skólps af svæðinu sé hreinsaður. Það sem veldur er að á þessum svæðum eru fiskvinnslufyrirtæki sem oftast eru með viðunandi hreinsun á fráveituvatni og eru að losa stóran hluta af öllu skólpinu.

Akstur utan vega

Utanvegaakstur er náttúruverndarmál. Skemmdir á landi eyðileggja upplifun okkar af náttúrunni og rýra framtíðarmöguleika á nýtingu landsins, t.d. í ferðapjónustu. Árið 2010 markaði tímamót þar sem aukin áhersla var lögð á aðgerðir gegn akstri utan vega. Umhverfisstofnun hefur unnið aðgerðaáætlun gegn akstri utan vega til þriggja ára, undir heitinu Ávallt á vegi. Áætlunin er í sex stefnumótandi aðgerðaliðum og gegnir Umhverfisstofnun mikilvægu hlutverki við útfærslu flestra þeirra:

- Skýr lög og reglur um utanvegaakstur
- Góð miðlun upplýsinga um leyfilegar akstursleiðir
- Aukin vitund um utanvegaakstur og náttúruvernd

	Heildarlosun [p.e.]	Hlutfall viðunandi hreinsunar
Egilsstaðir	2,296	75%
Hveragerði	5,000	100%
Hvolsvöllur	2,500	100%
Höfn, Hornafirði	27,731	94%
Selfoss	16,000	0%

Tafla 1. Þéttbýlissvæði með skolplösun yfir 2000 pe. sem losa í ferskvatn.

	Heildarlosun [p.e.]	Hlutfall viðunandi hreinsunar
Höfuðborgarsvæðið	404,027	94.6%
Akureyri	50,000	0%
Vestmannaeyjar	41,229	90%
Neskaupsstaður	39,398	96%
Reykjanesbæ	20,746	59%
Ísafjörður	18,741	87%
Bolungavík	17,380	94%
Grindavík	13,524	79%
Akranes	12,824	48%
Vopnafjörður	12,630	96%
Þorlákshöfn	12,583	87%

Tafla 2. Þéttbýlissvæði með skolplösun yfir 10000 pe.



- Eftirlit með utanvegaakstri og mat á umfangi vandans
- Sátt um nýtingu landsvæða
- Lagfæringar vegna landskemmda
- Aðgerðaáætlunin telst mikilvægur áfangi í þeirri vinnu sem stjórnvöld og hagsmunahópar hafa lagt til málaflöksins á liðnum árum og gegnir því hlutverki að samræma framtíðaraðgerðir á heildstæðan hátt. Markmið átaksins er að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaaksturs. Lagt verður í aukna vinnu á næstu árum til að sporna gegn akstri utan vega, m.a. með eftirfarandi aðgerðum:
- Lagaraminn verður endurskoðaður og gerður skýrari en hann virðist ekki vera nægilega skýr. Í málum þar sem ákært hefur verið vegna utanvegaaksturs hafa dómstólar stundum talið ákvæði laga of óljós til sakfellingar. Refsingar eru of vægar að mati margra og virðast ekki hindra ítrekuð brot.
- Merking leiða utan hins hefðbundna vegakerfis verður bætt. Ferðamenn telja sig ekki alltaf örugga um að vera á löglegum vegi vegna skorts á merkingum og ónákvæmra korta. Ábendingar um kort og kortagrunna sem innihalda villandi upplýsingar um vegi og slóða berast reglulega. Aðeins lítill hluti vega og slóða á hálendinu er stikaður.
- Löglegir vegir verða rétt skráðir á opinberum kortagrunnum sem auðvelt verður að nálgast. Steft er að því að hafa slíkan grunn hjá Landmælingum Íslands.
- Unnið verður að lokun ósamþyktra slóða. Byrjað verður á því innan friðaðra landsvæða, samfara merkingum og viðgerðum á landskemmdum.
- Eftirlit verður hert, sérstaklega á viðkvæmum svæðum. Auka þarf eftirlit almennt með utanvegaakstri. Efla þarf skráningu tilvika til að glöggva sig frekar á umfangi vandans og hvernig miðar í viðleitni til úrbóta. Auka þarf fræðslu fyrir eftirlitsaðila, s.s. lögreglu og landverði. Samræma þarf viðbrögð landvarða og lögreglu við brotum. Sérstaklega verður hugað að friðlýstum svæðum í því sambandi.
- Átak verður gert í fræðslu, m.a. fyrir unga öikumenn og ferðamenn. Beina þarf fræðslu til sem flestra hópa. Vinna þarf fræðslufni fyrir markhópa, s.s. erlenda ferðamenn, ökunema, grunn- og framhaldsskólanema, félög jeppa- og vélhjólamanna, veiðimenn o.fl. Samráðshópur um fræðslumál hefur starfað undanfarin misseri og m.a. gefið út bæklinga og fræðslufni sem dreift er í bílaleigubíla. Skilti með upplýsingum um áhrif aksturs utan vega hafa verið sett upp þar sem ekið er inn á miðhálandið.
- Leitað verður leiða til að bæta aðstöðu fyrir vélhjólafólk og akstursíþróttir. Bæta þarf aðstöðu vélhjólafólks til ferðalaga og akstursíþróttar og greina þarf þeirra til að stunda útivist. Umhverfisstofnun og Landgræðsla geta veitt sveitarstjórnnum ráðgjöf um hentug svæði fyrir akstursíþróttir.
- Unnið verður með ferðapjónustu og útivistarhópum við að skapa sátt um umferð útivistarfólks. Þarf útivistarhópa, s.s. göngufólks, hestamanna, vélhjólamanna og jeppamanna eru oft ólíkar og þarf að vinna með slíkum hópum og aðilum í ferðapjónustu til að skapa sátt um ferðaleiðir og útivist í anda náttúruverndar.
- Ráðist verður í lagfæringar á skemmdum. Töluvert er um skemmdir í nágrenni höfuðborgarinnar, s.s. á Reykjaneskaga og á Hengilsvæði. Að Fjallabaki, á Snæfellsnesi, Héraðssandi og víðar eru svæði þar sem slæm för eftir utanvegaakstur sjást og þarfnast lagfæringar. Vandinn nær einnig til viðkvæmra svæða sem fáir sækja heim og árið 2009 var t.d. akstur utan vega stöðvaður í Þjórsárverum. Í dag er ekki ljóst hvaða lagfæringar henta best fyrir mismunandi landgerðir. Því verður þetta að miklu leyti þróunarvinna sem þarf að framkvæma í áföngum, ásamt greiningu á árangri.

Árið 2010 markaði tímamót þar sem aukin áhersla var lögð á aðgerðir gegn akstri utan vega

Hlutverk
Umhverfisstofnun
rekur sjö
starfsstöðvar
viðsvegar um landið.

Þjónusta á Hornströndum hefur alla tíð verið fremur frumstæð og lítil. Landvörður, líkt og aðrir gestir, dvaldi í tjöldum og ferðaðist fótgangandi um svæðið með farangur sinn og búnað á bakinu



Aðgerðaráætluninni er ætlað að samnýta krafta og tengja saman stofnanir og ráðuneyti sem tengjast á einn eða annan hátt aðgerðum gegn utanvegaakstri. Tveir stöðufundir hafa verið haldnir og þegar ljóst að samhæfingin skilar árangri við upplýsingamiðlun og ákvörðunartöku.

Á síðasta ári var einnig hafið samstarf við sjálfstæða kortaútgefendur um birtingu fræðslutexta gegn akstri utan vega

Samráðshópur um fræðslu gegn akstri utan vega hefur fengið endurnýjað umboð fyrir starfi sínu, og skilgreint fræðsluhlutverk í aðgerðaaætlun stjórnvalda. Áhersla var lögð á að fylgja eftir verkefnum sem sett var á laggirnar árið 2009. Samráðshópurinn mun í framhaldi leggja aukna áherslu á fræðslu til ungra ökumanna, veiðimanna og til aðila sem lögum samkvæmt hafa leyfi til aksturs utan vega vegna sérstakra starfa. Umhverfisstofnun stóð fyrir endurprentun fræðslubæklinga gegn akstri utan vega, sem var komið í dreifingu til bílaleiga, helstu ferðamannastaða og veiðimanna. Bílaleigur voru með stýrisþjald með fræðslu um akstur utan vega sem fylgir bílum í útleigu. Vegagerðin vann að uppsetningu skila gegn akstri utan vega við helstu innkomuleiðir inn á hálendi Íslands. Upp eru komin 20 skilti af 30 sem stendur til að setja upp á þriggja ára tímabili. Sams konar skilti voru einnig sett upp við aðkomu inn í Reykjanesfólkvang, og virðast þau hafa skipt máli við að bæta umferðarmenningu á svæðinu, skv. fulltrúa fólkvangsins. Samstarf við Slysavarnafélag Landsbjargar var styrkt með þátttöku í „Safetravel.is“ verkefni þeirra. Slysavarnafélagið var með starfsmann við landgöngu Norrænu þar sem fræðsluefni gegn akstri utan vega var komið á framfæri. Einnig fékk Slysavarnafélagið

tilkynningareyðublöð fyrir tilvik af akstri utan vega og fræðslubæklinga fyrir hálendiseftirlit sumarsins. Landverðir Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs voru mjög virkir í sumar við fræðslu, tilkynningar á tilvikum á akstri utan vega og fyrirbyggjandi aðgerðir. Búið er að taka saman skráð tilvik af akstri utan vega frá landvörðum og lögreglustjóraembættum fyrir árið 2009. Verið er að safna samsvarandi tölum fyrir árið 2010. Það er fyrst hægt að greina slík gögn þegar þau ná yfir lengri tíma en eitt ár. Einnig er þörf á að tengja þá skráningu við talningu á umferð inn á hálendið. Á síðasta ári var einnig hafið samstarf við sjálfstæða kortaútgefendur um birtingu fræðslutexta gegn akstri utan vega á fjórum tungumálum á nýjum landakortum IÐNÚ og að hafa útgefinn fræðslubækling með nýju kortasafni Máls og menningar. Samráð er einnig hafið við kortaútgefendur um skilgreiningu leiða og lokun villislóða. Síðastliðið haust var byrjað að sýna skjáauglýsingar gegn akstri utan vega í sjónvarpi þegar veiðitímabil hófust. Auglýsingarnar vöktu athygli og eru taldar líklegar til árangurs. Hugsanlega má fjölga slíkum auglýsingum fyrir mismunandi markhópa og birta árstíðabundið.

Aukin umfjöllun fjölmiðla á málefni akstur utan vega árið 2010 vakti athygli og ber þar helst að nefna umfjöllun í Morgunblaðinu sl. vor. Sú umfjöllun var vönduð og upplýsandi. Umhverfisstofnun mun leggja áherslu á náið samstarf við fjölmiðla og koma á framfæri áherslum stofnunarinnar varðandi málefnið.



Árið 2010 hefur einkennst af aukinni vakningu varðandi akstur utan vega á Íslandi. Landverðir og starfsmenn Reykjanesfólkvangs telja að minna hafi verið um akstur utan vega árið 2010. Ef það er raunin, væri óskandi að það væri vegna aukinnar fræðslu á vegum stjórnvalda, félagasamtaka, bílaleiga og tryggingarfélaga og vegna umfjöllunar fjölmiðla. Hins vegar er ljóst að umferð var minni á hálendi Íslands árið 2010. Því telst mikilvægt að fylgjast með fjölda tilvika af akstri utan vega á staðlaðan hátt ásamt því að skoða þau með tilliti til umferðarlags á viðkomandi svæðum.

Þjónustuhús í Höfn, Hornvík

Hornstrandafriðland var friðlýst árið 1975. Í kjölfar friðlýsingarinnar var ráðinn landvörður til fárra vikna hvert sumar og snerist starf hans fyrstu árin í uppbyggingu innviða, s.s. setja upp skilti og smíða kamra. Þjónusta á svæðinu hefur alla tíð verið fremur frumstæð og lítil. Landvörður, líkt og aðrir gestir, dvaldi í tjöldum og ferðaðist fótgangandi um svæðið með farangur sinn og búnað á bakinu. Upp úr árinu 2000 fjölgaði landvarðarvikum og var landvörður staðsettur á svæðinu meginhluta ferðamannatímabilsins.

Landvörður, líkt og aðrir gestir, fór þó ekki varhluta af veðri og í vætusumrum gat verið erfitt að sinna landvörslu í langan tíma. Landvörður þurfti því að yfirgefa svæðið af og til og forða sér til byggða, hrakinn og með blautan búnað. Ekki síst átti það við ef slæm veður gengu yfir og var því friðlandið oft án landvarðar þegar helst þurfti á honum að halda.

Árið 2008 var ráðinn landvörður í friðlandið í fullt starf og í kjölfar þess var ákveðið að ráðast í byggingu lítills þjónustuhúss í Höfn, Hornvík, enda er sá staður einna mest sóttur ferðamannastaða í friðlandinu. Leyfi fékkst hjá landeigendum fyrir stöðu hússins. Hafist var handa við smíðina sumarið 2009 og lauk henni ári síðar.

Húsið er þrískipt og eru almenningssalerni í öðrum hluta þess en landvarðarými í gagnstæðum hluta. Forstofa með þurrkaðstöðu skilur milli hlutanna.

Með tilkomu hússins gjörbreyttist aðstaða landvarðar og samhliða jókst viðverutími hans á svæðinu. Ekki síst bætti aðstaðan öryggi á svæðinu, þar sem nú má ganga að landverði vísu í Hornvík allt sumarið, hvernig sem viðrar. Fjarskipti hafa verið bætt og ýmis neyðarbúnaður er í húsinu.

Upplýsingahlutverk hússins kom þó sennilega mest á óvart. Nær allir ferðamenn sem koma í Hornvík sækja húsið heim til upplýsingaöflunar, skrafs og ráðagerða eða til að sækja sér fræðslu. Aukin áhersla er nú lögð á að fræða og auka virðingu ferðamanna fyrir svæðinu, svo og friðlýsingu almennt og til bættrar umgengni um friðlandið og leikur þjónustuhúsið þar stórt hlutverk. Á komandi árum er þess vænst að annað sambærilegt hús risi á sunnanverðu svæðinu og mun tilkoma þess og hússins í Höfn, gjörbreyta landvörslu og náttúruvernd svæðisins.

Nú má ganga að landverði vísu í Hornvík allt sumarið, hvernig sem viðrar. Fjarskipti hafa verið bætt og ýmis neyðarbúnaður er í húsinu

Verndaráætlun þjóðgarðsins staðfest

Undirheimar Vatnshellis opnaðir og verndaráætlun staðfest af ráðherra

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þann 15. júní 2010 og opnaði við það tækifæri Undirheima Vatnshellis. Ráðherra undirritaði þann hluta verndaráætlunarinnar þar sem meginmarkmiðin eru tilgreind. Aðrir hlutar fylgja með sem viðaukar en þeir eru heildarsamantekt, framkvæmdaáætlun, verkefnaáætlun, umfjöllun um jarðminjar, lífríki og menningarminjar.

Markmið verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja. Í því felst m.a. að náttúra þjóðgarðsins fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er, um leið og almenningi er gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Í verndaráætlun er gerð grein fyrir þeim verðmætum sem viðkomandi svæði býr yfir og hvert verndargildi þess er. Með verndaráætlun er horft til framtíðar og hugsað til þess hvernig við viljum að ástand staðarins verði í framtíðinni og hvernig við getum stuðlað að því að svo verði. Fleiri ferðamönnum fylgir aukið álag á náttúruna og eykur það þörf á skipulagi vegna verndunar innan þjóðgarðsins.

Verndaráætlunin felur í sér stefnumörkun og er jafnframt stjórnæki sem tekur m. a. á landvörslu, skipulagi, vernd og stjórnun.

Starfsmenn þjóðgarðsins unnu verndaráætlunina en að þeirri vinnu kom einnig ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins, starfsmenn Umhverfisstofnunar og sérfræðingar frá öðrum stofnunum. Verndaráætlunin var send út til umsagnar til stofnana auk þess sem almenningur gat sent inn athugasemdir þar sem hún var aðgengileg á vef Umhverfisstofnunar og hjá bæjarfélögum á Snæfellsnesi.

Verndarráðstafanir og framkvæmdir á friðlýstum svæðum

Nýtt verklag tekið upp við skipulag framkvæmdaáætlana á friðlýstum svæðum

Á árinu var tekið upp nýtt verklag við skipulag framkvæmdaáætlana á friðlýstum svæðum hjá Umhverfisstofnun. Árið 2010 var mikið framkvæmdaár og ljóst að úrbóta var þörf við skipulagningu verkefna en um margar þessar framkvæmdir má lesa í öðrum köflum ársskýrslunnar. Vegferðin hófst árið 2008 með nýju skipuriti stofnunarinnar þar sem allir ferlar varðandi framkvæmdamál voru skoðaðir með nýjar og skilvirkari lausnir í huga. Við mótun framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2010 var byrjað á að hafa náð samráð við viðeigandi starfsmenn og þeir beðnir um að koma með hugmyndir að framkvæmdum ársins á sérstöku eyðublaði sem nefnt er „verndarráðstöfun“. Nafngiftin helgast af því að framkvæmdir á friðlýstum svæðum eiga í eðli sínu að varðveita og efla verndargildi viðkomandi svæðis



og viðhalda gildi þess á sviði náttúruverndar. Öllum verndarráðstöfunum er síðan raðað í forgangsröð eftir mikilvægi og fjármunum til ráðstöfunar. Að lokum var búin til framkvæmdaáætlun, öðru nafni „áætlun um verndarráðstafanir á friðlýstum svæðum“ þar sem fram koma markmið verndarráðstöfunarinnar og ábyrgðarmenn og hvernig hún samræmist verndarsjónarmiðum svæðisins ásamt ítarlegu kostnaðarmati, viðeigandi hönnunarforsendum, leyfisveitingum og fleiru sem málið varðar. Með þessu verklagi er tryggt að verndarráðstöfunin eflir og standi vörð um verndargildi svæðisins og að kostnaður fari ekki fram úr áætlun. Þetta ferli verður hluti af nýju gæðakerfi Umhverfisstofnunar og þróast eftir lögmálum gæðastjórnunar.

Minkaveiðiáttak

Þegar farið var að liða að lokum minkaveiðiáttaks í Eyjafirði og á Snæfellsnesi sem hófst árið 2007 og lauk 2009, voru menn sammála að mikilvægt væri að glata ekki þeim árangri sem náðst hafði á meðan verið væri að vinna úr gögnum sem safnað hefði verið saman.

Tekin var ákvörðun um að reyna að varðveita árangurinn en ljóst var að ekki næðist að halda sama krafti og áður. Umhverfisstofnun tók að sér að skipuleggja framkvæmd veiðanna.

Þess var farið á leit við þá veiðimenn sem þátt tóku í áttakinu að þeir tækju málið að sér og var því vel tekið. Í Eyjafirði var svæðaskipting með sama hætti og í áttakinu 2007-2009 en á Snæfellsnesi þurfti að gera nokkrar breytingar á skipulaginu. Þar tók einn veiðimaður að sér að sjá um gildruveiðar á mörkum svæðisins en tveir veiðimenn tóku að sér veiði með hundum.

Markmiðið var að takmarka innstreymi minka á svæðið og fækka þeim minkum sem enn voru

eftir. Þetta var gert með því að endurskipuleggja gildrulagnir og flytja gildrur á endamörk svæðisins til að girða fyrir innstreymi minka eða flytja gildrur á heppilegri staði þar sem líklegra var að veiddist í þær. Þessu til viðbótar var leitað með hundum um vorið.

Veiðar ársins 2010 gengu ágætlega, þótt veiðimenn hefðu viljað fá heldur meiri tíma til veiðanna. Í Eyjafirði veiddust 20 minkar en á Snæfellsnesi veiddust 27 minkar á árinu og 15 þar fyrir utan svo vitað sé.

Telja verður að markmiðum hafi verið náð ef marka má það sem íbúar svæðanna segja en þeir byggja á því hve fuglalíf hefur tekið við sér og hve miklu minna verður vart við mink en áður. Menn verða þó að vera á varðbergi því minkurinn fjölgar sér hratt ef hann er látinn óáreittur.

Landvarsla

Landverðir starfa á náttúruverndarsvæðum og hafa Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Þingvallabjörggarður ráðið landverði til starfa á sumrin og í sumum tilfellum til lengri tíma. Hlutverk landvarða er m.a. að taka á móti gestum og veita þeim upplýsingar um náttúru og staðhætti svæða, gististaði, gönguleiðir og akvegi og annað sem ferðamanninn fýsir að vita. Landverðir gæta þess einnig að svæðum í þeirra umsjá sé ekki spillt og farið sé eftir settum reglum. Í flestum tilfellum bjóða landverðir gestum upp á gönguferðir undir þeirra leiðsögn, svokallaðar náttúrutúlkunarferðir, en náttúrutúlkun er sérstök tegund fræðslu til að auka ánægju, upplifun og áhuga ferðamanna á umhverfinu.

Árið 2010 störfuðu alls 16 landverðir á náttúruverndarsvæðum í umsjón Umhverfisstofnunar og sinntu þeir um 152 vinnuvikum sem samsvarar til um þriggja ársverka. Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á svæðalandvörslu undanfarin ár, þar sem

landverðir sinna mörgum svæðum á afmörkuðu landsvæði, og hefur reynst vel.

Flestir landverðir störfuðu í þjóðgarðinum Snæfellsjökli, eða fimm talsins. Þeir fyrstu hófu störf í lok maí og en sá síðasti hætti störfum í annarri viku september. Alls voru landvarðavikur í Snæfellsjökli 50 talsins. Einnig hafa landverðir í þjóðgarðinum umsjón með náttúruvættinu Bárðarlaug og friðlöndunum Búðahraun og Ströndin við Stapa og Hellna.

Þrír landverðir störfuðu á verndarsvæði Mývatns og Laxár sumarið 2010 í alls 35 vikur. Sá fyrsti kom til starfa um miðjan maí og sá síðasti fór um miðjan september. Landverðir á verndarsvæði Mývatns og Laxár hafa einnig umsjón með friðlandinu Vestmannsvatni og náttúruvættinu Skútustaðagígum. Auk þessa höfðu landverðirnir eftirlit með Dimmuborgum í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

Á Hornströndum starfaði einn landvörður, frá 6. júlí fram til 6. ágúst, með starfsmanni Umhverfisstofnunar á Ísafirði sem hefur umsjón með friðlandinu árið um kring.

Umhverfisstofnun hefur undanfarin ár rekið svæðalandvörslu á suðurlandi þar sem tveir landverðir hafa haft umsjón með friðlandi að Fjallabaki. Landverðirnir höfðu aðsetur í Landmannalaugum og störfuðu það að stærstum hluta til en einnig höfðu þeir umsjón með Geysi og Gullfossi, Pollengi og Tunguey. Hófu landverðirnir störf um miðjan júní og hættu þeir störfum upp úr miðjum ágúst.

Á vesturlandi starfaði einn landvörður sem hafði umsjón með fimm friðlýstum svæðum, þ.e. Eldborg í Hnappadal, Grábrókagígum, Hraunfossam og Barnafoss, Geitlandi og Húsafellsskóg. Auk þessa heimsótti landvörður í nokkur skipti Vatnshornsskóg, Grunnafjörð og Blautós og Innstavogsnes. Landvörður hóf störf 1. júní og starfaði fram yfir miðjan ágúst.

Telja verður að markmiðum minkaveiðiáttaksins hafi verið náð ef marka má það sem íbúar svæðanna segja en þeir byggja á því hve fuglalíf hefur tekið við sér og hve miklu minna verður vart við mink en áður

Árið 2011 störfuðu alls 16 landverðir á náttúruverndarsvæðum í umsjón Umhverfisstofnunar og sinntu þeir um 152 vinnuvikum sem samsvarar til um þriggja ársverka

Annað árið í röð starfa tveir landverðir á miðhálandi Íslands frá 30. júní til 10. ágúst. Höfðu þeir umsjón með Hveravöllum, Guðlaugstungum og Þjórsárveri. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að bæta aðstöðu landvarða á miðhálandinu sem er nú afar rýr og varð til þess að annar landvörðurinn var fluttur af svæðinu vestur í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Stofnunin telur sig ekki geta haft landverði á þessu svæði fyrr en bætt hefur verið úr aðstöðuskorti landvarða og leitar nú leiða í þeim efnum.

Náttúrustofa Norðurlands Vestra hefur nú í nokkur ár í samstarfi við Umhverfisstofnun verið með landvörð við Austara Eylendið og friðlandið Miklavatn í Skagafirði. Hefur landvörðurinn talið fugla á svæðinu og stundað rannsóknir auk þess að hafa eftirlit og taka á móti gestum. Allir landverðir skila skýrslum eftir sumarið þar sem fram kemur hver helstu verkefni þeirra voru og einnig hvort úrbóta sé þörf.

Landvarðanámsskeið

Í byrjun árs 2010 var haldið landvarðanámsskeið. Slík námsskeið eru að meðaltali haldin annað hvert ár. Nemendur voru rúmlega 30 og komu víðsvegar að af landinu. Sú nýbreytni var gerð á fyrirkomulagi námsskeiðsins að nú var það einnig boðið í fjarnámi en til þessa hefur eingöngu um staðnám verið að ræða. Fjarnámið gafst vel fyrir og fjölgaði mjög nemendum af landbyggðinni.

Kennsla á námsskeiðinu fór að mestu fram í húsnaði Umhverfisstofnunar á Suðurlandsbraut. Einnig voru farnar vettvangsferðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og fjögurra daga námssferð í Skaftafell. Námsskeiðið skiptist í fjölmörg örnámsskeið og komu alls 15 kennarar að því. Flestir kennaranna starfa á vegum þeirra stofnana sem hafa umsjón með rekstri friðlanda og Þjóðgarða hérlendis.

Námsskeiðið mótast af störfum landvarða. Þeir eru augu og eyru svæða sinna, enda dvelja þeir þar starfstíma sinn. Þeir skapa tengsl milli friðlýsta svæðisins og gesta og ýmissa hagsmunaaðila. Þeir þurfa að búa yfir staðbundinni þekkingu á svæði sínu, hvað sjá má og upplifa, náttúruferðir, dýralífi og sögu. Mikilvægur hluti starfs þeirra er að svara fyrirspurnum gesta, fræða þá og upplýsa. Landverðir sjá fyrir hugsanleg vandamál sem kunna að koma upp, s.s. skemmdir á göngustígum, skiltum, vegvísingum og öðru sem þarfnað lagfæringa. Einnig bera þeir ábyrgð á verkefnum með sjálfbóðaliðum og starfsmönnum svæðisins. Þeir þurfa sífellt að vera vakandi fyrir hagsmunum svæðisins og benda á það sem betur má fara.

Langstærsti hluti námsskeiðsins fjallar um fræðslu og umhverfistúlkun, enda er það stór hluti í starfi margra landvarða. Námssferð í Skaftafell fjallar nær eingöngu um umræddan þátt starfsins.



Yfir 160 sjálfbóðaliðar tóku þátt í sjálfbóðaliðastarfinu frá öllum heimshornum. Flestir komu frá Englandi, Frakklandi, Spáni og Kanada

Öll námsskeið voru tekin upp og sett á veraldarvefinn, þar sem fjarnemar gátu nálgast fyrirlestra þegar þeim hentaði. Þeir fengu úthlutað verkefnum sem þeir þurftu að vinna hver fyrir sig, staðarnemar unnu hins vegar yfirleitt í hópum. Áhersla var lögð á virkni þátttakenda, jafnt í stað- sem fjarnámi.

Með lagabreytingu árið 2009 fékk Umhverfisstofnun heimild til þess að innheimta námsskeiðsgjöld af nemendum og skulu þau standa undir kostnaði við landvarðanám. Námsskeiðsgjöld árið 2010 voru 120.000 krónur. Helmingur nemenda kom af landsbyggðinni og má þakka fjarnáminu það. Nemendur voru mjög áhugasamir, umræður kraftmiklar í námslotum og reynslusögur margar, enda komu þeir úr ýmsum geirum samfélagsins og með margs konar þekkingu, nám og reynslu. Margir sóttu um störf í landvörslu að námi loknu og fengu flestir stöður. Ávallt eru þó í hópnum nemendur sem sækja landvarðanámsskeið af áhuga á náttúru og náttúruvernd eða til þess að dýpka aðra þekkingu, s.s. á leiðsögn og fararstjórn, án þess að sjálf landvarðarstarfið sé driffjöðrin.

Umhverfisstofnun ber að halda námsskeið í landvörslu og tryggja þannig nægt framboð menntaðra landvarða til starfa á náttúruverndarsvæðum og Þjóðgördum. Slík námsskeið hafa verið haldin um langt skeið. Með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs hefur þörfin á menntuðum landvörðum aukist. Jafnframt má gera ráð fyrir því að á komandi árum verði aukin krafa um fjölgun landvarða á verndarsvæðum samhliða auknum ferðamannastráum.



Sjálfbóðaliðar luku t.d. endurgerð göngustígs á Grábrókargígsvæðinu og við Hraunfoss og fjarlægðu lúpínu í Vatnshornsskógi, Skorradal.

Sjálfbóðaliðastarf Umhverfisstofnunar

Á árinu 2010 unnu sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar samtals 580 vinnuvikur í sjálfbóðaliðastörfum við ýmis konar náttúruverndarverkefni allt í kringum Ísland. Verkefni voru á svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar, í Vatnajökuls- og Þingvallabjörggarði og voru stærstu verkefni í Skaftafelli, friðlandi að Fjallabaki, Jökulsárgljúfrum og á Mývatni. Að auki voru unnin sérstök verkefni sem voru skipulögð af Skógrækt Reykjavíkur við Esjuna og af landeigendum á Mývatni við Mývatn.

Aðalvinna sjálfbóðaliða er viðhald göngustíga og getur sú vinna m.a. falið í sér að setja upp skilti, gera frárennisbrautir/dren fyrir vatn og að byggja göngupallastíga. Auk þessara tiltekinna verkefna hafa sjálfbóðaliðar einnig unnið að öðrum verkefnum sem nú eru mörg hver á lokastigi. Mörg þeirra verkefna hafa farið fram á hálandinu og fela meðal annars í sér að fjarlægja lúpínu og græða mosa á skemmd svæði á Lakasvæðinu.

Mörg verkefnanna sem sjálfbóðaliðar hafa tekið að sér undanfarin ár eru verkefni sem hafa verið unnin ár eftir ár en á árinu 2010 varð aukning á nýjum verkefnum á Vesturlandi. Sjálfbóðaliðar luku t.d. endurgerð göngustígs á Grábrókargígsvæðinu og við Hraunfoss og fjarlægðu lúpínu í Vatnshornsskógi, Skorradal. Þessi vinna var hluti af verkefnum Umhverfisstofnunar á minni friðlýstum svæðum.

Yfir 160 sjálfbóðaliðar tóku þátt í sjálfbóðaliðastarfinu frá öllum heimshornum. Flestir komu frá Englandi, Frakklandi, Spáni og Kanada. Umhverfisstofnun sá um þjálfun þeirra sjálfbóðaliða sem störfuðu í göngustígahópum allt sumarið eða í 11 vikur. Þessir sjálfbóðaliðar taka þátt í færnisþjálfun í byrjun sumars og er síðan skipt í smærri vinnuhópa sem ferðast á milli svæða, þar sem þeir vinna að verkefnum í 1-2 vikur í senn. Á meðan flest verkefni eru unnin búa sjálfbóðaliðarnir í tjöldum nærri þeim svæðum sem verkefni eru framkvæmd. Auk þessara hópa tekur Umhverfisstofnun á móti sjálfbóðaliðum sem koma til styttri dvalar frá ýmsum samstarfsaðilum og dvelja þeir að jafnaði í 1-2 vikur á tilteknu svæði í senn.

Auk þessara tiltekinna verkefna hafa sjálfbóðaliðar einnig unnið að öðrum verkefnum sem nú eru mörg hver á lokastigi

Landvarðanámsskeið eru haldin að jafnaði annað hvert ár

Umhverfisstofnun ber að halda námsskeið í landvörslu og tryggja þannig nægt framboð menntaðra landvarða til starfa á náttúruverndarsvæðum og Þjóðgördum



UMHVERFISSTOFNUN



MARKMIÐ 2008-2012

STUÐLA AÐ VERNDUN OG SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA DÝRASTOFNA



VILLTIR DÝRASTOFNAR

Á MÁLÞINGINU VAR FJALLAÐ
UM STEFNU Í SJÁLFBÆRRI
VEIÐISTJÓRNUN OG MAT Á
ÞVÍ HVERNIG VEIÐISTOFNAR
SEM VERIÐ ER AÐ NÝTA
FALLA AÐ ÞEIRRI STEFNU

Málþing um skotveiðar

Kynnt var sú ákvörðun Umhverfisstofnunar um að haldnir yrðu samráðsfundir varðandi veiðimál með helstu hagsmunaaðilum þar sem horft er til næstu 15 ára

Í mars var haldið málþing um stöðu veiðistofna á Íslandi. Á málþinginu komu fram áhugaverðar og fræðandi upplýsingar um ástand helstu veiðitegunda og framtíðarhorfur. Málþingið snerist einnig um sjálfbæra veiðistjórnun og veiðar, siðferði veiðimanna, ábyrga stjórnun veiða, ábyrgar veiðar og annað markvert. Kynnt var sú ákvörðun Umhverfisstofnunar um að haldnir yrðu samráðsfundir varðandi veiðimál með helstu hagsmunaaðilum þar sem horft er til næstu 15 ára.

Á málþinginu var fjallað um stefnu í sjálfbærri veiðistjórnun og mat á því hvernig veiðistofnar sem verið er að nýta falla að þeirri stefnu. Í fyrirlestrum var farið yfir stöðu rjúpna, gæsa, anda og hreindýra og fram kom að staða þessara stofna er ágæt. Staða og horfur hjá stofnum svartfugla er ekki eins björt og hefur afkoma þeirra versnað verulega síðustu árin.

Mikilvægt er að halda slíka fundi til að koma upplýsingum um stöðu veiðistofna til skotveiðimanna svo hægt sé að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku við veiðistjórnun.

Hreindýraveiðar

Veiðar á veiðisvæði tvö voru töluvert ólíkar seinustu árum þar sem hjarðir færðu sig af Fljótsdalsheiði austur fyrir Jökulsá í Fljótsdal

Veiðikvótinn fyrir árið 2010 var 1272 hreindýr. Eins og áður skiptist kvótinn á níu veiðisvæði. Heimilt var að fella 860 kýr og 412 tarfa. Veiðikvótinn er gefinn út af umhverfisráðuneytinu eftir tillögu frá Náttúrustofu Austurlands sem lögð var fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Austurlands er sá aðili sem sér um vöktun hreindýrastofnsins. Umhverfisstofnun sér um að auglýsa og selja hreindýraveiðileyfin. Eftir að kvóti hefur verið gefinn út er auglýstur umsóknarfrestur. Umsóknir



bárust frá ríflega 3800 veiðimönnum. Dregið er úr umsóknum í tölvuútdrætti. Engum er heimilt að fara til hreindýraveiða án leiðsögumanns sem er með útgefið leyfi frá Umhverfisstofnun til að starfa sem slíkur. Starfandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum á seinasta veiðitímabili voru um 80 talsins.

Veiðitímabil tarfa var frá 15. júlí til 15. september. Veiðitímabil á kúm var frá 1. ágúst en í fyrsta skipti var heimilt að veiða kýr til 20. september. Einnig var nýmæli að ekki var heimilt að fella kálfa sem gengu undir felldum kúm. Kálfar voru því friðaðir og var það gert eftir tillögu frá Náttúrustofu Austurlands. Kemur það í ljós á næstu árum hvaða áhrif friðunin hefur á hreindýrastofninn. Ákveðið var að loka veiðisvæði níu frá og með 21. ágúst, ástæðan var sú að mun færri dýr voru á veiðisvæðinu heldur en veiðikvóti ársins byggðist á. Veiðileyfishafar á því svæði fengu endurgreiðslu. Í heild gengu veiðarnar vel að öðru leyti. Veiðar á veiðisvæði tvö voru töluvert ólíkar seinustu árum þar sem hjarðir færðu sig af Fljótsdalsheiði austur fyrir Jökulsá í Fljótsdal. Leyft var að fella fleiri kýr af kvótanum sem útgefinn var á veiðisvæði tvö á veiðisvæði eitt til að bregðast við þessu. Veiðitímabilið 2010 voru felld 1229 hreindýr, þar af 401 tarfur og 828 kýr. Mestu munar hér

um að ekki voru felld 37 dýr af útgefnum kvóta á veiðisvæði níu vegna lokunar svæðisins. Arður af hreindýraveiðum er greiddur til um 750 landeiganda og ábúenda á jörðum á útbreiðslusvæði hreindýra á Austurlandi sem skipt er niður í 19 ágangssvæði.

Hvítabjörn í Þistilfirði

Miðvikudaginn 27. janúar 2010 kl.13:14 barst neyðarlínu tilkynning um að hvítbjörn væri genginn á land í Þistilfirði og staðfesti lögregla á staðnum það skömmu síðar. Þá voru þrjár skyttur úr sveitinni kallaðar til, allt menn með mikla reynslu af dýraveiðum. Yfirlögregluþjónn á Húsavík gerði Umhverfisstofnun viðvart um björninn og var þegar hafist handa við að undirbúa aðgerðir og meta aðstæður. Haft var samband við umhverfisráðuneyti, Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofu Norðvesturlands, Náttúrustofu Norðausturlands og héraðsdýralækni auk yfirlögregluþjóns á Sauðárkróki vegna reynslu hans af komu hvítbjarna snemmsumars 2008. Veður var rýsjótt í Þistilfirði þennan dag og höfðu lögregla og skyttur misst sjónar af birninum í eljagangi. Stofnunin fór yfir aðstæður og tók undir mat lögreglunnar að nauðsynlegt væri að fella björninn við

fyrsta tækifæri vegna veðurs og nálægðar við byggð. Um það bil tveimur og hálfum tíma eftir tilkynningu um björninn, eða kl 15:40, barst svo tilkynning um að bóndi í firðinum hefði felld björninn. Talið er að dýrið hafi ferðast allt að 8 km frá þeim stað þar sem til þess sást fyrst. Starfsmenn Umhverfisstofnunar komu á staðinn um kl 18:00, fjarlægðu hræið og færðu Náttúrustofu Norðvesturlands en starfsmenn þar höfðu einnig fengið hræ þeirra bjarna er gengu á land 2008. Eftir að hafa flegið dýrið sendu þeir hræið áfram á Tilraunastöðina á Keldum þar sem það var krufið. Dýrið reyndist vera birna, 173 cm löng og 138 kg í góðu ásigkomulagi, áætlaður aldur um fjögurra ára.

Umhverfisstofnun starfaði í samræmi við niðurstöðu starfshóps um viðbrögð við landgöngu hvítbjarna sem skipuð var í kjölfar landgöngu tveggja hvítbjarna árið 2008. Niðurstaða starfshópsins var að fella beri hvítabirni sem ganga á land. Fyrir því eru þrenn meginrök, í fyrsta lagi öryggissjónarmið, í öðru lagi stofnstærðarrök og í þriðja lagi kostnaður við björgunaraðgerðir. Til þess að reyna björgun þurfa að vera ákjósanlegar aðstæður, s.s. að fólki stafi ekki hætta af, skyggni sé gott og tryggt að dýrið sleppi ekki út í vatn eða sjó. Aðstæður í Þistilfirði voru ekki ákjósanlegar til þess að reyna björgun.

Hvítabjörn gekk á land í Þistilfirði í janúar.



UMHVERFISSTOFNUN


MARKMIÐ 2008-2012

KYNNA RÉTT ALMENNINGS TIL AÐ
NJÓTA ÚTIVISTAR Í NÁTTÚRUNNI
OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA
LÝÐHEILSU LANDSMANNA



ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA

GOSIÐ Á FIMMVÖRÐUHÁLSI
LEIDDI TIL ÞESS AÐ
ELDRI GÖNGULEIÐ UM
FIMMVÖRÐUHÁL VARD
ÓFÆR OG ÚTFÆRA ÞURFTI
NÝJA GÖNGULEIÐ



Ný gönguleið yfir Goðahraun á Fimmvörðuhálsi

Gosið á Fimmvörðuhálsi leiddi til þess að eldri gönguleið um Fimmvörðuháls varð ófær og útfæra þurfti nýja gönguleið. Fjölmargir tengdir aðilar tóku sig saman og fundu um framtíð gönguleiðarinnar og hugsanlegt leiðarval. Að ýmsu þurfti að gæta við val á nýrri gönguleið, s.s. að ekki yrði mikil röskun á nýja hrauninu en jafnframt að ferðamaðurinn gæti notið hins stórkostlega landslags og náttúruminja sem er að finna á svæðinu. Öryggi ferðamanna, verndun nýja hraunsins og hegðun göngufólks á svæðum sem þessum voru höfuðmarkmið framkvæmdarinnar. Stikun leiðarinnar var framkvæmd í samstarfi eftirtalinna aðila: Ríkislögreglustjóra-Almannavarnadeild, sýslumannsins og lögreglunnar á Hvolsvelli, Rangárbings eystra, Skógræktar ríkisins, Ferðafélags Íslands, Ferðamálastofu, Útivistar, Farflugla og Umhverfisstofnunar.

Úr varð sú gönguleið sem sést á meðfylgjandi mynd. Gönguleiðin er aðeins frábrugðin hinni eldri en hún þræðir Goðahraun um gígana Magna og Móða. Gönguleiðin var stikuð m.a. af ferðafélaginu Útivist og er leiðin merkt nú með gulum stikum. Umhverfisstofnun vill benda á að mikil gosaska er á öllu svæðinu og getur orðið mikil svifryksmengun og villugjarnt þegar hreyfir vind. Einnig er hraun lengi að kólna og hætta er á göngufólk brennist ef farið er út fyrir merka gönguleið. GPS feril af gönguleiðinni má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

GPS feril af gönguleiðinni má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar

Unnið var að skiltagerð fyrir fjölmarga staði á árinu

Fræðslu- og aðkomuskilti

Umhverfisstofnun ber samkvæmt lögum að annast miðlun fræðslu á náttúruverndarsvæðum og beita sér fyrir almennri fræðslu um náttúruvernd. Stofnunin vinnur eftir fræðsluáætlun sem nær til ársins 2014 og felur í sér uppsetningu skilta, bæklingagerð og fræðsluefni fyrir netið.

Árið 2010 voru sett upp aðkomu- og fræðsluskilti við náttúruvættin Surtarbrandsgil og Steðja ásamt þremur skiltum í Guðlaugstungum. Skilti fyrir Hveravelli er að mestu leyti tilbúið til uppsetningar og verður það sett niður næsta sumar. Á áætlun fyrir árið 2010 var einnig að setja niður þrjú skilti í Þjórsárverum en því frestað vegna áforma um stækkun friðlandsins. Frestað var uppsetningu skiltis fyrir Surtsey vegna opunar Surtseyjarstofu og mun það skilti að öllum líkindum verða tilbúið til uppsetningar sumarið 2011. Til eru skilti fyrir Teigarhorn en þau hafa ekki verið sett upp vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem upp komu á svæðinu. Skiltin munu að öllum líkindum fara upp sumarið 2011.

Með tilkomu Surtseyjarstofu gefst innlendum og erlendum ferðamönnum tækifæri til að kynna einstöku náttúrufari Surtseyjar

Í Snæfellsjökulsþjóðgarði voru sett upp fjögur aðkomu- og fræðsluskilti og eru þau við Svalþúfu, við Djúpalónssand og við Skálasnagavita. Á Mývatni var sett upp skilti utan á gestastofuna sem sýnir helstu svæðin sem ferðamenn heimsækja. Einnig var framleitt fræðsluskilti á ensku undir fyrirsögninni What is so special about Mývatn? og verður það sett upp sumarið 2011.

Surtseyjarstofa

Þann 2. júlí 2010 var opnuð gestastofa fyrir friðlandið Surtsey, Surtseyjarstofa, í Vestmannaeyjum. Surtseyjarstofa hýsir skrifstofu Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og Surtseyjarsýningu sem er byggð á sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sett var upp í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af 40 ára goslokaafmæli Surtseyjar og tilnefningu hennar á heimsminjaskrá UNESCO, Menningamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna árið 2007.

Þegar íslensk stjórnvöld ákváðu að tilnefna Surtsey á heimsminjaskrá UNESCO varð fljótlega ljóst að til að styrkja stöðu hennar enn frekar þyrfti að efla alla fræðslu og kynningu á sérstöðu eyjarinnar. Í framhaldi bauðst Náttúrufræðistofnun Íslands til að setja upp sýningu til tveggja ára í Þjóðmenningarhúsinu um náttúrufar Surtseyjar og þær rannsóknir sem þar hafa farið fram frá upphafi eldgossins til ársins 2006. Að tveimur árum liðnum yrði hún sett upp í fyrirhugaðri gestastofu friðlandsins sem til stóð að opna í Vestmannaeyjum. Leit að hentugu húsnæði

fyrir sýninguna í Vestmannaeyjum hófst sumarið 2009 og í apríl 2010 var tekið leigutilboði frá Hótel Þórshamri hf um leigu á hluta húsnæðis að Heiðarvegi 1. Endurbætur á húsnæðinu fóru strax af stað og sýning Náttúrufræðistofnunar aðlöguð að hinu nýja húsnæði. Þremur mánuðum seinna opnaði Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, sýninguna að viðstöddum gestum. Sýningarrými Surtseyjarstofu er um 155m² og er þar að finna ýmsan fróðleik um friðlandið og heimsminjasvæðið Surtsey. Opnunartími stofunnar verður milli kl. 11:00-17:00 frá og með 16. maí til og með 15. september. Yfir vetrartímann verður opið eftir samkomulagi fyrir hópa.

Með tilkomu Surtseyjarstofu gefst innlendum og erlendum ferðamönnum tækifæri til að kynna einstöku náttúrufari Surtseyjar, myndunarsögu hennar og þeim rannsóknum sem þar fara fram. Er það von Umhverfisstofnunar að gestir Surtseyjarstofu eigi eftir að njóta heimsóknarinnar og fara þaðan margs vísari um sérstöðu þessarar einstöku náttúruferlu sem okkur ber að vernda.

MEÐ VAXANDI UMFERÐ Í
HELLUM EYKST HÆTTAN Á
AÐ VIÐKVÆMAR MYNDANIR
VERÐI FYRIR SKEMMDUM
OG VARÐ RAUNIN SÚ Í
VATNSHELLI



Leyndardómar Vatnshellis

Í samræmi við hugmyndir í verndaráætlun þjóðgarðsins ákvað Umhverfisstofnun að fara í verkefnið um Vatnshelli

Haustið 2009 var ákveðið að gera Vatnshelli í þjóðgarðinum Snæfellsjökli aðgengilegan en um leið að loka honum og stýra umferð í hann.

Margir hafa komið að þeirri vinnu og er hún gott dæmi um árangursríkt samstarfsverkefni á milli opinberrar stofnunar, bæjarfélags, félagasamtaka og einstaklinga. Umhverfisstofnun og Snæfellsbær hafa lagt fram fjármagn og vinnu og menn úr Lionsklúbbi Nesþinga á Hellissandi og björgunarsveitinni Lífsbjörg í Snæfellsbæ auk annarra einstaklinga hafa lagt á sig ómælt erfiði, allt í sjálfboðavinnu.

Í samræmi við hugmyndir í verndaráætlun þjóðgarðsins ákvað Umhverfisstofnun að fara í verkefnið um Vatnshelli og taldi það vera gullíð tækifæri til að efla fræðslu og auka við þekkingu á þeim verðmætum sem hellar og aðrar náttúruminjar eru og stuðla um leið að verndun þeirra. Jafnframt var tilgangurinn að bæta aðgengi að enn einni perlu í þjóðgarðinum. Eingöngu verður farið í hellinn með leiðsögn starfsmanna þjóðgarðsins.

Umhverfisráðherra opnaði hellinn formlega um miðjan júní 2010 og hafa um 1600 gestir lagt þangað leið sína.

Vatnshellir er í Purkhólhrauni en það er talið vera eitt hellaaudugasta hraun landsins. Það er basískt helluhraun, um 5-8 þúsund ára gamalt. Vatnshelli eða hellakerfi hans tilheyrir fjórir hellar. Sá efsti er hinn eiginlegi Vatnshellir og er hann öllum opin. Neðar eru þeir hlutar sem nefndir hafa verið Bárðarstofa og Vættagangur og neðst eru lður. Saman ganga þeir undir heitinu Undirheimar.

Heildarlengd neðri hluta Vatnshellis er um 200 m. Lofthæð er víðast um 10 metrar. Dýpsti hluti hellisins, lður, er meira en 30 m undir yfirborði jarðar. Í lofti hellisins, einkum Vættagangs, er hvítleitur, glitrandi bakteríu-, eða sveppagróður sem endurkastar ljósi.

Fallegar hraunmyndanir eru í hellinum. Þar má sjá lekaspena, drop-, eða kleprasteina, sillur, bríkur og storkuborð. Hraunfoss hefur fallið niður í lður og eru fallegir taumar niður eftir veggnum. Gólfíð í lðurum er með fínlegu mynstri.

Nafn sitt dregur hellirinn af því að áður fyrr var sótt vatn í hellinn og kúm frá Malarrífi brynnt við hann í þurrkatið.

Eftir því sem best er vitað var fyrst farið niður í þann hluta Vatnshellis sem gengur undir heitinu Undirheimar upp úr 1960 og hellirinn kannaður 1968. Umferð um hann var þó lítil í byrjun, allt fram yfir 1990.

Með vaxandi umferð í hellum eykst hættan á að viðkvæmar myndanir verði fyrir skemmdum og varð raunin sú í Vatnshelli. Árni B. Stefánsson, hellakönnuður, vakti athygli yfirvalda umhverfismála á hættunni og lagði hann til að Vatnshelli yrði lokað fyrir óheftri umferð. Vorið 2009 hélt Árni fyrirlestur fyrir almenning um hella í boði þjóðgarðsins. Í kjölfarið var hópi manna boðið í ferð í hellinn, þeirra á meðal bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Kristni B. Jónassyni. Hann heillaðist af undrum hellisins og fékk öflugan hóp manna til liðs við sig til að vinna að því að gera hellinn aðgengilegan. Árni leitaði til Hjörleifs Stefánssonar, arkitekts um að teikna upp og hanna aðkomu að hellinum. Enn ein driffjóður í verkefninu er Þór Magnússon, staðarhaldari á Gufuskálum, að öðrum ólöstuðum.

Hellakerfið er á þremur til fjórum hæðum. Frá hæðinni þar sem gengið er inn í Vatnshelli sjálfan þurfti að dýpka jarðfallið eða holuna þaðan sem farið er inn í neðri hellana, þannig að hægt væri að ganga inn í þá uppréttur. Á haustmánuðum árið 2009 voru 15-20 rúmmetrar af stórgrýti og jarðvegi fjarlægðir. Í framhaldi var pallur smíðaður yfir holuna. Turnlaga hýsi var byggt yfir opið á pallinum og hringstigi lagður niður. Annar lægri turn var settur á pallinn og niður um hann getur fólk horft og hægt er að hífa slasaða þar upp. Tröppur voru settar niður í Vættagang. Haustið 2010 var haldið áfram og annar hringstigi settur niður í lður. Bílastæði við hellinn var lagað, göngustígur gerður og tröppur úr hraunhellum lagðar niður á pallinn.


Nafn sitt dregur hellirinn af því að áður fyrr var sótt vatn í hellinn og kúm frá Malarrífi brynnt við hann í þurrkatið



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT
VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á
UMHVERFI Í VATNI OG HAFI



MÁLEFNI HAFS OG VATNS

GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ LANDIÐ VERÐI EITT VATNAUMDÆMI, EIN VATNASTJÓRNARÁÆTLUN VERÐI GERÐ FYRIR LANDIÐ Í HEILD, SVO OG EIN VÖKTUNARÁÆTLUN OG EIN AÐGERÐAÁÆTLUN



Innleiðing vatnatilskipunar

Lagt er til að Umhverfisstofnun verði lögbært yfirvald og sjái um að unnar verði áætlanir þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu

Umhverfisstofnun hefur undanfarin ár unnið að undirbúningi innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Síðastliðið ár var nýtt til undirbúnings lagasetningar en frumvarp til vatnastjórnar var lagt fyrir Alþingi í byrjun júní. Frumvarpið var lagt fram til kynningar á vorþingi 2010. Um svipað leyti kynnti Umhverfisstofnun frumvarpið fyrir vinnuhópum sem starfað hafa með stofnuninni síðast liðin tvö ár vegna undirbúnings innleiðingarinnar.

Frumvarpið tekur mið af löggjöf Norðurlandanna en einnig var horft til löggjafar í Skotlandi og á Írlandi. Lagt er til að Umhverfisstofnun verði lögbært yfirvald og sjái um að unnar verði áætlanir þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu í samvinnu við aðrar stofnanir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að landið verði eitt vatnaumdæmi, ein vatnastjórnaráætlun verði gerð fyrir landið í heild, svo og ein vöktunaráætlun og ein aðgerðaáætlun. Frumvarpið gerir ennfremur ráð fyrir því að landinu verði skipt í undirsvæði til hagræðis, og í hverju undirsvæði starfi vatnasvæðanefnd sem skipuð er fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarstjórna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á svæðinu. Með vatnasvæðanefndum eiga að starfa ráðgjafanefndir, annars vegar ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og hins vegar ráðgjafanefnd hagsmunaaðila. Í ráðgjafanefnd hagsmunaaðila skal m.a. tilnefna fulltrúa atvinnulífs, hagsmunasamtaka og frjálsra félagasamtaka. Nánar verður kveðið á um skipan og fjölda fulltrúa í ráðgjafanefndum í reglugerðum. Í frumvarpinu er skilgreint hlutverk rannsóknastofnana en þær sem tilgreindar eru sérstaklega í frumvarpinu eru Veðurstofa Íslands,

sem leggja skal til gagnagrunna og hafa umsjón með þeim og leggja til sérfræðipekkingu um vatnshlot og eiginleika þeirra; Veiðimálastofnun, sem skal hafa umsjón með gögnum og leggja þau til ásamt sérfræðipekkingu er varðar lífríki ferskvatnshlota; Hafrannsóknastofnun, sem skal hafa umsjón með gögnum og leggja þau til ásamt sérfræðipekkingu um lífríki strandsjávar og formfræðilegum og efnafraðilegum eiginleikum hans; og Náttúrufræðistofnun Íslands sem skal leggja til gögn sem eru í umsjón stofnunarinnar um lífríki vatna og vistkerfa sem háð eru vatni. Vatnaráð skal hafa yfirumsjón með gerð tillögu að vatnastjórnaráætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun og veita umsagnir um reglugerðir sem settar eru á grundvelli vatnastjórnarlaganna.

Í frumvarpinu eru skilgreind nýyrði en þau helstu eru hugtökin „vatnshlot“, sem er stjórnsýslueining vatns og oft afmörkuð sem allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó. Önnur eru „magnstaða grunnvatns“ en það er mælikvarði á hversu mikil bein eða óbein vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot. Einnig er skilgreint nýyrðið „vistmegin“ en það er ástand lífríkis vatnshlots sem skilgreint hefur verið sem mikið breytt eða manngert. Hugtakið „forgangsefni“ sem reyndar er ekki nýtt, er skilgreint í frumvarpinu. Um er að ræða efni sem eru hættuleg og þrávirk og valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatnsumhverfinu eða út frá því og er raðað í forgangsröð eftir hættu sem þau skapa fyrir vatn og lífríki þess. Setja skal tímaáætlun varðandi bann og takmörkun á losun þeirra á grundvelli áhættumats fyrir hvert og eitt þeirra.

Umhverfismarkmið, sem setja skal á grundvelli vatnastjórnarlaganna, byggja á því að vatn hafi verið flokkað í vatnshlot og gerðir vatnshlota eftir eiginleikum, álagi og ástandi vatnsins. Mat á ástandi vatnsins skal byggja á fyrirliggjandi gögnum hverju sinni fyrir hverja vatnshlotagerð og taka mið af líffræðilegum breytum auk formfræðilegra og efnafraðilegra stuðningsbreyta eftir því sem við á. Flokkunin byggir í grunninn á flokkun heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á vatni sem aðlöguð verður nýja kerfinu. Allt vatn skal vernda þannig að ekki dragi úr gæðum þess og endurheimta skal gæði vatns þannig að þau verði að lágmarki með gott vistfræðilegt og efnafraðilegt ástand.

Vatnastjórnunaráætlun ásamt vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun skal vinna á næstu árum og koma til framkvæmda eigi síðar en 2018. Í vatnastjórnunaráætluninni á að koma fram verndunaráætlun fyrir neysluvatn og öll vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi og votlendi sem beint eru háð vatni og svæðum sem njóta verndar samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum. Að auki skal Umhverfisstofnun vinna stöðuskýrslu um ástand vatns og skal hún vera tilbúin 2013. Vatnsverndaráætlunin á að vera stefnumarkandi í vatnsvernd og eiga aðrar áætlanir svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna að vera í samræmi við hana.

Umhverfisstofnun hóf á síðasta ári undirbúning vinnu við samningu reglugerða um flokkun vatna, vatnasvæðanefndir og ráðgjafanefndir. Litið er til nágrannalandanna í þeirri vinnu sem og öðru sem viðkemur vatnatilskipuninni.

Vákort

Í náinni framtíð er búist við auknum siglingum stórra skipa um norðurhöf í lögsögu Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs. Það er því mikilvægt að þessi lönd vinni saman að því að fylgjast með umferð og þróun hennar ásamt því að safna saman upplýsingum um viðkvæma náttúru norðurslóða og undirbúa viðbrögð við mengun af völdum olíu og/eða annarra efna.

Hugmynd um vákort af Norður-Atlantshafinu gengur út á að safna saman á einn stað og útbúa vefkort með upplýsingum um:

- náttúrufar, viðkvæm og verðmæt svæði, lífríki o.fl.
- áhættuþætti, siglingar, olíuvinnslu og annað sem gæti valdið mengun
- viðbragðsaðila, hverjir geta brugðist við og hvernig, staðsetningu búnaðar o.þ.h.

Gagnagrunnur geymir upplýsingar og útbúin hafa verið vefkort til að tryggja skilvirkt upplýsingaflæði til þeirra sem þurfa eða hafa áhuga.

Við framsetningu á vefkortinu hefur verið notuð nýjasta tækni þannig að það er bæði hraðvirkt og aðlaðandi. Svæðið sem verkefnið nær til er norðurhluti Atlantshafsins, þ.e. frá suðurodda Grænlands, austur um til Noregs og allt svæðið þar á milli eins langt norður og hægt er.

Í þessu verkefni var ekki ætlunin að standa að nýjum rannsóknum eða að búa til ný gögn, heldur að safna saman á einn stað aðgengilegum upplýsingum frá rannsóknarstofnunum, opinberum aðilum, háskólum og öðrum sem væru tilbúnir að leggja til verkefnisins.

Umhverfisstofnun hóf á síðasta ári undirbúning vinnu við samningu reglugerða um flokkun vatna, vatnasvæðanefndir og ráðgjafanefndir

UNNIÐ ER AÐ HEILDARENDURSKOÐUN REGLUGERÐA ER VARÐA MENGUN FRÁ SKIPUM OG BYGGJAST Á ALÞJÓÐASAMNINGI UM VARNIR GEGN SLÍKRI MENGUN



Ísland hefur ekki staðfest viðauka VI við MARPOL-samninginn sem fjallar um varnir gegn loftmengun frá skipum

Virðisauki felst því fyrst og fremst í því að ná saman á einn stað þeim upplýsingum sem skipta máli þegar meta þarf áhættu af auknum siglingum, olíuvinnslu og annarri starfsemi og hafa á einum stað upplýsingar til að undirbúa viðbrögð við mengunaróhappi.

Vinnan við verkefnið hefur aðallega verið fólgin í því að skoða önnur verkefni af svipuðum toga, safna þeim gögnum sem nú þegar eru aðgengileg og gætu nýst við verkefnið og ennfremur að skoða nýjustu tækni og lausnir við gerð vefkorta sem völ er á um þessar mundir.

Miklu hefur verið safnað af grunngögnum og má þar nefna ýmis yfirlitskort sem ná yfir allt svæðið, gervitunglamyndir, hæðarmódel, dýptarkort o.fl. Ennfremur ýmis náttúrufarsgögn sem til eru og eru aðgengileg á veraldarvefnum. Öðrum gögnum, t.d. upplýsingum um siglingaleiðir, lokanir og verndarsvæði, óhöpp og sjóslys, hefur einnig verið safnað.

Úlfur í sauðargæru á sjaldan jafn vel við og í umræðu um kjölfestuvatn

Þetta verkefni miðar að því að fá nokkuð greinargóðar yfirlitsupplýsingar um mjög stórt svæði en ekki að kafa djúpt í einstök smáatriði tengd einstökum svæðum. Vefsíjan er ekki hugsuð í staðinn fyrir staðbundnar upplýsingaveitur einstakra landa heldur á að gefa hugmynd um heildarmynd.

Stýrihöpur fyrir verkefnið er skipaður fulltrúum frá Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Noregi og starfsmaður var ráðinn til verksins. Vinna við verkefnið hófst í febrúar 2009 og verður því lokið á fyrsta ársfjórðungi 2011.

Mengun frá skipum

Nú er unnið að heildarendurskoðun reglugerða er varða mengun frá skipum og byggjast á alþjóðasamningi um varnir gegn slíkri mengun sjávar (MARPOL). Ástæða þess að ráðist er í endurskoðun reglugerðanna er sú að Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt breytingar á viðaukum við MARPOL-samninginn og hafa endurskoðaðir viðaukar

tekið gildi á alþjóðavísu. Mikilvægt er því og tímabært að endurskoða og uppfæra íslenskar reglugerðir sem byggjast á viðaukunum til að samræmis gæti.

Ísland hefur ekki staðfest viðauka VI við MARPOL-samninginn sem fjallar um varnir gegn loftmengun frá skipum en verið er að athuga með staðfestingu á viðaukanum og setningu reglugerðar á grundvelli hans.

Við endurskoðun og gerð reglugerðanna er leitast við að samræma hugtök og orðanotkun milli reglugerða, ásamt því að endurskoða fyrri orðanotkun, þýðingu enskra texta sem eru grundvöllur að texta reglugerðanna og samhæfa texta á milli þeirra. Í núgildandi reglugerðum eru nokkur séríslensk ákvæði og verður þeim væntanlega haldið óbreyttum eins og breyttur texti viðauka leyfir.

Kjölfestuvatn

Á stöku stað á ströndum Íslands hafa fundist grjóthnullungar af framandlegum uppruna, berg sem sumt hefur verið rakið til Noregs og annarra landa. Hér er um að ræða kjölfestu fornra skipa sem hefur verið notuð til að þyngra lítt lestuð skip svo þau fari betur í sjó og til að auðvelda stjórnun þeirra.

Fyrir alllöngu var hætt að nota grjót eða fasta hluti sem kjölfestu. Kjölfesta er þó margfalt mikilvægari nú á dögum og nútímasiglingar væru sennilega óframkvæmanlegar án hennar. Í dag er vatni dælt í ákveðin rými í því skyni að stjórna stafnhalla, hliðarhalla, djúpristu og stöðugleika skips eða álagi á það. Skipsstjórnendur geta síðan dælt vatninu milli tanka, í og úr skipinu, allt eftir hleðslu, veðri og öldu.

Úlfur í sauðargæru á sjaldan jafn vel við og í umræðu um kjölfestuvatn. Undanfarin áratug

hefur þjóðum heims nefnilega sífellt betur orðið ljós gífurlega skaðleg áhrif af óheftum flutningi og losun kjölfestuvatns, eins saklaust og það kann að hljóma í fyrstu.

Vandamálið felst í því að þegar skip taka upp kjölfestuvatn í einum heimshluta fylgja oft lífverur ýmiss konar. Ef þessar lífverur lifa ferðina af fylgja þær með þegar kjölfestuvatn er losað, oft á allt öðrum stað þar sem engir náttúrulegir óvinir eru. Lífveran hefur þar með tækifæri til að fjölga sér ótæpilega með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Yfir heildina er talið að flutningur lífvera með kjölfestuvatni sé ein af helstu ógnum sem steðja að lífríki hafsins, langt umfram ógn af olíumengun, svo dæmi sé tekið.

Lengi vel var talið að losun kjölfestuvatns skapaði ekki mikla áhættu við Ísland og voru fyrir því nokkrar ástæður. Fyrir það fyrsta var flutningum hingað til lands þannig háttað að lítið var um flutning kjölfestuvatns, í öðru lagi var mest allt í föstum flutningum innan Atlantshafsins og frá stöðum sem höfðu svipað lífríki og hér og í þriðja lagi var lítið til kalds sjávar þar sem flest skip komu frá hlýrri sjó. Þetta umhverfi hefur allt breyst, t.d. með margfaldaðri iðnaðarstarfsemi hér undanfarin ár, aukinni alheimsvæðingu siglinga þar sem tóm skip geta komið hingað til lands frá Suðurhófum eða Kyrrahafi án viðkomu, og síðast en ekki síst með hlýnandi loftslagi og sjávarhita.

Undanfarin ár hafa nýir landnemar fundist við strendur landsins. Má hér nefna ósalúru (flundru), grjótkrabba og sandrækju. Víst er að einhverjar þessara lífvera hafa borist hingað með kjölfestuvatni og ekki er útilokað að svo sé um þær allar. Enn er eftir að sjá hvort og þá hversu skaðlegar þær verða fyrir lífríkið.

Samfara vaxandi vitund um alvöru málsins hefur þrýstingur aukist á alþjóðasamfélagið að bregðast við. Á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) var árið 2004 gengið frá alþjóðlegum samningi um meðferð kjölfestuvatns. Samningurinn hefur ekki öðlast gildi enn sem komið er en hefur þó haft áhrif á gang mála, m.a. eru skipahönnuðir og útgerðir víða um heim að hanna skip og búnað sem uppfyllir ákvæði samningsins. Þetta er langt í frá einfalt mál þar sem lífverur í kjölfestuvatni geta verið allt frá stökum bakteríum og þörungum, fræjum og lírfum í dvala til lífandi fiska.

Í því skyni að flýta framgangi málsins samþykktu ríki OSPAR-samningsins, þ.á m. Ísland, leiðbeiningar sem ríki gætu sett sér í því skyni að setja reglur um meðferð og takmarkanir á losun kjölfestuvatns. Í kjölfarið á samþykkt OSPAR var árið 2010 gefin út reglugerð í því skyni að vernda umhverfi sjávar við Ísland gegn skaðlegum afleiðingum af losun kjölfestuvatns. Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt að losa ómeðhöndlað kjölfestuvatn innan íslenskrar lögsögu, nema í sérstökum, tilgreindum tilvikum. Skipum, sem koma hingað til lands og geta ekki meðhöndlað kjölfestuvatn, ber þess í stað að „skola út“ upphaflegu kjölfestuvatni með úthafssjó þar sem mun minna er af lífríki og áhætta af losun þess mun minni en í gróskumikinn strandsjó. Með setningu reglugerðarinnar er því lagður mikilvægur grunnur að vernd hafrymsins þar til hinn nýi alþjóðlegi samningur hefur tekið gildi og Ísland staðfest ákvæði hans.

Lífverur í kjölfestuvatni geta verið allt frá stökum bakteríum og þörungum, fræjum og lírfum í dvala til lífandi fiska

Undanfarin ár hafa nýir landnemar fundist við strendur landsins



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR MYNDUN ÚRGANGS OG AUKA ENDURVINNSLU HANS



ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA

SAMIN VAR FERILLÝSING OG LEIÐBEININGAR
VARÐANDI SAMSKIPTI STOFNANA ÞEGAR
UPP KOMA TILFELLI ÞAR SEM FARGA ÞARF
SMITUÐUM DÝRAÚRGANGI



Verkferill fyrir förgun sóttmengaðs úrgangs

Verkferillinn krefst samvinnu fjölda stofnana og aðila

Vinnuhópur, sem samanstóð af fulltrúum frá Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitsvæðum, samdi ferillýsingu og leiðbeiningar varðandi samskipti stofnana þegar upp koma tilfelli þar sem farga þarf smituðum dýraúrgangi. Tilgangurinn var skýra aðkomu stofnananna og ábyrgðarsvið við eftirlit og ákvarðanatöku. Vinnan, sem var leidd af Matvælastofnun, hófst um mitt ár 2009 og lauk ári seinna. Við gerð ferilsins og leiðbeininganna var leitað til ýmissa aðila, svo sem fulltrúa frá förgunarstöðum, sambandi íslenskra sveitarfélaga, sérgreinadýralækna o.fl.

Heilbrigðiseftirlit leggur fram tillögu um förgun eða nýtingu í samráði við Umhverfisstofnun eftir atvikum

Ferillýsingin skiptist í þrjá meginþætti. Sá fyrsti fjallar um tilkynningar vegna smitsjúkdóms í dýrum, mat á þeim úrgangi sem til fellur og hversu aðkallandi förgun hans sé. Matvælastofnun tilkynnir Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirliti viðkomandi svæðis og sóttvarnalækni, eftir því sem við á, þegar sterkur grunur leikur á smiti og metur hvað skuli meðhöndlast sem sóttmengaður úrgangur og hversu hratt þurfi að bregðast við. Ef þörf er á gefur Umhverfisstofnun út leyfi til bráðaförgunar að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlits.

Annar hlutinn er um förgun eða nýtingu úrgangsins, skilyrði varðandi flutning sóttmengaðs úrgangs og sóttreinsun flutningstækja. Heilbrigðiseftirlit leggur fram tillögu um förgun eða nýtingu í samráði við Umhverfisstofnun eftir atvikum. Endanleg tillaga er send til þeirra sem að málinu koma, þar með

talin önnur heilbrigðissvæði ef flutningur er á milli eftirlitsvæða. HES setur skilyrði varðandi flutninginn og hefur eftirlit með honum.

Í þriðja hlutanum er gerð grein fyrir aðkomu þess aðila sem úrgangurinn fellur til hjá, og um tímasetningu förgunar og greiðslu kostnaðar.

Með lýsingu á ferlinu fylgir flæðirit og ýmis gögn, t.d. form fyrir leyfi til bráðaurðunar, gátlisti, leiðbeiningar um flutning, leiðbeiningar um þríf og sóttreinsun og vísun í erlendar skýrslur sem gætu nýst við ákvarðanatöku. Gátlistinn er hvorki bindandi né tæmandi heldur eingöngu hugsaður sem hjálpartæki við ákvörðunartöku.

Sóttmengaður landbúnaðarúrgangur

Þegar upp koma smitsjúkdómar í búpeningi, á borð við riðu eða salmonellu, fer af stað ferli sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, og í sumum tilfellum sóttvarnalæknir, koma að. Þegar sýkingar koma upp eru yfirleitt öll dýr í viðkomandi húsi aflifud og hræjunum fargað. Fyrsti kostur er ávallt að farga hræjum í viðurkenndri sorpbrennslustöð sem hefur starfsleyfi en þar sem fáar slíkar stöðvar starfa hér á landi þarf oft að gripa til urðunar. Í þeim tilfellum þarf sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun, jafnvel þótt hræin séu urðuð á viðurkenndum urðunarstað sem hefur starfsleyfi. Á síðustu þremur árum veitti Umhverfisstofnun 45 leyfi til urðunar á sóttmenguðum landbúnaðarúrgangi, þar af 29 á síðasta ári. Mikinn fjölda leyfa á síðasta ári má rekja


til mjög tíðra salmonellusýkinga á alifuglabúum en a.m.k. eitt tilfelli salmonellu kom upp í hverjum mánuði nema einum og í sjö þeirra voru tilfelli 2-5 talsins. Oftast var um að ræða sýkingar í kjúklingabúum á Vestur- og á Suðurlandi. Flest leyfi voru því veitt til urðunar hjá Sorpurðun Vesturlands í Fíflholtum á Mýrum og næstflest til urðunar hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu að Strönd. Aflifun dýra, flutningur á förgunarstað og förgunin sjálf eru ávallt undir eftirliti héraðsdýralæknis eða heilbrigðiseftirlits.

Flutningur úrgangs milli landa

Ný reglugerð um flutning úrgangs milli landa tók gildi á árinu. Reglugerð þessi innleiðir reglugerðir ESB sem varða málaflokkinn. Reglugerðin mælir fyrir um aðferðir og áætlanir sem gilda varðandi flutning úrgangs með tilliti til uppruna, áfangastaðar og flutningsleiða, tegundar þess úrgangs sem er fluttur og þeirrar meðhöndlunar sem hann fær á ákvörðunarstað.

Meginreglan er sú að förgun úrgangs fari fram í því landi sem úrgangurinn fellur til, m.a. til að koma í veg fyrir að fátæk ríki verði að förgunarstöðum fyrir auðug ríki. Þannig er óheimilt að flytja úrgang milli landa til förgunar nema að fengnum tilskildum leyfum. Heimilt er að flytja endurvinnanleg efni á milli landa til endurvinnslu. Tilkynna þarf sérstaklega um flutning á spilliefnum til endurvinnslu eða förgunar.

Á árinu var sett ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem m.a. kveður á um gjald sem innheimt er vegna samþykkis tilkynningar fyrir innflutningi,



Meginreglan er sú að förgun úrgangs fari fram í því landi sem úrgangurinn fellur til, m.a. til að koma í veg fyrir að fátæk ríki verði að förgunarstöðum fyrir auðug ríki

útflytningi og umflytningi á sértilgreindum úrgangi skv. reglugerð. Grunn gjaldið er 74.500 kr. en heimilt er að innheimta tímagjald, komi í ljós að samþykki hafi í för með sér meiri kostnað en sem nemur fyrrnefndu gjaldi. Öllum fyrirtækjum, sem standa í flutningi úrgangs milli landa, var tilkynnt sérstaklega um gjaldið.



Förgun tóbaks var stöðvuð í febrúar þar sem stofnuninni barst ekki tilkynning um innflutninginn og veitti ekki leyfi fyrir honum

Á grundvelli reglugerðar um flutning úrgangs var tæting og förgun tóbaks sem innflutt var frá Póllandi í febrúar, stöðvuð að tilmælum Umhverfisstofnunar. Málið hófst með grein í Morgunblaðinu þann 11. feb. þar sem sagt var frá því að nú stæði yfir tæting og förgun á tóbaki sem flutt hefði verið til landsins frá Póllandi. Í fréttinni kom fram að aldrei hefði staðið til að selja tóbakið hér á landi því hingað hefði það verið flutt í þeim eina tilgangi að farga því. Umhverfisstofnun hóf athugun málsins þar sem óheimilt er, á grundvelli reglugerða um flutning úrgangs milli landa, að flytja úrgang til förgunar hér á landi nema fyrir liggi tilskilin leyfi.

Við athugun Umhverfisstofnunar fékkst staðfesting hjá þeim aðila sem stóð að þessum innflutningi, að tóbakið hefði verið flutt til landsins í þeim eina tilgangi að farga því. Umhverfisstofnun taldi því ljóst, að áður en ráðið var í innflutninginn hafi legið fyrir að um úrgang væri að ræða, en ekki vöru, og því hafi verið skylt að tilkynna innflutninginn til stofnunarinnar og óska eftir leyfi hennar. Þar sem stofnuninni barst ekki tilkynning um innflutninginn og veitti ekki leyfi fyrir honum telur hún að hér hafi verið um að ræða ólögmatan flutning úrgangs til

landsins. Umhverfisstofnun hóf því málið og óskaði eftir því að pólsk yfirvöld tækju úrganginn til baka.

Málið er enn í vinnslu og hefur nýlega fengið afgreiðslu hjá pólskum yfirvöldum þar sem þau telja sig ekki hafa fengið nægjanlegar sannanir fyrir því að uppruni úrgangsins sé í Póllandi, þótt fyrir liggi yfirlýsing frá innflutningsaðila um það.

Mál af þessu tagi verða ávallt flókin og eins og ofangreint dæmi hefur leitt í ljós. Erfitt getur verið að sanna, hver sé uppruni úrgangs eða lokaáfangastaður hans og hver meðhöndlunin verður. Því er mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart flutningi eða umflutningi úrgangs í gegnum íslenskar hafnir. Umhverfisstofnun hefur því hafið nánara samstarf við tollayfirvöld til að reyna að koma í veg fyrir að svona mál geti endurtekið sig í framtíðinni og minnka líkur á að umflutningur úrgangs til förgunar í fátækum ríkjum geti átt sér stað í gegnum íslenskar hafnir.

Nýr urðunarstaður á Norðurlandi

Þann 26. nóvember sl. gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir nýjan urðunarstað við Stekkjarvík, rétt norðan við Blönduós. Staðurinn var formlega opnaður í janúar 2011. Hann er rekinn af Norðurá bs, sem er byggðasamlag sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Staðurinn getur tekið við 21 þúsund tonnum af úrgangi á ári, sem gerir hann að næststærsta urðunarstað landsins sem nú er í rekstri. Hann mun í upphafi taka við úrgangi frá sveitarfélögum sem að Norðurá standa og frá sveitarfélögum í Eyjafirði en mögulegt er að hann taki við úrgangi frá fleiri svæðum síðar meir. Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík uppfyllir allar

nútímakröfur um aðbúnað og mengunarvarnir sem gerðar eru til urðunarstaða og með tilkomu hans verður hægt að loka fjórum eldri urðunarstöðum á Norðurlandi sem ekki uppfylla þær kröfur. Þróun úrgangsmála á svæðinu er því í takt við þá sýn Umhverfisstofnunar að förgunarstöðum á landinu muni fækka og að þeir verði stærri, sem auðveldar þeim að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru.





UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI SKÝR OG SKILVIRK



STJÓRNSÝSLA

UMHVERFISSTOFNUN VAR FALIN UMFANGSMIKIL
VINNA VIÐ RÝNI LÖGGJAFAR UM UMHVERFISMÁL
VEGNA UMSÓKNAR AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

ESB-umsókn Íslands og umhverfismál

Um 20 sérfræðingar hjá stofnuninni hafa tekið þátt í þessari vinnu

Vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu (ESB) var Umhverfisstofnun falin umfangsmikil vinna við rýni löggjafar um umhverfismál sem ekki hefur verið tekin upp í samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn). Þrátt fyrir að verulegur hluti löggjafar ESB um umhverfismál hafi þegar verið tekin inn í EES-samninginn, ásamt reglum um efnavörur, þurfti að yfirfara um 200 gerðir til viðbótar vegna umsóknarinnar. Um 20 sérfræðingar hjá stofnuninni hafa tekið þátt í þessari vinnu. Um var að ræða gerðir í öllum þeim málaflokkum sem stofnunin hefur umsjón með. Frá gildistöku EES-samningsins hefur Umhverfisstofnun og áður Hollustuvernd ríkisins haft með höndum greiningu og framkvæmd flestra þeirra gerða sem falla undir umhverfiskafla samningsins og þess hluta vörukafla samningsins sem fjallar um öryggi efnavöru.

Reglur sambandsins um náttúruvernd miða að því að koma upp samhæfðu neti verndarsvæða í Evrópu

Náttúruverndarlöggjöf ESB var tekin til skoðunar en þar fer mest fyrir tilskipun um vernd vistgerða, tegunda og búsvæða þeirra, sem og tilskipun um vernd fugla. Löggjöfin hefur nán tengsl við löggjöf sem nú er í farvatninu að innleiða á Íslandi, þ.e. um vatnsstjórnun og um umhverfisábyrgð. Reglur sambandsins um náttúruvernd miða að því að koma upp samhæfðu neti verndarsvæða í Evrópu þar sem áhersla er lögð á vernd vistgerða og búsvæða þeirra tegunda sem hafa hátt verndargildi í evrópsku samhengi. Markmiðið er að byggja upp kerfi verndarsvæða, Natura 2000, bæði á sjó og landi. Jafnframt er kveðið á um friðun fugla og tiltekinnna spendýra. Rökstyðja þarf sérstaklega þegar veiðar eru heimilaðar á vernduðum tegundum sem falla undir framangreinda löggjöf. Eins eru sérstakar reglur um veiðiaðferðir og veiðitæki. Vinnan hefur verið afar gagnleg fyrir Umhverfisstofnun og þá þjónustu sem stofnuninni er falið að veita samkvæmt lögum. Farið hefur fram samanburður á hinna íslensku löggjöf og löggjöf Evrópusambandsins. Samanburður



Í náttúruverndarlöggjöf ESB er kveðið á um friðun fugla og tiltekinnna spendýra. Rökstyðja þarf sérstaklega þegar veiðar eru heimilaðar á vernduðum tegundum sem falla undir framangreinda löggjöf. Eins eru sérstakar reglur um veiðiaðferðir og veiðitæki.

við reglur annarra þjóða og alþjóðlegar reglur er ávallt gagnlegur við endurskoðun og framkvæmd gildandi reglna. Hvað sjálft samningaferlið varðar á eftir að móta samningsafstöðu Íslands gagnvart Evrópureglum. Sú vinna mun fara fram undir forystu aðalsamninganefndarinnar.



Verkferlar um eftirlit

Eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar er að fylgja eftir ákvæðum laga og reglugerða um umhverfisvernd. Almenn má segja að í því felist að hafa eftirlit með að einstaklingar og fyrirtæki hegði sér í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Skipta má eftirliti Umhverfisstofnunar annars vegar í reglubundið eftirlit með leyfisskyldri starfsemi, þ.e. að athuga hvort fyrirtæki fari eftir settum skilyrðum fyrir starfseminni og hins vegar að bregðast við ábendingum frá almenningi og hvers konar vísbendingum um hugsanleg brot á reglum. Mikilvægt er að þessu hlutverki sé vel sinnt og að unnið sé eftir skýrum og skilvirkum verkferlum.

Á árinu 2010 var unnið að gerð verkferla um eftirlit og eftirfylgni þess fyrir gæðakerfi Umhverfisstofnunar. Verkferill um eftirlit felur aðallega í sér að vinnulag við framkvæmd eftirlits er skýrt og skilgreint hver beri

ábyrgð á vinnulaginu. Með þessu móti er tryggt að eftirlit sé ávallt framkvæmt með sambærilegum hætti. Í ferlinum kemur fram að eftirlitsmaður skuli fara í eftirlitsferð til viðkomandi fyrirtækis og athuga hvort það uppfylli skilyrði leyfis þess. Í kjölfar eftirlitsferðar gerir eftirlitsmaður skýrslu þar sem fram koma athugasemdir við starfsemina ef einhverjar eru. Ef athugasemdir eru gerðar við starfsemina fer framhald málsins eftir verkferli um eftirfylgni eftirlits.

Vinnuferill um eftirfylgni eftirlits felur í sér að ávallt er stofnað sérstakt mál um ábendingar frá almenningi og í þeim tilvikum sem eftirlitsskýrslur hafa að geyma athugasemdir við starfsemina ber ábyrgðarmaður málsins á ábyrgð á að málið sé til lykta leitt. Með því er tryggt að hverri ábendingu eða eftirlitsskýrslu er fylgt eftir með markvissum hætti. Til þess að tryggja að bætt sé úr athugasemdum eða látið af tiltekinni

Á árinu 2010 var unnið að gerð verkferla um eftirlit og eftirfylgni þess fyrir gæðakerfi Umhverfisstofnunar

GJALDSKRÁ

Í byrjun árs staðfesti umhverfisráðherra og birti nýja gjaldskrá fyrir Umhverfisstofnun. Um er að ræða hækkun á tímargjaldi og eftirlits- og leyfisgjöldum stofnunarinnar frá eldri gjaldskrá í samræmi við hækkun vísitölu. Jafnframt eru nokkur nýmæli í gjaldskránni og má þar m.a.

nefna gjald vegna gagnkvæmrar viðurkenningar á markaðsleyfi sæfiefna, gjald vegna samþykkis tilkynningar fyrir innflutningi, útflutningi og umflutningi úrgangs á sértilgreindum úrgangi og gjald fyrir árlega yfirferð yfir skýrslu um losun koldíoxíðs frá atvinnurekstri vegna úthlutaðra losunarheimilda.



UMHVERFISSTOFNUN

ÁRIÐ 2010 ÚRSKURÐAÐI UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ Í ÞREMUR MÁLUM SEM VÖRÐUÐU KÆRU Á ÁKVÖRDUNUM UMHVERFISSTOFNUNAR

háttsemi getur Umhverfisstofnun beitt tilteknum þvingunarúrræðum. Má t.d. nefna áform um áminningu, áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta og dagsektir.

Með framangreindum verkferlum telur Umhverfisstofnun að eftirlit stofnunarinnar og eftirfylgni þess verði markvissara. Getur það leitt til þess að þvingunarúrræðum verði beitt fyrr og oftar en verið hefur.

Úrskurðir og álit 2010

Allar ákvarðanir Umhverfisstofnunar voru staðfestar en ein þeirra með breytingu

Árið 2010 úrskurðaði umhverfissráðuneytið í þremur málum sem vörðuðu kærðu á ákvörðunum Umhverfisstofnunar. Voru allar ákvarðanir Umhverfisstofnunar staðfestar en ein þeirra með breytingu.

Fyrsti úrskurðurinn fjallaði um kærðu vegna útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi handa Sorpstöð Suðurlands bs. Töldu kærundur m.a. að mengun væri yfir mörkum af starfsemi stöðvarinnar ásamt því að starfsemin væri brot á ákvæðum deiliskipulags. Ráðuneytið taldi ákvæði starfsleyfisins fullnægjandi hvað varðaði mengunarvarnir og tiltök jafnframt að teldu kærundur að ákvæðum starfsleyfisins væri ekki framfylgt gætu þeir sent Umhverfisstofnun athugasemdir sínar. Varðandi að um væri að ræða

brot á ákvæðum deiliskipulags, var það niðurstaðan sú að það er sveitarstjórn sem er valdbært stjórnvald í skipulags- og byggingarmálum og Umhverfisstofnun kemur þannig ekki að ákvarðanatöku eða eftirliti um það hvort hæðartakmörk í deiliskipulagi hafi verið virt eða ekki. Ráðuneytið taldi það hins vegar ljóst að starfsemi Sorpstöðvarinnar þyrfti einnig, auk þeirra krafna sem fram koma í starfsleyfi, að uppfylla ýmis

önnur skilyrði til þess að teljast starfa á lögum hátt, þ.m.t. skilyrði deiliskipulags. Taldi ráðuneytið því rétt að sérstaklega yrði tekið fram í starfsleyfinu að starfsemin skuli uppfylla skilyrði deiliskipulags. Því staðfesti ráðuneytið úrskurð Umhverfisstofnunar með einni breytingu á starfsleyfinu þar sem bætt var við gr. 1.1 „...og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.“

Umhverfisstofnun telur mjög eðlilegt að lögð sé aukin áhersla á tengsl ákvarðana um starfsleyfi við skipulag. Mikilvægt er að röð ákvarðanatöku sé virt í umhverfismálum. Skipulag er stjórnæki sem á að tryggja aðkomu íbúa viðkomandi sveitarfélags að stefnumótun á svæðinu. Þar eru lagðar helstu línur um þá starfsemi og landnotkun sem fram fer á svæðinu. Umhverfismat áætla er mikilvæg réttarbot sem er ætlað að leiða í ljós helstu áhrif af þeirri landnotkun sem fyrirhuguð er. Í leyfi fyrir viðkomandi starfsemi eru svo nákvæmar reglur um tilhögun þeirrar starfsemi sem heimilud er.

Annar úrskurðurinn varðaði kærðu Borgarbyggðar vegna synjunar Umhverfisstofnunar á undanþágu frá 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Þannig var mál með vexti að Borgarbyggð hafði sett fram ræktunaráætlun fyrir fólkvanginn Einkunn þar sem gert var ráð fyrir að fjórðungur þess sem ætti að planta væri innfluttar tegundir barrtrjáa og stafafura. Svo þetta væri framkvæmanlegt þurfti Borgarbyggð leyfi frá Umhverfisstofnun til

undanþágu frá reglugerðinni. Var því leyfi synjað af hálfu stofnunarinnar með hliðsjón af álit sérfræðinganeftar og sú ákvörðun staðfest af hálfu umhverfissráðuneytisins. Í kjölfar úrskurðarins þótti hins vegar rétt að taka reglur fólkvangsins um ræktun innfluttra tegunda til endurskoðunar.

Þriðji úrskurðurinn varðaði kærðu á ákvörðun Umhverfisstofnunar um heimild til útiræktunar á erfðabreyttu byggi. Fjallað var um útgáfu leyfisins í skýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2009. Um sleppingu og dreifingu á erfðabreyttum lífverum fer samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur. Ákvörðunin var kærð af félagi í lífrænni ræktun. Um umfangsmikla prófun á stjórnsýslu stofnunarinnar var að ræða þar sem ákvarðanataka í málum af þessu tagi felur í sér fremur flókna málsmeðferð og verulega skiptar skoðanir eru meðal almennings á notkun erfðabreyttra lífvera. Umhverfisstofnun leitaði álits sérfróðra aðila, tilkynnti um umsóknina samkvæmt reglum EES-samningsins og stóð fyrir kynningu á umsókninni bæði á heimasíðu og með fundum. Ákvörðun stofnunarinnar um útgáfu leyfisins og þau skilyrði sem starfseminni voru sett var staðfest. Stofnunin telur mikilvægt að þessi prófun hafi farið fram og að málsmeðferð stofnunarinnar hafi verið samþykkt. Ljóst er umræðan í samfélaginu um notkun erfðabreyttra lífvera mun halda áfram. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skilaboð löggjafans séu skýr í málaflokkum sem þessum og að vandað sé til allrar reglusetningar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skilaboð löggjafans séu skýr í málaflokkum sem þessum og að vandað sé til allrar reglusetningar



UMHVERFISSTOFNUN

GÆÐASTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

- Stefna Umhverfisstofnunar í gæðamálum er að veita úrvalsþjónustu og beita heildstærri nálgun í öllu sínu starfi
- Rík áhersla er lögð á **ábyrga** og vandaða ákvarðanatöku og að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina

stofnunarinnar. Unnið verði eftir skýrum og skilvirkum ferlum sem hafi einfalt viðmót. Stefnit er að auknu samstarfi við önnur stjórnvöld í þágu einföldunar og til að tryggja gæði þjónustunnar

- Umhverfisstofnun byggir starfsemi sína á **faglegum** styrk. Tekið er á málefnum sem berast af fjölbreyttri og víðtækri þekkingu

- Áhersla er lögð á að stofnunin njóti **trausts**
- Umhverfisstofnun vinnur að stöðugum umbótum á starfsemi sinni og stefnir að því að vera leiðandi í gæðamálum
- Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001

NOKKUÐ SKORTIR Á SKÝRLEIKA
HVAÐ VARÐAR HEIMILDIR
UMHVERFISSTOFNUNAR TIL EFTIRLITS
OG ÞVINGUNARHEIMILDA VEGNA
NÁTTÚRUVERNÐARMÁLA



Tvö mál á borði úrskurðarnefndar um hollustuhátta- og mengunarvarnarmál

Úrskurðarnefnd um hollustuhátta- og mengunarmál

Auk ofangreindra þriggja úrskurða umhverfisráðuneytisins kom til endurskoðunar á ákvörðunum Umhverfisstofnunar í tveimur tilfellum hjá úrskurðarnefnd um hollustuhátta- og mengunarvarnarmál. Í öðru málinu kærði jarðeigandi Umhverfisstofnun fyrir að gefa ekki út starfsleyfi vegna losunar úrgangs á Hólmsheiði. Málið varðaði skilgreiningu á þeirri losun sem fram fer og verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar. Í hinu tilfallinu var um að ræða að fyrirtæki kærði Umhverfisstofnun sem hafði ákveðið að viðkomandi skyldi eiga aðild að skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs. Í báðum þessara mála var um staðfestingu á ákvörðunum Umhverfisstofnunar að ræða.

Úrskurður Persónuverndar

Persónuvernd úrskurðaði í kærumáli árið 2010 þar sem einstaklingur kvartaði til Persónuverndar vegna þeirrar ákvörðunar Umhverfisstofnunar að miðla persónuupplýsingum um hann til aðila sem nýtti þær í þágu beinnar markaðssetningar. Þannig var mál með vexti að Umhverfisstofnun barst beiðni um aðgang að gögnum máls á grundvelli upplýsingalaga. Beiðnin varðaði mál hjá stofnuninni um úthlutun hreindýraveiðileyfa fyrir tiltekið ár. Stofnunin varð

við beiðni viðkomandi. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að stofnuninni hefði borið að gefa viðkomandi einstaklingi kost á að andmæla því að hún miðlaði upplýsingum um hann til annars aðila, enda hafi verið um að ræða miðlun í þágu markaðssetningar. Þar sem það hafi ekki verið gert var umrædd miðlun stofnunarinnar talin óheimil.

Persónuvernd leit svo á að um væri að ræða miðlun á viðskiptamannaskrá í tengslum við markaðssetningu. Í ljósi þessa úrskurðar mun stofnunin taka til endurskoðunar viðmið um afgreiðslu beiðna um aðgang að málum sem innihalda skrá yfir einstaklinga. Stofnunin telur úrskurðinn hins vegar ekki hafa almenn áhrif á miðlun upplýsinga um umhverfismál.

Álit umboðsmanns Alþingis

Umboðsmaður Alþingis sendi frá sér eitt álit árið 2010 sem varðaði athafnir Umhverfisstofnunar. Kvartað var til umboðsmanns vegna þeirrar afgreiðslu Umhverfisstofnunar að vísa máli til lögreglu sem varðaði meinta ólögmæta auglýsingu utan þéttbýlis, sbr. ákvæði 43. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Taldi umboðsmaður Alþingis að Umhverfisstofnun hefði borið að taka fyrst afstöðu til þess hvort um eiginlegt brot hefði verið að ræða og þá ef svo væri

að taka afstöðu til þess hvernig við því yrði brugðist. Taldi umboðsmaður að stofnunin hefði þau úrræði að krefjast úrbóta að viðlögðum dagsektum í slíkum málum þvert á áður lýsta afstöðu stofnunarinnar sem hafði ekki talið sig hafa slíka heimild varðandi meintar ólögmætar auglýsingar utan þéttbýlis.

Farið var í saumana á álit umboðsmanns innan Umhverfisstofnunar og þvingunarheimildir stofnunarinnar í náttúruverndarmálum. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að nokkuð skorti á skýrleika hvað varðaði heimildir Umhverfisstofnunar til eftirlits og þvingunarheimilda í þessum efnum. Því var lagt til að skýra heimildir Umhverfisstofnunar með einfaldri reglugerðarbreytingu. Einnig voru gerðar breytingar á ferli innan stofnunarinnar til þess að bregðast við meintum ólögmætum auglýsingum utan þéttbýlis vegna fjölda ábendinga sem berast til Umhverfisstofnunar. Leitast er við að samþætta eftirfylgni Umhverfisstofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa samkvæmt byggingarreglugerð. Hefur sú vinna nú þegar skilað talsverðum árangri í að sporna gegn slíku.

Gerðar voru breytingar á ferli innan stofnunarinnar til þess að bregðast við meintum ólögmætum auglýsingum utan þéttbýlis vegna fjölda ábendinga sem berast til Umhverfisstofnunar



UMHVERFISSTOFNUN

GILDI UMHVERFISSTOFNUNAR

Stofnunin og starfsmenn hennar hafa þrjú megingildi að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Fagmennska – tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti

Traust – Umhverfisstofnun njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnámálanna

Ábyrgð – stofnunin er ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA



UMHVERFISMERKINGAR

UMHVERFISSTOFNUN TÓK ÞÁTT Í SAMNORRÆNU
SMÁÞJÓÐAVERKEFNI UM VISTVÆN INNKAUP
ÁSAMT AÐILUM FRÁ FÆREYJUM OG
ÁLANDSEYJUM



Facebooksíða Svansins

200 manns tóku þátt í Facebook leik Svansins

Facebooksíða Svansins fór í loftið á árinu og er ætlunin að þar geti Svanurinn náð frekari útbreiðslu á ódýran og einfaldan máta. Auglýsingar voru einnig keyptar á Facebook til kynningar á Svaninum. Um haustið var Facebook-leik hleypt af stokkunum. Meginmarkmiðið með honum var að auka umferð um síðuna. Verðlaunin, sem gefin voru af Kaffitári, voru þrjú jólakassar með ýmsu góðgæti. Leikurinn fór í loftið í seinni hluta nóvembermánaðar og var dregið 17. des. Leikurinn heppnaðist vel og tóku um 200 manns þátt. Vinum Svansins á Facebook hefur fjölgað jafnt og þétt og eru þeir nú um 1700 talsins.

Vistvæn innkaup eru skynsamleg innkaup

Háar upphæðir fara í opinber innkaup á ári hverju og innkaupamáttur ríkisins er mikill. Mörkuð var stefna um vistvæn innkaup ríkisins árið 2009 og árið 2010 var komið að því að innleiða hana. Til þess að yta verkefninu úr vör var haldin ráðstefna í mars 2010 þar sem forstjóri Umhverfisstofnunar ásamt fleirum tók þátt í pallborðsumræðum. Ráðstefnan var vel heppnuð og vel sótt og markaði upphaf af innleiðingarferlinu.

Við innleiðingu á vistvænum innkaupum þarf að hafa í huga hver markmið innleiðingarinnar eru og hvernig árangur er mældur. Eitt af lykilmarkmiðum hlýtur að vera að kynna sem flestum vistvæn innkaup. Árangursríkt samstarf hófst á milli Umhverfisstofnunar og Ríkiskaupa um að heimsækja innkaupastjóra allra ríkisstofnana og kynna fyrir þeim megininntak vistvænna innkaupa. Tilgangur heimsóknanna er að kynna fyrir innkaupafólki hvað í boði er fyrir þá sem vilja stunda vistvæn innkaup og hversu mikilvægt það er að gera vistvæn innkaup að meginreglu. Hjá hverri stofnun er lögð fyrir spurningakönnun um stöðu vistvænna innkaupa til að byggja upplýsingaöflun á. Niðurstöður fyrstu heimsóknanna sýna að margt er enn

óunnið í þessum efnunum en menn eru þó oft komnir lengra en þeir gera sér sjálfir grein fyrir og langflestir allir af vilja gerðir.

Stofnunum er einnig boðið upp á örnámskeið fyrir starfsmenn sína sér að kostnaðarlausu þar sem farið er yfir það hvernig umhverfismál tengjast innkaupum og hvort um umhverfisáhrif sé að ræða af skrifstofustarfsemi. Reynt er að varpa ljósi á hvernig við getum kortlagt neyslu og hvaða markmið eru skynsamleg til að draga úr eða stjórna innkaupum. Námskeiðin veita innkaupaaðilum nauðsynlegt bakland meðal samstarfsmanna sinna með því að skapa sameiginlegan þekkingar- og umræðugrunn.

Umhverfisstofnun tók þátt í samnorrænu smáþjóðaverkefni um vistvæn innkaup ásamt aðilum frá Færeyjum og Álandseyjum. Tilgangurinn með verkefninu var að innleiða vistvæn innkaup í tveimur litlum stofnunum og skilgreina hvaða hindranir eru í innleiðingu vistvænna innkaupa í smáum starfseiningum. Innan þessa verkefnis var því farið af stað með grænt bókhald bæði hjá Umhverfisstofnun og Ríkiskaupum. Grænt bókhald snýst um að kortleggja neyslu sem hlýst af starfsemi og setja sér mælanleg, tímasett markmið út frá því. Verkefninu lýkur haustið 2011.

Svanurinn svífur vængjum þöndum

Norræna umhverfismerkið Svanurinn átti stórafmæli á árinu en merkið var stofnað fyrir tuttugu árum síðan. Á árinu 2010 tók Svanurinn mikinn vaxtarkipp og mörg frambærileg fyrirtæki sáu hag sinn í því að sigla

undir flaggi hans. Fyrirtækin brugðust af miklu kappi við auknum kröfum ríkisins um vistvæn innkaup og fundu fyrir því markaðsforskipti sem felst í því að vera með umhverfsvottaða vöru eða þjónustu. Slíkar kröfur munu eingöngu aukast á næstu árum og því er skynsamlegt að vera fyrri til að mæta komandi áherslum.

Svanurinn leggur metnað sinn í að setja fram vandaðar og strangar kröfur sem tryggja að aðeins þeir sem sýna raunverulegan metnað í umhverfismálum geti fengið Svaninn. Merkið er ekki veitt út á mat fyrirtækisins á eigin frammistöðu heldur tryggir óháður úttektaraðili fagmennsku og gagnsæi. Kröfur eru gerðar til alls framleiðsluferils vöru eða þjónustu með það fyrir augum að lágmarka umhverfisáhrif eins og hægt er. Svanurinn styður við bakið á framsækni og nýsköpun með því að herða kröfur á nokkurra ára fresti og halda öllum á tánum. Auk þess að gera kröfur um umhverfisáhrif og gæði eru kröfur um heilnæmi nokkuð fyrirferðarmiklar innan Svansins. Þá er átt við bann við notkun á ýmsum hættulegum og heilsuspillandi efnunum, ýmist við framleiðslu vörunnar eða framkvæmd þjónustunnar. Allt þetta leiðir til þess að Svanurinn er hið upplagða neytendamerki. Sérfræðipækning á efna- og umhverfismálum þarf ekki að vera til staðar til þess að menn geti valið bestu vöruna sem í boði er, neytandinn þarf bara að velja Svaninn. Með aukinni útbreiðslu og fleiri vaxtarkippum kemur brátt að því að Íslendingar, ungir sem aldnir, þekki Svaninn og vita fyrir hvað hann stendur.

Átta fyrirtæki fengu Svaninn 2010

Átta fyrirtæki fengu Svansvottun á árinu. Til þess að fyrirtæki geti fengið hana þarf það að gangast undir vottunarferli sem gengur úr skugga um að kröfurnar sem Svanurinn setur séu uppfylltar. Kröfurnar eru mismunandi eftir því hvaða þjónusta eða vara á í hlut en alltaf er miðað að því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið sem verða við framleiðslu, notkun og förgun vöru eða þjónustu.

Svanurinn auðveldar hinum almenna neytenda að þekkja vöru og þjónustu sem er umhverfisvænni án þess að leggjast í mikla rannsóknarvinnu sjálfur um bakgrunn vörunnar, framleiðsluhætti hennar og þess háttar. Svanurinn verður þannig sjálfsgöður kostur fyrir þá sem vilja stunda ábyrg innkaup.

Fyrirtækin sem fengu Svaninn á árinu voru:

Farfuglaheimilið við Vesturgötu (hótel og farfuglaheimili)

Kaffitár (veitingahús)

Hreint (ræstingapjónusta)

Svansprent (prentsmiðja)

Ísafoldarprentsmiðja (prentsmiðja)

Háskólaprent (prentsmiðja)

AP-Þrif (ræstingapjónusta)

Nostra (ræstingapjónusta)

Svanurinn leggur metnað sinn í að setja fram vandaðar og strangar kröfur sem tryggja að aðeins þeir sem sýna raunverulegan metnað í umhverfismálum geti fengið Svaninn

UMHVERFISMERKINGAR

SVANSMERKIÐ HEFUR NÁÐ GÓÐRI FÓTFESTU Á ÖLLUM NORÐURLÖNDUNUM UTAN ÍSLANDS OG MÁ SEGJA AÐ ÍSLENDINGAR HAFI SETIÐ EFTIR HVAÐ ÞETTA VARÐAR



SVANSÁTAK

Fjöldmörg fyrirtæki tóku þátt í átakinu með einum eða öðrum hætti

Umhverfismerkið Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlanda. Sem slíkt hefur það náð góðri fötfestu á öllum Norðurlöndunum utan Íslands og má segja að Íslendingar hafi setið eftir hvað þetta varðar. Vegna þessa var ákveðið á vormánuðum 2010 að blása til átaks á vegum Umhverfisstofnunar til að kynna merkið.

Átakið fór fram dagana 14.-22. maí 2010. Tilgangurinn með átakinu var að auka verðmæti merkisins með því að fjölga þeim sem þekkja merkið og kaupa svansmerktar vörur eða þjónustu. Slagorðið var: Svanurinn fyrir umhverfið og heilsuna.

Fjöldmörg fyrirtæki tóku þátt í átakinu með ýmsum hætti, s.s. með auglýsingum og greinum í sérblaði Fréttablaðsins, með því að veita verðlaun í útvarpsleik Bylgjunnar, uppsetningu á kynningarefni í verslunum og þátttöku í sýningu í Smáralind.

Föstudaginn 21. maí kom út sérblað tileinkað Svaninum með Fréttablaðinu. Blaðið var blanda af greinum um Svaninn og svansmerkta vöru og þjónustu, viðtölum við leyfishafa og aðra sem hlut eiga að máli ásamt auglýsingum.

Starfsmenn útvarpsstöðvarinnar Bylgjunnar bjuggu í samstarfi við starfsmenn Umhverfisstofnunar til kynningu á Svaninum sem leikin var sex sinnum á dag alla dagana sem átakið stóð. Þar var hlustendum einnig boðið að taka þátt í leik sem gekk út á að finna svansmerkið sem búið var að fela á heimasíðu

Bylgjunnar og með því að smella á merkið gat fólk skráð sig í leikinn. Heppnir þátttakendur voru svo dregnir úr pottinum og fengu þeir vinninga sem gefnir voru af samstarfsaðilum Svansins á Íslandi. Ásamt þessu fór fram umfjöllun um Svaninn í mörgum þáttum á Bylgjunni.

Í Smáralind var haldin sýning laugardaginn 15. maí. Þar gafst samstarfsaðilum tækifæri á að leigja bás og kynna sína vöru og þjónustu. Umhverfisstofnun prufukeyrði nýjan auglýsingavegg ásamt renningum sem notaðir verða framvegis í kynningar á Svaninum.

Vefsvæði Svansins var uppfært, bæði innihald og útlit. Síðunni var skipt í tvennt, neytendahluta og fyrirtækjahluta. Að auki var innihald endurskoðað með það fyrir augum að gera textann aðgengilegan viðkomandi markhópi. Þá var útlit allt tekið til gagngerrar endurskoðunar.

Prentað var kynningarefni sem ætlað var sérstaklega fyrir verslanir sem selja svansmerktar vörur. Hér var um að ræða svokallaðan hilludinglara, miða undir verðmerkingar, pappaskífur til að hengja upp og standa með svansfígúrunni. Að auki voru prentaðir fleiri svansbæklingar, nú í nýrri og endurbættri útgáfu. Kynningarefni var dreift í verslanir og til innflytjenda

sem nýttu það til að vekja athygli á vörum sínum. Prenta þurfti aukaupplag vegna mikillar eftirspurnar.

Gerðar voru auglýsingar og leitast við að ná sem víðtækastri dreifingu með því að nýta fjölbreytt úrval auglýsingamiðla. Prentuð voru 46 plaköt sem hengd voru upp í biðskýlum strætóstöðva á höfuðborgarsvæðinu. Stærri útgáfa var einnig prentuð í fjórum eintökum og þau plaköt hengd upp í auglýsingaturnum. Þá voru keyptar skjáauglýsingar og lesnar auglýsingar á útvarpsstöðvum RÚV, auk áður nefndrar kynningar á Bylgjunni, kynningarveggjar sem notaðar var á sýningunni í Smáralind og auglýsingar á Facebook.

Sketsakeppni framhaldsskólanema

Hugmyndin að baki sketsakeppni framhaldsskólanema var að virkja sköpunargleði og -gáfu framhaldsskólanema með því að gefa þeim kost á að kynna sér umhverfismál og Svaninn með gamansömum formerkjum. Með þessu var reynt að sporna gegn neikvæðri umræðu um umhverfismál, þ.e. að þau beri aðeins á góma þegar eitthvað fer miður. Notast var við enska orðið „sketch“ þar sem ekki finnst sambærilegt orð á íslenskr tungu. Skets á

í þessu samhengi á við leikið gamanatriði. Ekki voru gerðar kröfur um sérhæfða tæknikunnáttu og var með því leitast við að ná til ungu kynslóðarinnar sem elst upp við að hægt sé að taka upp myndbönd á síma, ljósmyndavélar o.s.frv.

Ákveðið var að gefa þátttakendum algjörlega frjálsar hendur en þrjú viðmið látin ráða þegar dæmt var: Fyndni, tenging við umhverfismál og að Svansmerkið sæist í mynd. Þrjú dómara voru í dómnefnd, þar af tveir sem komu ekki frá Umhverfisstofnun heldur eru þekkt andlit í samfélaginu, þ.e. þeir Andri Snær Magnason og Ari Eldjárn. Með þeim í dómnefnd var Elva Rákel Jónsdóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Plaköt voru send út í september og var umsóknarfrestur til 31. okt sem síðan var framlengdur um viku.

Þátttaka í keppninni var góð en 14 atríði bárust. Siguratriðið, Svanur Svansson, var sýnt í Kastljósi og er nú aðgengilegt á vef stofnunarinnar. Vonast er til að keppnin verði árlegur viðburður.

Hugmyndin að baki sketsakeppni framhaldsskólanema var að virkja sköpunargleði og -gáfu framhaldsskólanema með því að gefa þeim kost á að kynna sér umhverfismál og Svaninn með gamansömum formerkjum

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Heildarvelta Umhverfisstofnunar er samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2010 um 967 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 185 milljónir króna, markaðar tekjur eru um 146 milljónir króna og aðrar rekstrartekjur eru um 17 milljónir króna.


Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða um 49,6%. Þar á eftir koma tilfærslur, um 14,9%, húsnæðiskostnaður, um 13,4%, og aðkeypt þjónusta sem var um 10,3%. Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum, styrkir úr veiðikortastjóði og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Gjöldin lækka nokkuð milli ára og skýrist það m.a af greiðslum á síðasta ári vegna hönnunar þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi, lækkunar á arðgreiðslum vegna veiddra hreindýra auk minni umsvifa minkaveiðiátaks á Snæfellsnesi og í Eyjafirði.


Geta ber þess að uppgjörið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar að því leyti að höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur ýmis verkefni sem frestað hefur verið þó svo fjárveitingar til þeirra séu að nokkru komnar fram. Má þar m.a. nefna 15 milljónir króna vegna undirbúnings byggingar gestastofu í Snæfellsjökulspjóðgarði, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Hornstrandastofu og 20 milljónir króna vegna opunar Látrastofu.

Á meðfylgjandi skífuriti má sjá skiptingu gjalda ársins 2010 á rekstrarliði Umhverfisstofnunar.

Velta 2004-2010



Rekstrarliðir



FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála- og rekstrarsvið sinnir öllum fjármálum og bókhaldi Umhverfisstofnunar. Meðal verkefna sem tengjast því er merking reikninga og uppáskriftir, innheimta sértekna, uppgjör og kostnaðareftirlit. Ennfremur má nefna innkaup, eignaumsýslu,

kostnaðarmat á frumvörpum og reglugerðum og umsjón bankareikninga. Sviðið sinnir ennfremur gæðamálum, skjalavörslu stofnunarinnar og tölumálum. Þar að auki er öll ritaraþjónusta og símavarsla á höndum starfsmanna sviðsins.



REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2010

TEKJUR: (þús.kr.)	2010*	2009
Sértekjur	184,600	174,711
Markaðar tekjur	145,978	150,475
Aðrar rekstrartekjur	17,062	12,662
Tekjur samtals	347,640	337,848

GJÖLD:	2010*	2009
Laun og launatengd gjöld	479,361	421,364
Ferða- og fundakostnaður	57,440	62,861
Rekstrarvörur	30,791	29,101
Aðkeypt þjónusta	99,416	107,127
Húsnæðiskostnaður	129,133	142,820
Bifreiðakostnaður	10,123	6,672
Tilfærslur	143,544	161,898
Rekstrargjöld samtals:	949,808	931,843

Eignakaup	14,593	53,768
Gjöld samtals	964,401	985,611
Fjármagnsgjöld	2,501	4,950
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild	-619,262	-652,713
Framlag ríkissjóðs	593,600	603,500
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	-25,662	-49,213

Höfuðstóll í árslok	2010*	2009
Fjárheimild flutt frá fyrra ári	126,926	176,139
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	101,264	126,926

*Tölur fyrir árið 2010 eru skv. bráðabirgðauppgjöri.



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri

Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
sími 591 2000

Egilsstaðir

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 471 2964

Ísafjörður

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

Mývatn

Hraunvegji 8
660 Mývatni
sími 464 4460

Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

Snæfellsnes

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 436 6860

Vestmannaeyjar

Strandavegi 50
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000